








@tt.is

Allt tölvutengt á betra verði

NÝR BÆKLINGUR FRÁ ATT.IS FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG.



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

22. febrúar 2008 — 52. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## FÖSTUDAGUR

### Gerir stuttmynd á Íslandi



Gael Garcia Bernal nýtir Íslandsdvölina til að gera stuttmynd fyrir Sameinuðu þjóðirnar.

FÓLK 46

### Alfreð til aðstoðar



Alfreð Gíslason mun verða HSÍ innan handar í leit að hæfum erlendum landsliðsþjálfara.

ÍÞRÓTTIR 43

### Harðstjóri kveður

„Fyrsta áratuginn undir stjórn Kastrós voru milli sjö og tíu þúsund manns teknir af lífi af stjórnmálaástæðum og um 30 þúsund manns sendir í fangabúðir," skrifar Hannes Hólmsteinn Gissurarson.

Í DAG 22

# Telur Breiðavíkurdrengi eiga rétt á skaðabótum

**Skaðabótaskylda myndaðist vegna tjóns sem drengir á Breiðavíkurheimilinu urðu fyrir. Þetta er mat nefndar forsætisráðherra um starfsemi heimilisins, byggt á áliti sérfræðings í skaðabótarétti.**

**STJÓRNSÝSLA** Nefnd forsætisráðherra sem kannaði starfsemi Breiðavíkurheimilisins kemst að þeirri niðurstöðu að skaðabótaskylda stjórnvalda hafi myndast vegna þess tjóns sem drengir sem vistaðir voru á heimilinu urðu fyrir. Byggir nefndin þar á álitsgerð Viðars Más Matthíassonar, prófessors í skaðabótarétti við Háskóla Íslands. Niðurstöður nefndarinnar renna enn frekari stoðum undir að margt í starfsemi Breiðavíkurheimilisins hafi farið mjög miður.

Nefnd sem skipuð var af Geir H. Haarde forsætisráðherra í apríl 2007 til að kanna starfsemi Breiðavíkurheimilisins hefur skilað skýrslu sinni til ráðherra og verður hún kynnt í dag. Í skýrslunni, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, kemst nefndin að þeirri niðurstöðu að sannað sé að vistmenn hafi orðið fyrir illri meðferð frá starfsmönnum og öðrum vistmönnum.

„Það er ljóst að fátt ef nokkuð getur í reynd bætt þann skaða sem margir vistmenn Breiðavíkurheimilisins urðu sýnilega fyrir vegna dvalar sinnar," segir í skýrslunni, sem er nákvæm úttekt á málefnum Breiðavíkur á 359 síðum.

Nefndin leitaði til Viðars Más Matthíassonar, prófessors í skaðabótarétti við Háskóla Íslands, til að meta hvort skaðabótaskylda hins opinbera gagnvart fyrrverandi vistmönnum Breiðavíkur væri til staðar. Viðar Már telur að stofnast hafi skaðabótaskylda á því tjóni sem einstaklingar sem vistaðir voru á Breiðavík hafi orðið fyrir. Nefndin tekur það viðhorf, með nokkrum fyrirvörum. Leggur nefndin því til að stjórnvöld leggi mat á hvort og að hvaða marki verði leitast við að rétta hlut þeirra sem brotið var á með fjárgreiðslu í formi skaðabóta. Er að mati nefndarinnar talið rétt að líta til Noregs um fyrirkomulag á greiðslu slíkra bóta. Ríkinu er ekki skylt að greiða bætur til vistmanna sem dvöldu á Breiðavíkurheimilinu þar sem slíkar kröfur eru fyrndar.

Niðurstaða nefndarinnar er að hyggist íslenska ríkið greiða skaðabætur til vistmanna á Breiðavík komi tvær leiðir til greina; annars vegar að leysa úr hverju máli fyrir sig á grundvelli krafna frá þeim einstaklingum sem eiga í hlut eða að sett verði lög sem heimila að greiddar verði skaðabætur á almennum grundvelli.

Af 158 einstaklingum sem dvöldu á Breiðavíkurheimilinu eru 33 látnir og ellefu einstaklingum tókst nefndarmönnum ekki að hafa uppi á. Fordæmi eru fyrir því að ríkið greiði skaðabætur þótt ekki sé um skyldu til þess að ræða. **- shá**


FÖSTUDAGUR

### Herratískan 2008

Allt sem þú þarft að vita til þess að vera ekki púkalegur.

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG





## VEÐRIÐ Í DAG




**STÖKU ÉL VESTAN TIL** Í dag verða vestan 5-10 m/s. Stöku él vestan til en bjart með köflum eystra. Frostlaust að deginum syðra, annars frost 0-7 stig, kaldast til landsins.

VEÐUR 4



**SEXHUNDRUÐ ÞÚSUND PÁSKAEGG** Þær Elín og Soffía hjá Nóa Síríusi eru nokkuð vanar handtökunum þegar kemur að því að steypa páskaeggin enda eru framleidd um 600 þúsund páskaegg hjá Nóa Síríusi fyrir komandi páska. Eggin eru þegar farin að streyma í verslanir enda aðeins þrjátíu dagar til páska. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Bæjarstjórn Vestmannaeyja:

## Vill að ríkið grípi til aðgerða

**VESTMANNAEYJAR** Bæjarstjórn Vestmannaeyja lýsti á fundi sínum í gærkvöldi yfir þungum áhyggjum vegna stöðu mála í sjávarútvegi í Vestmannaeyjum. Segir í bókun fundarins að stöðvun loðnuveiða muni þýða 3,8 milljarða tap fyrir sjávarútveginn í Eyjum og bætist það ofan á 3,6 milljarða tap vegna niðurskurðar á þorskkvóta.

Bæjaryfirvöld leggja þunga áherslu á að ríkisvaldið grípi tafarlaust til aðgerða. Meðal þess sem lagt er til er að styrkja sjávarútveg með því að aflétta íþyngjandi álögum, styrkja fræðasvið sjávarútvegs og efla hafrannsóknir. Einnig vilja Eyjamenn að hvalveiðar verði hafnar af auknum þunga.

**- ovd /** sjá síðu 2

Kostnaðarauki vegna kjarasamninga í matvöruverslun nemur átta prósentum:

# Leggst þungt á matvöruverslun

**VIÐSKIPTI** Kostnaður verslana vegna kjarasamninga leggst einna þyngst á matvöruverslanir og eykur enn verðbólguþrýsting í þeim geira. Laun hækka mest þar sem þau hafa verið lægst, líkt og í matvörugeiranum.

„Þessir kjarasamningar koma mjög þungt niður á versluninni í landinu og lenda líklega þyngst á matvöruversluninni," segir Finnur Árnason, forstjóri Haga, sem reka Hagkaup, 10-11, Bónus og fleiri verslanir. „Nærri lagi er að kostnaðarauki okkar sé rúmlega átta prósent, sem er allt annað en gefið er í skyn í umræðum um samningana," bætir hann við.

Á fundi með fulltrúum atvinnugreina innan vébanda Samtaka verslunar og þjónustu síðdegis í gær vakti Eysteinn Helgason, framkvæmdastjóri Kaupáss, sem meðal annars rekur Nóatún og Krónuna, athygli á mismiklum áhrifum samninganna á ólík fyrirtæki.

„Þetta leggst mun þyngra á matvöruverslun en nemur þessu tæplega fjögurra prósenta meðaltali sem upp er gefið," segir Eysteinn og bætir við að það sé ljóst að mikill verðbólguþrýstingur sé í pípunum. „Það ber ekkert fyrirtæki átta til tíu prósenta launahækkun. Miklar hækkanir á vöruverði eru yfirvofandi," segir Eysteinn og bætir við að þeir sem mestar kjarabætur fái hjá Kaupási séu unglingar og erlendir starfsmenn. **- óká**

OR vill fjölbreytni í orkusölu:

## Ekki öll eggin í einni körfu

**ORKUMÁL Orkuveita Reykjavíkur vill leggja áherslu á fjölbreytni í hópi stórviðskiptavina fyrirtækisins, segir Hjörleifur B. Kvaran, forstjóri OR.**



HJÖRLEIFUR B. KVARAN

**Fyrirtækið hefur þegar samið um orku til fyrirhugaðs álvers í Helguvík.**

**„Við seljum ansi mikið af orku til álvera. Það er áhugi hjá okkur að skoða fleiri kosti," segir Hjörleifur.**

**Hann segir fjölmarga hafa lýst áhuga á orku sem upphaflega hafi verið ætluð í stækkun álvers Alcan í Straumsvík. OR telji heppilegt að hafa ekki „öll eggin í einni körfu".**

**Áður hefur Landsvirkjun lýst því yfir að fyrirtækið muni ekki selja nýjum álverum á Suðvesturlandi orku.** **- bj**





**Kompudagar í smáauglýsingunum**

18.– 29. febrúar.
Verð frá 990 kr.

Er ekki kominn tími á vorhreingerningu? Skráðu smáauglýsinguna á visir.is eða hringdu í **síma 512 5000** og seldu gamla dótið með lítilli fyrirhöfn.



## SPURNING DAGSINS



*Guðmundur, þarf ekki bara að fá Pólverja í djobbið?*

„Uppruninn skiptir ekki máli ef menn hafa það sem til þarf.“

Guðmundur Ingvarsson er formaður Handknattleikssambands Íslands sem hefur rætt við fjóra menn án þess að ná að ráða í stöðu landsliðsþjálfara. Pólverjinn Bogdan Kowalczyk þjálfaði landsliðið með góðum árangri hér fyrr á árum.

Ríkisstjórnin endurskoðar mótvægisaðgerðirnar ef loðnuveiðarnar bregðast:

# Loðnumiðin verða vöktuð

**ALÞINGI** Mótvægisaðgerðir ríkisstjórnarinnar sem boðað var til vegna niðurskurðar þorskafla verða endurskoðaðar ef loðnuvertíðin bregst algjörlega. Geir H. Haarde forsætisráðherra upplýsti það á Alþingi í gær.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, innti Geir eftir aðgerðum stjórnvalda til að mæta tekjutapi byggðanna í ljósi loðnuveiðibanns.

Sagði Geir gjörbreytta stöðu uppi ef loðnuveiðarnar fara út um þúfur.

Steingrími fundust svör Geirs heldur rýr í roðinu og mælti með því að stjórnin spýtti í lófana og gripi til aðgerða til að mæta tekjutapi fólks og sveitarfélaga sem harðast yrðu úti.

Geir og Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra upplýstu að loðnumiðin yrðu vöktuð og sagði Einar að fyndist meiri loðna gætu veiðar hafist á ný.

Ólöf Nordal Sjálfstæðisflokki lýsti áhyggjum af ástandinu enda hlypi tjónið á milljörðum og hefði áhrif á afkomu hundruða manna. Hvatti hún ráðherra til að auka hafrannsóknir um leið og hún lagði áherslu á að enginn velktist í vafa um að stjórnvöld gerðu allt sem þau gætu til að leita að loðnunni. - bþs



**EINAR K. GUÐFINNSSON** Sjávarútvegsráðherra segir að ef meiri loðna finnist geti veiðar hafist á ný. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Bandaríski herinn:

## Gervihnöttur skotinn niður

**BANDARÍKIN, AP Bandaríkjaher telur víst að brakið úr njósnahnettinum, sem skotinn var niður yfir Kyrrahafi með flugskeyti í fyrrinótt valdi hvorki skemmdum né hættu fyrir nokkurn mann á jörðu niðri.**

**Flugskeyti var í fyrrinótt skotið frá bandarísku herskipi á gervihnöttinn sem var orðinn stjórnlaus og á hægri leið til jarðar.**

**Hættan af njósnahnettinum stafaði helst af hýdrasíneldsneytinu, sem var um borð. Eldsneytistankurinn var nærri fullur og hefði getað valdið gríðarsterkri sprengingu í harðri lendingu.** - gb





GEIR H. HAARDE ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

Eining um orkufrumvarpið:

## Náðu saman á fimm mínútum

**STJÓRNMÁL** Geir H. Haarde forsætisráðherra og Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra gengu í gær frá breytingum á orkufrumvarpi hins síðarnefnda.

Eftir nokkurra vikna meðferð samþykkti þingflokkur sjálfstæðismanna frumvarpið í fyrradag með óskum um breytingar.

„Það tók svona fimm mínútur að afgreiða þetta,“ sagði Össur um fund þeirra Geirs í gærmorgun.

Að hans sögn eru breytingarnar smávægilegar og lúta til dæmis að gildistöku og tímarömmum. Ákvæði frumvarpsins um eignarhald auðlinda er óbreytt. - bþs

Skæruliðar í Kólumbíu:

## FARC hyggst sleppa gíslum

**KÓLUMBÍA, AP Talið er líklegt að kólumbíski skæruliðahópurinn FARC muni á næstu dögum eða vikum sleppa að minnsta kosti þremur kólumbískum stjórnmálamönnum sem hafa verið í haldi þeirra í yfir sex ár að því er utanríkisráðherra Frakklands.**

**FARC vill skipta á yfir 40 gíslum, þar á meðal fyrrum frambjóðandanum Ingrid Betancourt og þremur bandarískum verktökum, fyrir hundruð skæruliða í kólumbískum fangelsum.** - sdg

# Stórhætta stafar af refaveiðimönnum

**Refaveiðar í myrkri með ljóskösturum eru farnar úr böndunum, segir gamalreynd refaskytta. Fylfull hryssa sem fannst dauð með kúlugat á hausnum er talin hafa orðið fyrir barðinu á þessum veiðimönnum sem stórhætta getur stafað af.**

**LÖGREGLUMÁL** Refaveiðar í myrkri með ljóskösturum hafa stóraukist hér á landi að undanförnu, að því er reyndar refaskyttur hafa tjáð Fréttablaðinu. Veiðar af þessu tagi eru kolólöglegar og af þeim getur stafað mikil hætta séu þær stundaðar í byggð. Þær eru nú sagðar stundaðar í miklum mæli hringinn í kringum landið.

Í síðustu viku fannst fylfull hryssa dauð í stóði á Rauðkollsstöðum í Eyja- og Miklaholtshreppi. Í fyrstu var haldið að hún hefði orðið sjálfdauð, en þegar farið var að hrófla við henni til að urða hana, rann blóð úr nösum hennar. Við nánari aðgát sást gat eftir riffilkúlu á gagnauga hennar. Það er trú manna á svæðinu, eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu, að þarna hafi refaskyttur verið á ferðinni með ljóskastara og öflugan riffil. Málið var kynnt lögreglu.

> Þessir stóru rifflar eru hættuleg vopn því þeir geta drepið mann í tveggja til þriggja kílómetra fjarlægð.
>
> **SVANUR GUÐMUNDSSON**
> REFASKYTTA

Svanur Guðmundsson, sem er þaulreynd refaskytta til margra ára, segir að refaveiðar með þessum aðferðum hafi viðgengist um nokkurt skeið en nú virðist þær vera að fara úr böndunum. Spurður hvernig svona lagað fari fram segir hann að menn fari um á bílum sínum og lýsi til beggja handa.



**LÁGFÓTA** Augu refanna glitra þegar lýst er á þau í myrkri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Það eru að minnsta kosti tveir menn saman í bíl,“ útskýrir hann. „Þeir eru annað hvort með handkastara eða kastara uppi á bílnum. Þegar þeir lýsa á tófu þá er það eins og að sjá glitauga, jafnvel í margra kílómetra fjarlægð. Svo eru þeir á rúntinum og bíða eftir að hún færi sig nær veginum. Í flestum tilvikum eru þetta staðkunnugir menn sem vita hvert hún er að fara.“

Svanur segir hættu af þessum veiðiaðferðum alltaf vera fyrir hendi á byggðum svæðum því menn séu að skjóta í myrkri með öflugum rifflum. Ekki þurfi annað en að kúlan lendi á steini, þá geti hún tekið allt aðra stefnu en henni var ætlað.

„Þessir stóru rifflar eru hættuleg vopn því þeir geta drepið mann í tveggja til þriggja kílómetra fjarlægð,“ úrskýrir Svanur.

Hulda M. Magnúsdóttir á Mávahlíð í Snæfellsbæ segir að menn hafi iðulega verið að refaveiðum með ljóskastara í hlíðinni við bæinn.



**SKOTNA HRYSSAN** Hryssan sem fannst dauð á Rauðkollsstöðum reyndist vera með skotgat á gagnauga eftir öflugan riffil. Talið er að refaskyttur með ljóskastara hafi skotið hana.

„Maður veit ekki hverjir þetta eru,“ segir hún. „Um leið og settur er bíll í gang á hlaðinu þá fara þeir í burtu, þannig að við höfum misst af þeim. Það er ómögulegt að þetta skuli viðgangast. Ég er svo hneyksluð á þessu framferði að ég á ekki til orð.“

jss@frettabladid.is



**TF-LÍF Á FLUGVELLINUM Í EYJUM** Þyrla Landhelgisgæslunnar kom við í Vestmannaeyjum til að taka eldsneyti. MYND/ÓSKAR FRIÐRIKSSOON

Leita að flugmanni við Ísland:

## Flugvél í sjóinn austur af Höfn

**LEIT** Þyrla og flugvél frá Landhelgisgæslunni leituðu auk breskrar Nimrod-flugvélar í gær að flugmanni eins hreyfils flugvélar af gerðinni Piper PA28 sem hvarf af ratsjá laust fyrir hálf tólf í gærmorgun. Var vélin þá stödd um 130 sjómílur suðaustur af Hornafirði.

Vélin, sem skráð er í Bandaríkjunum, fór frá Reykjavík klukkan hálf tíu í gærmorgun og var ferðinni heitið til Wick í Skotlandi. Gervihnöttur nam merki frá neyðarsendi vélarinnar laust fyrir hádegið í gær.

Aðstæður til leitar eru mjög erfiðar, mikill vindur og ölduhæð sjö til níu metrar. Varðskip kom á svæðið um klukkan níu í gærkvöld og hélt það leitinni áfram í nótt. Fokker-flugvél Landhelgisgæslunnar hóf svo aftur leit í birtingu í morgun. - ovd

**REYKJAVÍK**

### Björn Ingi kvaddur í Höfða

Kveðjuhóf var haldið í gær fyrir Björn Inga Hrafnsson, fyrrverandi borgarfulltrúa, sem lét af embætti nýverið. Björn sat í borgarstjórn frá síðustu kosningum.






John McCain sakaður um framhjáhald í miðri kosningabaráttunni:

## Segir ekkert hæft í ásökunum

**BANDARÍKIN, AP** John McCain neitar að hafa átt í ástarsambandi við Vicki Iseman, fertuga konu sem starfar við hagsmunagæslu fyrir ýmis fyrirtæki og samtök í Washington-borg.

„Ég er mjög vonsvikinn út af þessari grein. Það er ekkert hæft í þessu,“ sagði McCain í gær, og vísaði þar í grein í dagblaðinu New York Times þar sem sagt er frá grun um framhjáhald hans með Iseman.

New York Times fullyrðir að sumir helstu ráðgjafar McCains hafi verið sannfærðir um að samband hans við Iseman væri orðið að ástarsambandi.

Blaðið segir ráðgjafana þeirrar skoðunar að jafnvel þótt samband þeirra væri bara vinátta, eins og þau bæði halda fram, gæti það varpað skugga á orðspor McCains. Vandinn sé sá að McCain sé formaður þingnefndar sem oft fái til afgreiðslu mál sem varði hagsmuni þeirra samtaka eða fyrirtækja sem Iseman taki að sér.

Árið 1999 skrifaði McCain tvö bréf til þingnefndar þar sem hann bar fram erindi fyrir hönd fyrirtækis sem Iseman hafði á sinni könnu. McCain hafði þá nýlega fengið tuttugu þúsund dala framlag frá þessu fyrirtæki í kosningasjóð sinn. - gb



**VICKI ISEMAN** Segir ekkert athugavert við vináttu þeirra McCains. NORDICPHOTOS/AFP

ISUZU D-MAX

ISUZU

# PALLBÍLL MEÐ HÚSI Á FRÁBÆRU VERÐI

## KOMDU OG REYNSLUAKTU SJÁLFSKIPTUM 3.0 LÍTRA DÍSIL ISUZU D-MAX

Nýr Isuzu D-Max er einn hagstæðasti og best útbúni farkostur sem völ er á. Ný aflmikil 3.0 lítra dísilvél með 3000 kg dráttargetu, aksturstölva, ABS-hemlakerfi, þokuljós, hraðastillir, útvarp og geislaspilari með 6 hátölurum, loftkæling og margt fleira. Nú fæst Isuzu D-Max með pallhúsi á frábæru verði.

**ISUZU D-MAX MEÐ HÚSI**

aðeins: **2.990.000 kr.** sjálfskiptur



| GERÐU SAMANBURÐ | Isuzu D-Max | Hilux |
|---|---|---|
| Vélarstærð | 3.0 l | 3.0 l |
| Hámarkstog (Nm/snm) | 360/1.800-3.600 | 343/1.400-3.400 |
| Dráttargeta (tengivagn m. hemlum) | 3.000 kg | 2.250 kg |
| Verð með sjálfskiptingu | 2.890.000 kr. | 3.455.000 kr. |

**35" BREYTTUR MEÐ HÚSI**

aðeins: **3.780.000 kr.** sjálfskiptur

ENNEMM / SÍA / NM32178



## Góð þjónusta á nýju verkstæði

Starfsfólk Ingvars Helgasonar ehf. hefur á undanförnum árum unnið stöðugt að því að bæta þjónustu við viðskiptavini sína. Nýlega opnaði þjónustudeildin eitt fullkomnasta og best búna þjónustuverkstæði landsins með yfir 30 vinnustöðvar. Á nýja þjónustuverkstæðinu starfar samheldinn hópur frábærra fagmanna sem hefur það að leiðarljósi að veita skjóta og góða þjónustu sem hentar mismunandi þörfum ört vaxandi hóps viðskiptavina.

IH INGVAR HELGASON

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940 - Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808

## GENGIÐ 21.02.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 66,92 | 67,24 |
| Sterlingspund | 130,98 | 131,62 |
| Evra | 98,59 | 99,15 |
| Dönsk króna | 13,225 | 13,303 |
| Norsk króna | 12,53 | 12,604 |
| Sænsk króna | 10,583 | 10,645 |
| Japanskt jen | 0,6184 | 0,622 |
| SDR | 105,88 | 106,52 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
129,9141

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Atli Gíslason harmar fáar sakfellingar í nauðgunarmálum og leggur til breytingar:

# Áhersla á aðferð verði felld úr lögum

**ALÞINGI** „Hvaða kona sem kemur inn á neyðarmóttöku með niðurgang, uppköst, svitaköst, hræðsluköst og talar samhengislaust – hvaða kona sem svo er ástatt um er að koma úr sjálfviljugum kynmökum?“

Þannig spyr Atli Gíslason, þingmaður VG, sem hefur lagt fram frumvarp sem miðar að því að gerendur í nauðgunarmálum megi sakfella á grundvelli afleiðinga gjörða þeirra.

„Ég vil beina augum réttarvörslukerfisins að afleiðingum brotsins sem eru sönnun þess rétt eins og lík er sönnun morðs og nefbrot er sönnun líkamsárásar,“ segir Atli.



**ATLI GÍSLASON** Vill að dæmt verði í nauðgunarmálum á grundvelli afleiðinga, ekki verknaðaraðferð.

Í gildandi lögum segir að um nauðgun ræði þegar kynferðismök fari fram með ofbeldi eða hótunum. Viðurlög eru fangelsisvist í eitt til sextán ár. Atli segir að í takt við lagatextann einblíni dómarar á verknaðaraðferðina og því verði að breyta lögunum. Tillaga hans er einföld, í lögum á að standa „hver sem gerist sekur um nauðgun skal sæta fangelsi ekki skemur en tvö ár og allt að sextán árum“.

Greinargerð frumvarpsins er óvenjulöng og ítarleg, alls fjórtán blaðsíður. Í henni kemur fram að árið 2003 bárust 103 kærur vegna nauðgana, ákært var í sextán málum en sakfellt í fimm. - bþs

Jarðskjálfti við Svalbarða:

# Sterkari skjálfti aldrei mælst

**NOREGUR, AP** Öflugur jarðskjálfti varð skammt frá Svalbarða í fyrrinótt. Skjálftinn mældist 6,2 á Richter og er sá sterkasti sem mælst hefur á þessum slóðum.

„Þetta er afar sjaldgæft,“ sagði Conrad Lindholm, jarðskjálftafræðingur í Noregi.

Upptök skjálftans voru um 140 kílómetra suðaustur af Longyearbyen, 1.800 manna bæjarfélagi á Svalbarða. Engar skemmdir urðu, en íbúarnir fundu vel fyrir hamförunum.

„Ég vaknaði vegna þess að rúmið mitt hristist og allt skalf í húsinu,“ sagði Herdis Lien, íbúi í Longyearbyen. - gb

Enginn fundur verið boðaður:

# Stjórnlaust REI í eina viku enn

**ORKA** Fundur hefur enn ekki verið boðaður um REI hjá stjórn Orkuveitunnar og því torséð að fundað verði í vikunni.

Til stóð að halda aukafund um REI og ganga frá kjöri stjórnar í vikunni en stjórnarformannslaust hefur verið frá áramótum þegar Bjarni Ármannsson hætti.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins stafar töfin af ólíkum hugmyndum um framtíðarstjórnun fyrirtækisins innan nýs meirihlutasamstarfs. Sumir telji REI-skýrsluna binda hendur meirihlutans þannig að einungis stjórn OR geti í raun stýrt REI. Aðrir telji svið fyrirtækjanna of ólík til að svo geti orðið. - kóp



**EINANGRUNARVIST Í FÆREYJUM** Íslendingurinn sem situr í fangelsi í Færeyjum, grunaður um hlutdeild í Pólstjörnumálinu, getur átt yfir höfði sér allt að tíu ára fangelsi.

# Einangrunarfangi getur fengið tíu ár

**Íslendingurinn sem setið hefur í einangrun í fangelsi í Færeyjum mánuðum saman getur átt yfir höfði sér allt að tíu ára fangelsisdóm, að sögn saksóknara þar. Gæsluvarðhald yfir honum rennur næst út 7. mars. Málsmeðferð hefst 7. apríl.**

**LÖGREGLUMÁL** Íslenski karlmaðurinn sem situr í einangrun í fangelsi í Færeyjum getur fengið allt að tíu ára fangelsi verði hann dæmdur fyrir fleiri en eitt brot. Þetta segir Linda Margarete Hasselberg, saksóknari í máli mannsins.

Íslendingurinn, sem er um þrítugt, var tekinn í tengslum við Pólstjörnumálið með tvö kíló af fíkniefnum sem voru í skottinu á bíl hans. Jafnframt verður hann ákærður fyrir hlutdeild í því máli í heild sinni, þar sem gerð var tilraun til að smygla um fjörutíu kílóum af fíkniefnum með skútu hingað til lands. Skútumennirnir höfðu viðdvöl hjá manninum í Færeyjum á leið sinni hingað.

Íslendingurinn hefur verið í einangrunarvist í fangelsinu frá 18. september síðastliðnum, að einum mánuði undanskildum. Þá var hann í opinni gæslu, en var síðan settur aftur í einangrun. Gæsluvarðhaldsvist hans rennur út 7. mars, að sögn saksóknara, en þá verður maðurinn leiddur fyrir dómara á nýjan leik. Hann hefur ætíð kært úrskurð undirdóms, en æðra dómstig staðfest hann. Málsmeðferð hefst 7. apríl.

Saksóknari segir ljóst að maðurinn verði að minnsta kosti dæmdur í fjögurra ára fangelsi. Því sé kviðdómur kallaður saman til að úrskurða um sekt hans eða sakleysi. Komist kviðdómur að þeirri niðurstöðu að Íslendingurinn sé sekur um fleiri en eitt lagabrot, vörslu fíkniefna og hlutdeild í öllu smyglmálinu getur hann fengið allt að fimmtán ára fangelsi. Saksóknari kveðst þó ekki hafa trú á að refsidómurinn verði svo þungur, en maðurinn geti hlotið allt að tíu ára fangelsi verði hann sekur fundinn um fleiri en eitt brot gegn lögum.

Spurður hvernig fylgst sé með líðan mannsins í þessari löngu einangrunarvist segir saksóknari að starfsmenn á vegum embættisins fylgist með henni. Ekki hafi borist neinar upplýsingar aðrar en þær að allt sé í lagi með hann miðað við að hann sé í einangrun sem vissulega sé álag.

Íslendingurinn hefur búið í Færeyjum um skeið og á þar fjölskyldurætur. Hann hefur verið við vinnu en á ekki afbrotaferil að baki þar.

Maðurinn á yfir höfði sér brottvísun og innkomubann í Færeyjum eftir afplánun dóms sem kveður á um tveggja ára fangelsisvist eða meira. jss@frettabladid.is



**DÆLT Á** Eldsneytisverð er í sögulegu hámarki um þessar mundir.

Gjaldtaka ríkisins af eldsneyti:

# Álögur á bensín í endurskoðun

**ALÞINGI Gjaldtaka ríkisins af eldsneyti er til heildarendurskoðunar á vegum fjármálaráðuneytisins.**

**Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði á Alþingi í gær engar ákvarðanir fyrirliggjandi um að lækka álögur hins opinbera á bensín og dísilolíu. Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, spurði hann út í málið.**

**Um leið og Geir greindi frá endurskoðuninni sagði hann málið umdeilt, sumir vildu lækka þessar álögur til að lækka flutningskostnað en aðrir vildu að vegfarendur borguðu í samræmi við hve illa bílar þeirra færu með vegina.** - bþs



**GUÐNI ÁGÚSTSSON** formaður Framsóknarflokksins.

Formaður Framsóknarflokksins:

# Vill upplýsingar úr Seðlabanka

**STJÓRNMÁL Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, hefur skrifað Seðlabankanum bréf þar sem leitað er álits sérfræðinga bankans á stöðu þjóðarbúsins.**

**Guðni greindi frá þessu á Alþingi í gær.**

**Sagði hann bréfið skrifað í nafni þingflokks framsóknarmanna og að leitað væri álits á mörgum sviðum þjóðarbúsins. Kvað hann þá leið eina kostinn þar sem Þjóðhagsstofnun hefði verið lögð niður. Upplýsingar væri því ekki að fá annars staðar frá.** - bþs

## HAGTÖLUR

### Launavístala hækkar

Hagstofa Íslands mældi 1,3 prósenta hækkun á launavísitölu milli janúar og desember. Vísitalan hefur hækkað um 6,2 prósent á tólf mánuðum.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Reyndi að ræna snyrtistofu

Karlmaður um þrítugt reyndi að ræna fótaaðgerðastofu á Hverfisgötu í gær. Hrinti maðurinn afgreiðslukonu og heimtaði peninga. Afgreiðslukonan flúði og hvarf þá maðurinn af vettvangi. Hann var handtekinn skömmu síðar.


MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI




Er mikið álag í vinnunni?

*LGG+ er fyrirbyggjandi vörn!*

Oft koma fyrstu einkenni streitu fram sem stöðug þreyta og óþægindi í maganum og ónæmiskerfið starfar af minni krafti en áður. Rannsóknir sýna að LGG+ vinnur gegn þessum neikvæðu áhrifum og dagleg neysla þess tryggir fulla virkni.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson
Veðurfræðingur

**LAUGARDAGURINN**
Á laugardagsmorgun kemur lægð upp að sunnanverðu landinu. Henni fylgir nokkuð hvass vindur, fyrst suðvestan til. Þessari lægð fylgir úrkoma, slydda syðst, annars snjókoma. Snjókomubeltið nær síðan norður yfir heiðar síðdegis með skafrenningi og slæmu skyggni.




**Á MORGUN** 10-18 m/s, hvassast sunnan til um hádegi.

**SUNNUDAGUR** 10-15 m/s með ströndum, annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 7° |
| Billund | 8° |
| Ósló | 3° |
| Stokkhólmur | 6° |
| Gautaborg | 7° |
| London | 14° |
| París | 13° |
| Frankfurt | 12° |
| Friedrichshafen | 9° |
| Berlín | 12° |
| Alicante | 18° |
| Mallorca | 15° |
| Basel | 12° |
| Eindhoven | 14° |
| Las Palmas | 20° |
| New York | 0° |
| Orlando | 28° |
| San Francisco | 12° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Hafðu það gott um helgina!




Ferskar
**kjúklingalundir**




**Lambafille með fitu**
- úr kjötborði




**Kryddlegið lambalæri**
- frá Íslandslambi




**Nautaribeye**
- úr kjötborði




**Fersk bleikja**
- úr fiskborði







**Jarðaber í hjartalaga öskju**
- sprauturjómi fylgir með í kaupbæti




**Toppur**
- létt kolsýrður



**Tertur,** beint úr kæli 3 teg.
- tiramisu, mangó passion og hindberja

Gildir til 24. febrúar eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**KJÖRKASSINN**



*Vilt þú leyfa fjárhættuspil á Íslandi?*

| | |
|---|---|
| Já | 36,6% |
| Nei | 63,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú sátt(ur) við reykingabann á veitingastöðum?*

Segðu skoðun þína á Vísir.is

VÍSIR

Þingmaður Framsóknarflokksins verður ekki ákærður fyrir spilamennskuna:

# Ekki ólöglegt að spila póker

**LÖGREGLAN** Birkir Jón Jónsson, þingmaður Framsóknarflokksins, verður ekki ákærður af lögreglunni þótt hann hafi opinberlega viðurkennt að hafa unnið peninga með því að spila póker um síðustu helgi. Pókerspil er enda leyfilegt.

Friðrik Smári Björgvinsson yfirlögregluþjónn tekur fram að hann hafi ekki skoðað mál þingmannsins til hlítar og geti því ekki tjáð sig um það sem slíkt.

Hins vegar blasi við að samkvæmt almennum hegningarlögum megi ekki hafa af því atvinnu að stunda eða hvetja til fjárhættuspils eða halda úti spilavíti. Því sé í raun leyfilegt að halda pókermót, að því gefnu að um áhugamenn sé að ræða og húsráðandi eða mótshaldari græði ekki á því. Ekki standi í lögum að bannað sé að spila póker sem slíkan.

„Og svo er póker ekki endilega það sama og fjárhættuspil," segir Friðrik.

Hann sjái því ekki ástæðu til þess að rannsaka atferli þingmannsins nánar.

Þess ber að geta að Jón H. B. Snorrason aðstoðaryfirlögregluþjónn stöðvaði pókermót í sumar sem leið og sagði þá að mótið væri talið varða við hegningarlög.

Sambærilegt fyrirkomulag mun hafa verið á mótinu sem þingmaðurinn sótti um helgina. Ekki náðist í Jón H. B. Snorrason. - kóþ



**SPILAPENINGAR** Áhugamenn um póker geta vísað til þess að gildandi lög gera bingó og bridds í raun „ólöglegra" en ýmsar gerðir pókers. Þegar þeir virðulegu leikir fara fram hagnast til að mynda húsráðandi allajafna. NORDICPHOTOS/GETTY

Valdaskipti í kjölfar kosninga:

# Stjórn mynduð í Pakistan

**PAKISTAN, AP** Tveir stærstu stjórnarandstöðuflokkar Pakistan hafa náð samkomulagi um stjórnarsamstarf eftir að þeir fengu mest fylgi flokka í kosningunum á mánudaginn.

Leiðtogar flokkanna, Asif Ali Zardari, ekkill Benazir Bhutto, og Nawas Sharif, tilkynntu á sameiginlegum blaðamannafundi í gær um samstarfið og að smáflokkurinn Awami-þjóðarflokkurinn ætti einnig aðild að stjórninni.

Þeir forðuðust þó að tjá sig um hvort kallað yrði eftir afsögn Pervez Musharraf forseta. - sdg

Sigurður Kári ósáttur við skrif:

# Össur biðji Gísla afsökunar

**STJÓRNMÁL** „Mér finnast þessi skrif vera fyrir neðan allar hellur," segir Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins um skrif Össurar Skarphéðinssonar, iðnaðarráðherra um Gísla Martein Baldursson, borgarfulltrúa á heimasíðu ráðherrans. Fer Össur þar óvægnum orðum um Gísla Martein.



**SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON**

Sigurði finnst ummælin vera „ótrúlega rætin".

„Ég sætti mig ekki við að ráðherra í ríkisstjórn sem ég styð fjalli með þessum hætti um einn af forystumönnum okkar í Reykjavík. Mér finnst eðlilegt og geri kröfu um að hann biðjist afsökunar á þessum orðum sínum," segir Sigurður Kári. - ovd

Sköfumálið í sundlauginni:

# Starfsmanni var veitt tiltal

**LÖGREGLUMÁL Starfsmanni þeim í íþróttahúsinu í Borgarnesi sem notaði sköfu til að ná sex ára dreng úr sturtunni hefur verið veitt tiltal vegna rangra viðbragða hans við óþekkt drengsins. Málið er nú í föstu ferli.**

**Þetta segir Indriði Jósafatsson, íþrótta- og æskulýðsfulltrúi Borgarbyggðar. Hann er yfirmaður íþróttahússins.**

**Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær óhlýðnaðist drengurinn þegar hann átti að fara úr sturtunni. Starfsmaður í íþróttahúsinu notaði þá sköfu til þess að koma honum undan bununni með þeim afleiðingum að sá á drengnum. Hann fékk áverkavottorð og málið var kært til lögreglu.** - jss

# Oddvitarnir laumuðu sér út um bakdyrnar

**Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóraefni sjálfstæðismanna, Hanna Birna Kristjánsdóttir, forseti borgarstjórnar, og Ólafur F. Magnússon véku sér undan blaðamönnum er þau fóru bakdyramegin út eftir fund sinn í Ráðhúsinu í gær.**

**SVEITARSTJÓRNIR** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Hanna Birna Kristjánsdóttir og Ólafur F. Magnússon funduðu sérstaklega í bakherbergi eftir borgarráðsfund í gær.

Fundarefni borgarfulltrúanna þriggja er ekki vitað enda laumuðust þeir út um bakdyr eftir að þeir urðu þess áskynja að fjölmiðlamenn vildu ná af þeim tali. Hanna Birna, sem er forseti borgarstjórnar, hafði áður gefið sig á tal við fulltrúa fjölmiðlanna til að stugga þeim frá tómum borgarráðssalnum. Þegar Hönnu Birnu var sagt að blaðamenn vildu ná tali af henni og Vilhjálmi sagði hún fund vera í gangi sem myndi standa lengi. Stuttu síðar upplýsti bílstjóri forseta borgarstjórnar að fundarmenn væru á bak og burt.

Gísli Marteinn Baldursson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, sem komið hafði fyrstur út af borgarráðsfundinum, kvaðst ekkert hafa að segja um skoðanakönnun Capacent um fylgi við hugsanleg borgarstjóraefni Sjálfstæðisflokksins. „Ég er ekki búinn að kynna mér hana. Ég veit ekki hver gerði hana og er ekki búinn að sjá nema hráar tölur," sagði Gísli, sem harðneitaði að svara fleiri spurningum.

„Hún talar bara sínu máli," sagði Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, um skoðanakönnun Capacent. Aðspurður sagði Kjartan enn fremur að ekkert væri að frétta af borgarstjóramálum sjálfstæðismanna. „Nei, Vilhjálmur er bara að hugsa sinn gang," svaraði hann.

Eftir að Gísli Marteinn og Kjartan höfðu gengið af borgarráðsfundi kom Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar, fram úr fundarsalnum. Dagur sagðist telja stöðuna innan borgarstjórnarmeirihlutans hamla eðlilegri starfsemi borgarinnar. „Fjölmiðlar eru ekki einir um að ná ekki tali af forsvarsmönnum meirihlutans. Það eru margir aðrir sem eiga brýn erindi við borgaryfirvöld sem fá engin svör," sagði Dagur.

Fyrir utan Ólaf, Vilhjálm og Hönnu Birnu kom Óskar Bergsson, borgarfulltrúi framsóknarmanna, síðastur út af borgarráðsfundinum. Sagði hann þá aðspurður að þau þrjú væru þar enn innan dyra á fundi. „Ég held að þau séu á sjálfsstyrkingarnámskeiði," sagði borgarfulltrúinn.

gar@frettabladid.is



**BORGARRÁÐSHERBERGIÐ** Oddvitar meirihlutans í borgarstjórn funduðu áfram í bakherbergi eftir borgarráðsfund í gær. Að þeim fundi loknum hurfu þeir á braut út um bakdyr meðan blaðamenn biðu þeirra fyrir framan borgarráðsherbergið. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



**KJARTAN MAGNÚSSON** Sagði Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson enn vera að hugsa sinn gang.



**ODDVITAR SJÁLFSTÆÐISMANNA** Hanna Birna og Vilhjálmur Þ. í borgarstjórnarkosningum 2006.



**ÓSKAR BERGSSON** Sagði þremenninga á sjálfsstyrkingarnámskeiði.

Lögreglan lýsir eftir stúlku:

# Nadja Karitas Gulla Hallström

**LEIT Lögreglan á Akureyri lýsir eftir 14 ára gamalli stúlku, Nadju Karitas Gullu Hallström. Nadja fór frá Dalvík fyrir hádegi á miðvikudaginn og er talið að hún hafi farið til Reykjavíkur.**



**NADJA KARITAS GULLA HALLSTRÖM**

**Nadja er grannvaxin, um 167 sentímetrar að hæð með stutt, tjásuklippt, dökkt hár og var klædd í dökkar gallabuxur og svarta hettupeysu með hvítum myndum og í strigaskóm.**

**Þeir sem kunna að vita um ferðir hennar eða hvar hún er niðurkomin eru beðnir um að hafa samband við lögregluna á Akureyri í síma 464-7705.**

Ramos-Horta á batavegi:

# Kominn til meðvitundar

**ÁSTRALÍA, AP** Jose Ramos-Horta, forseti Austur-Tímors, er kominn til meðvitundar á sjúkrahúsi í Ástralíu. Hann er á hægum batavegi, en læknar segja mánuði geta liðið áður en hann nær sér að fullu.

„Ég held að Ramos-Horta forseti hafi einhvern skilning á því hvers vegna hann er hér og hvaða afleiðingar það hefur," sagði Paul Goldrick, læknir á gjörgæsludeild sjúkrahússins. Hann sagði Ramos-Horta þó enn vera „auman og syfjaðan".

Ramos-Horta var fluttur á sjúkrahús í borginni Darwin í Ástralíu eftir að reynt var að ráða hann af dögum á Austur-Tímor fyrr í mánuðinum. Hann hefur gengist undir fimm skurðaðgerðir. - gb




Seinagangur við einkavæðingu slóvenska símans reynir á þolinmæði bjóðanda:

# Skipti hótuðu að hætta við

**VIÐSKIPTI** Skipti, móðurfélag Símans, hótuðu að draga sig út úr viðræðum um kaup á slóvenska landsímanum, með bréfi sem sent var utan á föstudag. Þetta kemur fram í yfirlýsingu sem nefndin sendi frá sér að loknum löngum fundi í fyrradag.

Fyrir fram var búist við því að ákvörðun yrði tekin um hvort Skipti, móðurfélag Landsímans, eða tveir fjárfestingarsjóðir, fengju að kaupa slóvenska landsímann, Telekom Slovenije.

Skipti hafa nú um margra vikna skeið beðið niðurstöðu nefndarinnar. „Við skrifuðum einkavæðingarnefndinni bréf á föstudag. Fundur nefndarinnar var öðrum þræði viðbrögð við því," segir Pétur Óskarsson, upplýsingafulltrúi Skipta.

Einkavæðingarnefndin segir í yfirlýsingunni að meta þurfi verðmæti hluta í Skiptum sem boðnir séu fyrir slóvenska símann. Þá sé báðum bjóðendum gefinn kostur á að endurskoða tilboð sín fyrir lok mánaðarins.

Til stóð að skrá Skipti á hlutabréfamarkað hér fyrir áramót, en því var frestað fram í mars vegna viðræðna um kaup á slóvenska símanum. - ikh




**SÍMINN** Móðurfélagið Skipti hótaði að draga sig út úr viðræðum um kaup á slóvenska símanum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

PARKET | FLÍSAR | MÁLNING | HREINLÆTISTÆKI | VERKFÆRI

PLASTPARKET
frá 300 kr.
m2

VEGGFLÍSAR
frá 790 kr.
m2

FLÜGGER HÖRPU-
SKIN 10, 10 LTR.
4.190 kr.

# TILBOÐSDAGAR

## í Mest Norðlingaholti



Mest Norðlingabraut 12 • Norðlingaholti, Reykjavík
Sími 4 400 100 • Fax 4 400 111 • mest@mest.is • www.mest.is

mest
– allt til framkvæmda

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** *Hver hannaði föt Mette-Marit krónprinsessu Noregs sem hún klæddist við afhendingu Nóbelsverðlaunanna í desember?*

**2.** *Hvaða þjálfara í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu var hótað lífláti á dögunum?*

**3.** *Hvert er millinafn bandaríska forsetaframbjóðandans og demókratans Baracks Obama?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 46

Grétar Mar Jónsson, þingmaður Frjálslynda flokksins, um loðnuveiðar:

# Vill láta banna flottroll

**SJÁVARÚTVEGUR** „Það sem yfirvöld ættu að gera er að banna alla flottrollsveiðar á loðnu og svo yrðu menn að fara varlega í loðnuveiðar á næstu árum,“ segir Grétar Mar Jónsson, þingmaður Frjálslynda flokksins. Hann segir flottrollsveiðar hafa eyðilagt loðnustofninn og því ætti að banna trollin að minnsta kosti næstu tíu árin.

Harðar umræður hafa oft skotið upp kollinum hjá sjó- og útgerðarmönnum um flottrollsveiðar á loðnu og síld en þeir sem leggjast gegn þeim segja að einungis 15 til 20 prósent af þeim fiski sem verði á vegi hennar endi í trollinu en stór hluti af þeim fiski sem geri það ekki fari til spillis.



**LOÐNUVEIÐAR** Margar spurningar vakna þegar loðnustofninn virðist vera að hruni kominn. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

„Margir loðnuskipstjórar segja mér að ástandið sé þannig að það ætti bara að stoppa loðnuveiðar í tvö ár,“ bætir hann við. Aðspurður hvort þörf sé á mótvægisaðgerðum til handa þeim sem orðið hafa fyrir áfalli vegna hruns loðnustofnsins segir hann „mótvægisaðgerðirnar sem stjórnvöld fóru í vegna skerðingar á þorski eru ein misheppnaðasta aðgerð sem farið hefur verið í þar sem sjómenn báru ekkert úr býtum og ekki heldur fiskvinnslufólk. Það þyrfti hreinlega nýja fiskveiðistjórnun og ég er bara nokkuð bjartsýnn á að hugmyndin sem Ingibjörg Sólrún Gísladóttir lagði fram í fyrradag geti verið vísirinn að því.“ - jse

Munur á flugfargjöldum:

# Hægt að kaupa ódýrari miða

**NEYTENDUR** „Það er ekki rétt að halda því fram að almennt sé miklu ódýrara að bóka flug með Atlantic Airways, en með Flugfélagi Íslands,“ segir Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands. Fram kom í Fréttablaðinu í gær að upp undir tuttugu þúsund króna munur getur verið milli Flugfélagsins og Atlantic á Flugsæti til Færeyja.

Árni segir dæmi um að ferðir með Flugfélaginu séu jafnvel átta þúsund krónum ódýrari. „Við hvetjum fólk til að bera verðin saman. Flugfélag Íslands stendur fyllilega undir þeim samanburði.“ - ikh

Einingaverksmiðjan Borg:

# Úr Kópavogi í Mosfellsbæ

**ATVINNULÍF Einingarverksmiðjan Borg í Kársnesi í Kópavogi hefur óskað eftir lóð í Mosfellsbæ.**

**Eins og kunnugt er hefur verið stirt á milli eigenda Borgar annars vegar og íbúa í Kársnesi og bæjaryfirvalda í Kópavogi hins vegar. Íbúarnir segja mengun og ónæði frá verksmiðjunni og bæjaryfirvöld telja fyrirtækið reka steypustöð án tilskilinna leyfi. Þessu hafa eigendur Borgar mótmælt. Bæjaráð Mosfellsbæjar hefur falið bæjarstjóranum að funda með forsvarsmönnum Borgar.** - gar

**HVALFJARÐARSVEIT**

### Sveitarstjóri hættir

Einar Örn Thorlacius, sveitarstjóri Hvalfjarðarsveitar, hefur sagt starfi sínu lausu.

Íslensk heilsuverndarviðmið um brennisteinsvetni í andrúmslofti eru ekki til:

# Mengunin yfir erlend viðmið

**UMHVERFISMÁL** Engin heilsuverndarmörk eru til fyrir almenning á Íslandi um brennisteinsvetnismengun og slík mengun er yfirleitt einungis metin á vinnustöðum.

Mengunin í Reykjavík hefur þó margoft farið yfir erlend viðmið, til dæmis þau sem eru í Kaliforníuríki í Bandaríkjunum, og einnig yfir heilsuverndarmörk Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar.

Þorsteinn Jóhannsson, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun, bendir á að í Reykjavík hafi lyktin farið allt upp í 175 µg/m3, eða míkrógrömm á rúmmetra lofts.

Þegar brennisteinsvetni í andrúmslofti er 7 µg/m3 finna þeir næmustu af því lykt. Í Kaliforníu eru lyktarmörk eða ónæðismörk brennisteinsvetnismengunar sett við 42 µg/m3 og heilsuverndarviðmið Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar, WHO, eru 150 µg/m3. Á Íslandi eru viðmið Vinnueftirlitsins 14.000 µg/m3.

**BRENNISTEINSVETNI**

**Vikumeðaltöl smk. mælingum á Grensásvegi árið 2006**




Vinnuverndarmörk gera ráð fyrir að verkamaðurinn sé fullhraustur og einungis í snertingu við mengunina á vinnutíma. Heilsuverndarmörk vernda hins vegar heilsu hinna viðkvæmustu og hvar sem þeir eru staddir.



**HELLISHEIÐARVIRKJUN** Lítið er vitað um langtímaáhrif brennisteinsvetnismengunar á fólk. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Umhverfisstofnun hefur vakið athygli á skorti á heilsuverndarmörkum á Íslandi.

Ekki náðist í Þórunni Sveinbjarnardóttur umhverfisráðherra. - kóþ




Verð frá
3.150.000 kr.
BEINSKIPTUR

STÖÐUGLEIKASTÝRING – SPÓLVÖRN – SUPER SELECT® 4X4 DRIFBÚNAÐUR
LOFTKÆLING – HITI Í SÆTUM – FULLKOMIN AKSTURSTÖLVA

Hinn frábæri og kraftmikli pallbíll L200 skilar þér 163 hestöflum og frábærum aksturseiginleikum. Þessi vel búni bíll heldur því áfram að setja ný viðmið í þessum flokki bíla. Hann fékk til dæmis hæstu einkunn í flokki pallbíla í nýlegu elgsprófi í Svíþjóð. Komdu og prófaðu kraftmeiri L200.

MITSUBISHI MOTORS

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi

150 þús.
GJAFAKORT
FYLGIR ÖLLUM
4X4 TILBOÐSBÍLUM.
(hægt að nota hvar sem er*)

ÚTSALA Á NÝLEGUM 4X4 BÍLUM

# KJARASAMNINGA DAGAR BÍLALANDS

Enn meiri kjarabót fyrir launafólk!

400þ Afsláttur + Gjafakort 150.000kr.

300þ Afsláttur + Gjafakort 150.000kr.

450þ Afsláttur + Gjafakort 150.000kr.



**TUCSON**
2006, bensín, sjálf

## 2 DAGAR EFTIR
## TRYGGÐU ÞÉR ALVÖRU KJARABÓT

100% lán í allt að 84 mánuði á öllum tilboðsbílum.

Gerðu frábær kaup á Kjarasamningadögum í Bílalandi og tryggðu þér **150.000 kr.** kjarabót sem bætist ofan á tilboðsverðið (gildir til og með 23. febrúar).

**Eitt besta úrval notaðra bíla á Íslandi.**

**Kíktu til okkar á Grjóthálsinn!**

390þ Afsláttur + Gjafakort 150.000kr.



**STAREX**
2005, dísel, beinskiptur,
ekinn 64.000
Verð nú: **2.200.000**
Verð áður: 2.590.000

390þ Afsláttur + Gjafakort 150.000kr.



**SANTA FE**
2006, bensín, beinskiptur,
ekinn 50.000
Verð nú: **2.210.000**
Verð áður: 2.600.000

370þ Afsláttur + Gjafakort 150.000kr.



**TERRACAN**
Nýskr: 2003, bensín, sjálfskiptur,
ekinn 51.000
Verð nú: **2.080.000**
Verð áður: 2.450.000

310þ Afsláttur + Gjafakort 150.000kr.



**TUCSON**
2005, bensín, beinskiptur,
ekinn 79.000
Verð nú: **1.760.000**
Verð áður: 2.070.000

590þ Afsláttur + Gjafakort 150.000kr.



**TERRACAN**
2006, dísel, sjálfskiptur,
ekinn 23.000
Verð nú: **3.590.000**
Verð áður: 4.180.000

280þ Afsláttur + Gjafakort 150.000kr.



**SANTA FE**
2003, bensín, beinskiptur,
ekinn 98.000
Verð nú: **1.560.000**
Verð áður: 1.840.000



**SÍMI 575 1230**
Bílaland Grjóthálsi 1 - 110 Rvk - Sími: 575 1230 - www.bilaland.is
**Opið: 10-18 virka daga, 12-16 laugardag.**
B&L Selfoss, Hrísmýri 2a., Sími: 575 1460

bílaland B&L notaðir bílar

*Gjafakort Kaupþings með 150.000 kr. inneign. Hægt að nota bæði innanlands og erlendis. Lesið nánar um skilmála á kaupthing.is.




# Utanríkisráðherra Breta staðfestir leyniflug CIA:

# Biðjast afsökunar

**BRETLAND, AP** David Miliband, utanríkisráðherra Bretlands, skýrði frá því í gær að bandaríska leyniþjónustan CIA hefði tvisvar með leynd flutt fanga með viðkomu á breskri grund til að taka eldsneyti.

Hann baðst afsökunar á því að bresk stjórnvöld hefðu áður neitað þessu gegn betri vitund.

Michael Hayden, yfirmaður CIA, staðfesti í gær að tvær flugvélar hefðu lent með fanga innanborðs á Diega Garcia, sem er bresk eyja á Indlandshafi.

Bæði bresk og bandarísk stjórnvöld hafa hingað til neitað því að leyniflug með grunaða hryðjuverkamenn hafi nokkurn tímann tengst Bretlandi. **- gb**



**DAVID MILIBAND OG GORDON BROWN** Utanríkisráðherra og forsætisráðherra Bretlands. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**VILJA ENN BETRI NIÐURSTÖÐUR** Svanhildur Konráðsdóttir, formaður ferðamálaráðs, Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra og Ólöf Ýrr Atladóttir ferðamálastjóri vilja meðal annars styrkja við menningartengda ferðaþjónustu, eflingu vöruþróunar og bætta matarmenningu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Ekki hrifnir af skyndibita

**Erlendir ferðamenn sem heimsækja Ísland eru almennt ánægðir með dvölina. Veitingahús og skyndibitastaðir eru þó slök að mati ferðamanna. Þá þykir skorta á gæði og fjölbreytni og verðlag of hátt.**

**ATVINNUMÁL** Erlendir ferðamenn sem hingað koma til lands gefa ferð sinni ágætiseinkunn í rúmlega áttatíu prósentum tilvika, sautján prósent segja dvölina hafa verið sæmilega og aðeins tvö prósent gesta gefa henni falleinkunn. Jákvæðastir eru ferðamennirnir fyrir afþreyingu en neikvæðastir gagnvart skyndibitastöðum, einkum hvað varðar fjölbreytni og gæði. Sem fyrr er verðlagið einnig sá þáttur sem fær almennt lægstu einkunn.

Þetta er meðal þess sem ný könnun Ferðamálastofu birti í gær. Úrtakið var 3.208 manns en af þeim fjölda svöruðu tæplega sextíu prósent. Capacent Gallup sá um framkvæmd og úrvinnslu. Sem fyrr er náttúra landsins það sem helst dregur ferðamenn hingað til lands en rúmlega sjötíu prósent svarenda segja hana helstu ástæðu fyrir komunni til landsins. Að sögn Ólafar Ýrar Atladóttur ferðamálastjóra vekur það þó eftirtekt að um fjörutíu prósent ferðamanna nefna svo íslenska menningu og sögu sem helstu ástæðu fyrir ferðinni. Það sé þáttur sem meira megi líta til og hlúa að.

Ólöf segir að þó niðurstöðurnar séu á heildina litið jákvæðar bendi margt til þess að betur megi huga að bættum gæðamálum. Ferðaþjónustuþættirnir fá mismunandi einkunn hjá svarendum en af þeim 130 þáttum sem lagðir voru til grundvallar í könnuninni var meðaleinkunnin 7,3 á kvarðanum 0 til 10. „Við eigum að stefna á einkunnina átta eða yfir,“ segir Ólöf um þær niðurstöður. Ljóst er að langt er í land með að ná því markmiði þegar litið er á einkunnir sem ferðamenn gáfu skyndibitastöðum á höfuðborgarsvæðinu. Þeir fengu 6,4 í einkunn en á landsbyggðinni 5,5.

Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra tilkynnti á fundi í gær að á næstum þremur árum yrði 100 milljónum ráðstafað til þriggja þróunarverkefna í ferðaþjónustu. Verkefnin eru í fyrsta lagi menningartengd ferðaþjónusta, í öðru lagi aukin gæði og vöruþróun í ferðaþjónustu og í þriðja lagi verður lögð áhersla á verkefni sem nefnist Matur úr héraði sem byggt verður á áframhaldandi þróun verkefnisins Beint frá býli. En það eru þeir þættir sem Ólöf telur helst þurfa að huga að í ljósi niðurstaðna könnunarinnar. **karen@frettabladid.is**







» New program beginning fall 2008

The program provides a new option for students who are interested in international studies in education. It responds to the interests of students who want to work in international schools in Iceland or in schools or other educational settings in other countries. It also aims at preparing teachers for meeting the needs of a growing group of immigrant children and bilingual children in Iceland. The program focuses on education in the context of globalisation and the development of multicultural societies, sustainable development and on development studies and education in developing countries.

There will be a choice between three specialist areas in the program:

» Language teaching and learning (in international schools)
» Education and globalisation
» Education and development studies

Further information and application form on www.khi.is/english

» Application deadline: March 15th for M.A. degree / June 5th for B.A. degree

ÍSLENSKA/SIA.IS/HSK 41248 02/08




www.toyota.is
AURIS
Nýtt upphaf
ÍSLENSKA/SIA.IS/TOY 40990 02/08
Auris - Nýtt upphaf.
Bíll er miklu meira en farartæki. Bíll er tákn um karakter, tákn um hvert þú ætlar þér, hvað þú stendur fyrir.
Toyota kynnir Auris. Bíl sem er hannaður utan um þig og þína tilveru. Finndu hljóðláta snerpuna. Leyfðu honum að flytja þig þangað sem þú vilt. Leyfðu þér að skoða hann, reynsluaka. Þá stenstu ekki mátið.
Verð frá: 2.069.000 kr.
Dísil Auris
Nú er Auris líka fáanlegur með Toyota D-4D dísilvélinni, en sú tækni tryggir þér hljóðlátari, sparneytnari og aflmeiri akstur en áður hefur þekkst, auk þess sem D-4D dísilvélin er mun umhverfisvænni kostur en sambærileg bensínvél.
Kynntu þér eiginleika D-4D dísilvéla Toyota. Kostirnir leyna sér ekki.
TOYOTA D-4D
TODAY TOMORROW TOYOTA
Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070
Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300
Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600
Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000
Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐSINS

# Til atlögu gegn fordómum

**Á þriðjudag verða Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins afhent. Veitt verða verðlaun í fjórum flokkum og hafa fimm verið tilnefndir í hverjum flokki. Í gær voru tilnefndar hvunndagshetjur kynntar. Nú eru þeir kynntir sem eru tilnefndir fyrir starf sitt gegn fordómum.**

Friðrik S. Kristinsson, kórstjóri Drengjakórs Reykjavíkur:

## Agar unga sem aldna barka

Friðrik hefur stýrt Drengjakór Reykjavíkur, sem í eru um fjörutíu drengir, með styrkri hendi í þrettán ár. Kórinn hefur haldið fjölda tónleika hérlendis sem og erlendis en einnig gefið út geisladisk og sungið með miklum söngspírum eins og sjálfum Frostrósunum og svo Karlakór Reykjavíkur.

Einnig er hann með undirbúningsdeild þar sem sex til átta ára drengir spreyta sig þar til þeir eru tilbúnir að fara í drengjakórinn. Einn þeirra sem tilnefna Friðrik segir að hann gefi mikið af sér til drengjanna, sé vinur þeirra í raun og greinilegt sé að þeir treysti honum og líti upp til hans.

„Við höldum uppi miklum aga enda æfum við í kirkju og því ekki við hæfi að vera með neinn fíflagang,“ segir Friðrik.

„Við höfum ákveðnar reglur sem eru öllum kynntar þegar þeir byrja og svo erum við með öflugt foreldrafélag sem rekur kórinn og þar er skipuð sérstök stjórn. Sameiginlega reynum við svo að halda þessum aga og ég held að drengirnir þyki það bara mjög gott.“

Friðrik er einnig kórstjóri Karlakórs Reykjavíkur sem kemur sér vel fyrir drengina sem fá stundum að syngja með þeim og æfa í húsnæði þeirra. „Það er mjög gaman að leiða saman unga drengina og svo karla sem sumir hafa kannski verið að syngja í fimmtíu ár.“ Hann segir margt líkt með kórunum.

„En þó er ekkert foreldrafélag í Karlakór Reykjavíkur,“ segir hann og hlær við. „En þó eru ungu mennirnir að koma þangað inn svo það er aldrei að vita nema innan skamms verði komið foreldrafélag þar líka. Þar þarf heldur ekki að huga svo mikið að aganum enda ólíklegt að agavandamál komi upp í þeim kór.“



**FRIÐRIK S. KRISTINSSON** Drengjakórinn æfir tvisvar í viku og annað hvert ár er haldið í tónleikaferð til útlanda. Í sumar fer kórinn til Barcelona og syngur þar meðal annars fyrir heimsfrægan drengjakór í Montserrat.

Halldóra Garðarsdóttir, deildarstjóri sérdeildar:

## *Sérdeildin samofin*

Sérdeild Brekkubæjarskóla á Akranesi hefur starfað í 22 ár og er því orðin vel samofin öllu skólastarfinu. Árangurinn virðist ekki láta á sér standa og foreldrar barnanna á sérdeildinni telja að það sé einstakt hve vel er hlúð að börnunum og reynt að koma til móts við þau að öllu leyti og eru þau stolt af því frábæra umhverfi sem börnunum er boðið upp á.

„Við byggjum bara utan um um hvert og eitt barn og leggjum áherslu á að þau séu í sínum bekkjum með sínum bekkjarfélögum,“ segir Halldóra Garðarsdóttir. „Við höfum gott samstarf við bekkjarkennara og eins erum við duglegar við að fræða starfsfólk skólans um hinar ýmsu fatlanir. Starf sérdeildarinnar er náttúrlega orðið samofið starfi skólans eftir öll þessi ár. Svo hefur yfirþroskaþjálfinn frá okkur farið inn í bekki, sérstaklega þá sem þeir fötluðu eru í, og varpað ljósi á hin ýmsu mál sem við erum að eiga við svo hinir fötluðu hafa bara mætt góðu viðmóti þar sem þeir eru í almennum bekkjum.

Eins höfum við mætt sérstökum velvilja frá bæjaryfirvöldum og frá skólayfirvöldum en síðast en ekki síst vil ég nefna þetta góða starfsfólk sem við höfum yfir að ráða. Við erum vel mannaðar og samheldnin er mikil.“



**HALLDÓRA GARÐARSDÓTTIR** Sérdeildinni í Brekkubæjarskóla á Akranesi hefur tekist sérlega vel að tvinna saman sitt starf og starf skólans.

Pétur Jónsson, tónmenntakennari í Austurbæjarskóla:

## Tónlistin er innra

Pétur Jónsson tónmenntakennari kennir nemendum af ýmsu þjóðerni í Austurbæjarskóla og notar tónlistina til að virkja þá og brjóta niður þá múra sem legið geta á milli fólks sem talar mismunandi tungumál.

„Í kúbverskri tónlist eru mörg slagverk og hlutverk slagverksleikaranna er miserfitt,“ útskýrir Pétur. „Þegar ég fór að skoða þessa tónlist betur sannfærðist ég um að þetta væri leið sem ég gæti notað í mínu starfi, það er að segja að sameina þessa ólíku einstaklinga í einu samspili þar sem hinir taktföstu færu með erfiðari hlutverk en þeir sem eiga erfiðara með að halda takti.

Svo segi ég eins og Snorri Sigfús Birgisson tónskáld að sá sem iðkar tónlistina er að skapa sitt



**PÉTUR JÓNSSON** Tónmenntakennaranum hefur tekist að sameina fólk af ólíkum uppruna í samspili og innan þess ramma sem tónlistin setur.

Sigríður og Þorsteinn Bjarni tóku að sér börn og unglinga

## *Að veita þeim ástúð og*

Hjónin Sigríður Steingrímsdóttir og Þorsteinn Bjarni Einarsson tóku að sér börn og unglinga frá Félagsmálastofnun í vistun. Þótt flest hafi þau átt að vera hjá þeim í skammtímavistun þá ílengdust sum börnin hjá þeim í nokkur ár. Sum komu frá brotnum heimilum á meðan önnur áttu sjálf við einhver vandamál að stríða. „Okkur langaði bara að hjálpa börnum sem áttu erfitt,“ segir Sigríður. „Við vorum í þessu í átján ár og þetta gaf okkur alveg helling.“

Saman eiga þau hjónin fimm börn fyrir auk þess sem Þorsteinn á tvö börn af fyrra hjónabandi. Við hópinn bættust börnin frá Félagsmálastofnun, allt upp í fimm í einu. Það var því oft mikið um að vera á heimilinu. Segir Sigríður að þeim hafi ekki þótt neitt mál að bæta þessum börnum í hópinn. „Börnin okkar lærðu líka helling, að lífið er ekki alltaf dans á rósum hjá öllum. Þeim fannst þetta líka æðislegt.“

Sigríður man ekki hversu mörg börn hafa komið til þeirra en þau má telja í tugum. Þau hjónin eru enn í sambandi við mörg barnanna sem eru uppkomin í dag.

Einn ungur drengur kom til þeirra þegar hann var sex mánaða gamall. Var hann hjá þeim meira og minna þar til hann var orðinn tólf ára. Þá ákváðu þau að ættleiða drenginn frekar en að hann færi annað þar sem hann var ósáttur og kveið því að fara.

Þorsteinn og Sigríður unnu á geðdeild þar til fyrir um þremur árum þegar þau ákváðu að flytja í stærra hús og taka með sér fimm vistmenn. Umhyggja þeirra nær því ekki einungis til barna.

„Það hefur gefið okkur helling að sjá að margir þessara unglinga


Hljóðið skýrist með ADRO™

Í fyrsta skipti er þægilegur hljómur og afburða talgreining sameinuð í einu tæki með hinni einstöku ADRO tækni. Hljóðið sem berst þér er ekki lengur þjappað og líflaust heldur vítt og breytilegt. Komdu og kynntu þér málið!

- Öll þjónusta við heyrnartækjanotendur
- Ókeypis heyrnarmælingar, heyrnartæki
- Ráðgjöf, viðgerðarþjónusta, tæknilausnir
- Starfsfólk með áratuga reynslu

ATHUGIÐ! Tryggingastofnun tekur þátt í greiðslu heyrnartækja.

HEYRNARSTÖÐIN

Læknastöðin, Kringlunni • Tímapantanir frá 9-18 í síma 568 7777 • www.heyrnarstodin.is



**RÚNAR ÞÓR NJÁLSSON** Tilnefndur hvunndagshetja Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins.

Rúnar Þór Njálsson:

## Tilnefndur hvunndags-hetja

Rúnar Þór Njálsson, fimmtán ára strákur frá Blöndósi, hefur verið tilnefndur til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins í flokki Hvunndagshetja, eins og lesa mátti í Fréttablaðinu í gær. Röng mynd birtist með viðtalinu við Rúnar og eru hlutaðeigandi beðnir velvirðingar á mistökunum.

Rúnar Þór, sem er í hjólastól, eða rafmagnsbíl, náði að draga sykursjúkan vin sinn upp á rafmagnsbílinn og fara með hann að næstu bensínstöð, en vinur hans hafði hnigið niður. Á bensínstöðinni fékk hann svo aðstoð við að hringja á sjúkrabíl. Rúnar Þór segir það ekki hafa komið til greina að skilja vin sinn eftir.

## ríkidæmi

eigið innra ríkidæmi og það er nokkuð mikils virði því það er hægt að stela hjólinu þínu og gemsanum en það hrifsar enginn upp úr þér þetta innra ríkidæmi. Ég held líka að sá sem býr svo vel að eiga það þurfi kannski ekki að eltast við allar þessar veraldlegu eigur sem spila of stórt hlutverk í þessu neyslusamfélagi.“

Pétur leggur áherslu á það að þeir sem síst geti tjáð sig vegna tungumálaörðugleika fái tækifæri til að láta andans fákinn geysa en þó innan þess ramma sem tónlistin setur þeim. „Það er hægt að tjá sig öðruvísi en með tungumálinu og það er alveg sjálfsagt að gera annars konar tjáningu hærra undir höfði þegar það á við. Tónlistin hentar vel til þess.“

fyrir Félagsmálastofnun:

## festu



**SIGRÍÐUR OG ÞORSTEINN BJARNI** Langaði að hjálpa börnum sem áttu erfitt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

hafa ekki fallið í dóp og rugl aftur,“ segir Sigríður. „Að veita þeim ástúð og festu,“ segir hún vera galdurinn á bakvið þetta hjá þeim Þorsteini og segir hún börnin verðlauna slíkt margfalt.

Þóranna Jónsdóttir í stjórn Leiðtogauðar sem er tilnefnd ásamt FKA:

# *Svo dæturnar fari greiðari götu*

Hinn 31. janúar síðastliðinn var birt í helstu dagblöðum landsins auglýsing þar sem hundrað konur lýstu sig reiðubúnar til stjórnarsetu í stærstu fyrirtækjum landsins. Það voru Félag kvenna í atvinnurekstri (FKA) og Leiðtogaauður, sem er félag kvenna í stjórnunarstöðum stærri fyrirtækja, sem stóðu að henni.

Í mati dómnefndar segir að auglýsingin hafi hrist upp í karlasamfélaginu í viðskiptalífinu og að „þetta sé einn liður í hugarfarsbreytingu til að jafna hlut kynjanna í viðskiptalífinu“.

„Það kemur gjarnan upp þegar kynjahlutfall í stjórnum fyrirtækja er til umræðu að konur séu ekki reiðubúnar, skorti reynslu, áhuga eða hæfni og þar fram eftir götunum,“ segir Þóranna Jónsdóttir. „Ástæðan fyrir því að við birtum þessa auglýsingu er sú að við vildum vekja athygli á því að það er til fullt af konum sem hafa getu og áhuga á því að taka þátt í viðskiptalífinu með þessum hætti. Við erum ekki að tala um það að fyrirtæki fái til sín konur aðeins vegna þess að þær eru konur heldur það að fyrirtækin og viðskiptalífið er ekki að nýta mikinn fjölda af þeim hæfu konum sem eru til staðar og hafa mjög víðtæka og mikla reynslu. Við viljum þannig áhrif í viðskiptalífinu að dætur okkar eigi greiðari götu til að nýta hæfileika sína, efnahagslífinu til framdráttar.“



**ÞÓRANNA JÓNSDÓTTIR** Vel hæfar konur með víðtæka reynslu eru reiðubúnar að láta til sín taka eins og auglýsing FKA og Leiðtogaauðar sýndi fram á.



# KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
5.034 **-0,95%**

**Fjöldi viðskipta:** 436
**Velta:** 3.308 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **ATLANTIC AIRWAYS** | +4,82% | **BAKKAVÖR** | -2,87% |
| **ÖSSUR** | +0,98% | **GLITNIR** | -1,65% |
| **ALFESCA** | +0,77% | **SPRON** | -1,38% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 7,91 -0,63% ... Bakkavör 44,00 -2,87% ... Eimskipafélagið 29,05 -0,85% ... Exista 12,16 -0,16% ... FL Group 10,00 -0,30% ... Glitnir 17,85 -1,65% ... Icelandair 25,80 +0,39% ... Kaupþing 735,00 -0,81% ... Landsbankinn 28,10 -0,71% ... Marel 93,40 -0,64% ... SPRON 5,71 -1,38% ... Straumur-Burðarás 12,34 -0,72% ... Teymi 5,32 +0,57% ... Össur 92,50 +0,98%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Fá á lúðurinn

Nú eru stjórnarmenn stærstu fyrirtækja landsins farnir að tala um kostnað. Þrátt fyrir að kostnaður sé veigamikill þáttur í rekstri fyrirtækja hefur liðurinn verið lítið áberandi í umræðunni undanfarin ár. Fókusinn hefur verið á vöxt tekna. Þegar vöxturinn stöðvast eða tekjurnar dragast saman einbeita menn sér meira að kostnaðinum. Auglýsingastofur finna nú fyrir þessu. Lægri upphæð er varið í auglýsingar en áður. Einhverjar uppsagnir eru í burðarliðnum sem og meiri samkeppni um viðskiptavini. Hvíta húsið hefur til dæmis nýlega misst tvo stóra viðskiptavini yfir til keppinauta; Heklu og Mjólkursamsöluna. Þetta er raunveruleiki sem hangir yfir auglýsingafólki nú þegar afhending auglýsingaverðlauna, Lúðurinn svokallaði, stendur fyrir dyrum.



### Baldur á lausu

Baldur Guðnason, forstjóri Eimskips, er hættur störfum hjá félaginu. Bætist hann nú í hóp fjölmargra fyrrverandi forstjóra stórra félaga. Það ætti um leið að auðvelda eigendum Eimskips að velja eftirmann Baldurs. Jón Karl Ólafsson, fyrrverandi Icelandair-forstjóri, er til dæmis þrautreyndur úr flutningageiranum. Friðrik Jóhannsson þekkir Björgólfsfeðgana vel frá Straums- og Burðarássárum sínum. Svo eru reynsluboltar eins og Bjarni Ármannsson, Hannes Smárason og Óskar Magnússon á lausu. Ólíklegt er að Björgólftur Thor samþykki Þórð Má Jóhannesson í forstjórastólinn eftir brotthvarfið frá Straumi. Kannski að minna reyndur einstaklingur verði ráðinn í brúna að þessu sinni.

## MARKAÐSPUNKTAR

Það kostar 2,50 krónur að slá eina íslenska krónu samkvæmt upplýsingum frá Ingvari Alfreð Sigfússyni, rekstrarstjóra Seðlabankans. Ástæðan fyrir dýrum slætti er mikil hækkun á málmi á undanförnum misserum að því er fram kom á Vísir.is.

Mjólka hefur fest kaup á matvælafyrirtækinu Vogabæ, sem er einna þekktast fyrir Vogaídýfurnar, og hefur mjólkurstöð Mjólku verið flutt í verksmiðjuhúsnæði Vogabæjar í Hafnarfirði.

Smásala í Bretlandi jókst um 0,8 prósent í janúar og er það um tvöfalt meira en meðalspá greiningaraðila gerði ráð fyrir. Smásala hefur ekki aukist jafn mikið í 11 mánuði en í desember dróst hún saman um 0,2% frá fyrri mánuði.


www.volkswagen.is




Volkswagen – kolefnisjafnaður útblástur


## Keypti ekki í Greencore

Exista hefur ekki keypt átta prósenta hlut í írska matvælaframleiðandanum Greencore og hefur ekki í hyggju að gera slíkt. Þetta hefur fréttastofa Reuters eftir ónafngreindum heimildarmanni. Fram kom á uppgjörsfundi Existu í enda janúar að lokað hafi verið fyrir stöðutökur í fyrirtækjum á seinni hluta síðasta árs.

Írska dagblaðið Irish Independent hefur undanfarið greint frá því að bræðurnir Ágúst Guðmundsson forstjóri og Lýður, stjórnarformaður Bakkavarar, hafi keypt hlutinn í gegnum Existu og hyggist sameina hann við Geest sem er hluti af Bakkavör. Í Vegvísi greiningardeildar Landsbankans á þriðjudag sagði að kaupandi hafi með óbeinum hætti fest sér hlutinn í gegnum Deutsche Bank sem er skrifaður fyrir 5,45 prósenta hlut. - jab

# Stórfelldar breytingar hjá Skífunni

**Lokað í Smáralind. Skífan Express tekur yfir tónlistarsölu í BT-búðunum. Tónlistarkaffi í bígerð á Laugavegi.**

Verslun Skífunnar í Smáralind verður lokað um næstu mánaðamót. Um leið verður sala á tónlist í verslunum BT færð undir nýtt merki Skífunnar Express. Þá er áformað að opna „tónlistarkaffihús“ tengt Skífunni á Laugavegi fyrir sumarið.



**SVERRIR BERG STEINARSSON**

Sverrir Berg Steinarsson, forstjóri og annar aðaleigandi Árdegis sem á bæði Skífuna og BT, segir í raun verið að færa út kvíarnar í tónlistarsölu og efla hana með því að fara víðar með Skífuna í smærri einingum. Engar uppsagnir verða vegna breytingarinnar segir hann. Þá verður áfram opin verslun Skífunnar í Kringlunni.

„Þetta er mjög spennandi og verður gaman að fara með Skífuna víðar í smærri útgáfu,“ segir Sverrir og bætir við að um leið verði vöruúrval í tónlist „dýpkað og breikkað“.

Sverrir segir svo að áfram verði unnið að því að efla Skífuna. „Á Laugaveginum ætlum við að bæta í fyrir sumarið. Í kjallara Skífunnar höfum við verið með útgáfutónleika og annað slíkt og höfum hug á að nýta þá aðstöðu betur. Verið er að leita að samstarfsaðila um rekstur nokkurs konar tónlistarkaffihúss, ekki ósvipað bókakaffihúsum sem fólk þekkir, en þetta ætlum að reyna að vera komin með í gang fyrir sumarið.“ Að auki segir Sverri svo að í mars ljúki framkvæmdum við komuverslun Skífunnar í Leifsstöð. „Þar erum við að innrétta nýja Skífuverslun, þannig að það er nóg að gera.“ - óká



**TÓNLIST Í REKKA** Hjá Árdegi er unnið að breytingum hjá bæði Skífunni og BT, en um mánarmótin næstu verður til vörumerkið Skífan Express.

# Leyniþjónusta flettir ofan af skattsvikum

Mikið hneyksli er komið upp í Þýskalandi þar sem grunur er um að ýmsir bankar hafi aðstoðað auðmenn við að komast hjá milljóna skattgreiðslum.

Fram kemur í Der Spiegel að fyrir atbeina þýsku leyniþjónustunnar, BND, hafi komist upp um yfir þúsund þýska auðmenn, sem hafi komið fé undan skatti með því að flytja það til smáríkisins Liechtenstein.

Þar hafi peningunum verið komið fyrir hjá ýmsum sjóðum, sem þar njóta verulegra skattfríðinda. Aðeins þurfi að greiða 0,1 prósents fjármagnstekjuskatt. Um fimmtíu sjóðir í smáríkinu tengjast málinu.

Starfsmenn þýskra skattyfirvalda hafa í þessari viku gert margar húsleitir í bönkum og á heimilum. Áætlað er að skattyfirvöld hyggist gera um 700 húsleitir vegna málsins.

Málið komst í hámæli í Þýskalandi þegar Klaus Zumwinkel, fyrrverandi forstjóri Deutsche Post, stærsta póstfyrirtækis Evrópu, sagði af sér vegna málsins. Talið er að hann hafi skotið um einni milljón evra undan skatti, eða sem nemur tæpum eitt hundrað milljónum króna.

Þá hafa háttsettir opinberir embættismenn einnig blandast í málið.

Ströng bankaleynd ríkir í Liechenstein og neita fjármálastofnanir þar alfarið að veita þýskum yfirvöldum upplýsingar.

Samkvæmt þýskum lögum er ekki ólöglegt að færa fé til smáríkisins. Slíkar millifærslur þarf hins vegar að gefa upp í skattframtali.

Angela Merkel, kanslari Þýskalands, hefur lýst því yfir að hún vilji semja við Liechensteina um að þýsk yfirvöld verði látin vita þegar landsmenn millifæra fé til smáríkisins.

- ikh



**ANGELA MERKEL** Skammar skattsvikarana. Háttsettir menn hafa þegar sagt af sér vegna málsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Býst ekki við gjaldþroti

David Karsbøl hjá greiningardeild Saxobank í Danmörku sagðist í gær ekki óttast um starf sitt þrátt fyrir hörð viðbrögð vegna álits sem hann gaf á íslensku bönkunum. Danska blaðið Börsen hafði eftir David í fyrradag að Kaupþing og aðir íslenskir bankar stefndu í gjaldþrot.

„Það er mjög mikilvægt að það komi fram að ég sagði aldrei að ég byggist við því að Kaupþing færi í gjaldþrot,“ sagði Karsböl í samtali við Vísi í gær. Hann sagði einnig að hann hefði aldrei talað um Kaupþing eitt og sér. Greining hans hefði snúist um horfur í efnahagslífi á Íslandi almennt séð. Þær væru ekki góðar.


FÆST MEÐ ALVÖRU 6 ÞREPA SJÁLFSKIPTINGU
EYÐIR AÐEINS FRÁ 5.0 l/100 KM
KOLEFNISJAFNAÐUR Í EITT ÁR
GOLF GTI® BÍLL ÁRSINS 2008 Car&driver
DÚXAÐI Á EURO NCAP PRÓFINU
HLAUT GULLNA STÝRIÐ
SVEIGJANLEGIR SÖLUMENN

á öryggisprófinu.

**Komdu og prófaðu betur búinn Golf á frábæru verði.**

Það er höfuðatriði að vera á öruggum bíl í umferðinni og fáir standa Golf framar í þeim efnum, enda fékk hann hæstu einkunn á Euro NCAP prófinu. Í Golf tvinnast saman hágæðahönnun, framúrskarandi aksturseiginleikar og nýstárleg tækni. Kraftalegur afturhluti og sportlegar línur í bílnum gefa fyrirheit sem aksturseiginleikarnir standa fyllilega undir.

**Golf Trendline kostar aðeins frá**

**2.150.000 kr.**

Eða **25.500 kr. á mánuði** miðað við bílasamning til 84 mánaða og 20% útborgun. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 7,34%. Aukabúnaður á mynd: Álfelgur og samlitur.

Bættu við Sportpakka fyrir
**300.000 kr.**
Álfelgur, samlitir listar, leðurpakki, armpúði á milli framsæta og rafstýrð sóllúga.

Das Auto.

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi
HEKLA


# Yngstu félögin með mestan hlutfallslegan rekstrarkostnað

„Askar Capital er alveg nýtt fyrirtæki og það skýrir kostnaðinn,“ segir Tryggvi Þór Herbertsson, forstjóri Askar Capital.

Heildareignir Askar Capital námu 34,3 milljörðum króna í fyrra. Rekstrarkostnaður var á sama tíma rúmir 1,5 milljarðar króna en það merkir að rekstrarkostnaður bankans í hlutfalli af heildareignum nam 4,3 prósentum, sem er hæsta hlutfall íslenskra bankaog fjármálafyrirtækja á síðasta ári. Bankinn hóf starfsemi í byrjun síðasta árs.

Tryggvi segir þetta ekki segja alla söguna því efnahagsreikningurinn sé ekki stór. „Starfsemin byggist mikið á eignaumsýslu fyrir aðra.“

Eins og sést á töflunni hér til hliðar er hlutfallið tiltölulega hærra hjá yngstu fjármála- og fjárfestingarfyrirtækjunum en lægra hjá þeim rótgrónari. Neðst í hópnum er fjármálaþjónustufyrirtækið Exista, sem er á bási ásamt FL Group og Milestone.

Félögin þrjú eru með yngri fyrirtækjum og hefur FL Group verið gagnrýnt fyrir mikinn kostnað í fyrra. Júlíus Þorfinnsson, framkvæmdastjóri samskiptasviðs FL Group, bendir á að hlutfallið hafi verið eitt prósent í hitteðfyrra. Hann segir skýringuna að mestu einskiptiskostnað vegna aðkeyptrar sérfræðiþjónustu við fjárfestingaverkefni sem sum hver gengu ekki eftir á umsvifamiklu ári í fyrra.

- jab



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**TRYGGVI ÞÓR HERBERTSSON** Forstjóri Askar Capital segir háan rekstrarkostnað í hlutfalli við eignir skýrast af vexti ungra fjármálafyrirtækja.

**KOSTNAÐUR SEM HLUTFALL AF EIGNUM Í LOK ÁRS 2007**

| Félag | Hlutfall (%) |
|---|---|
| **Fjárfestingarbankar** | |
| Askar Capital | 4,30 |
| Straumur-Burðarás | 1,60 |
| Saga Capital* | - |
| VBS | 2,37 |
| Icebank** | 0,68 |
| **Viðskiptabankar** | |
| SPRON | 2,40 |
| Landsbankinn | 1,80 |
| Glitnir | 1,60 |
| Kaupþing | 1,47 |
| **Fjárfestingarfélög** | |
| Milestone | 3,13 |
| FL Group | 1,50 |
| Exista | 0,80 |

* Hefur ekki skilað uppgjöri.
** Stór hluti viðskipta Icebank er á heildsölusviði og því með öðru móti en hjá öðrum bönkum og fjármálafyrirtækjum.

## Heppni hjá Fons

„Þetta var heppni og reynsla,“ segir Pálmi Haraldsson, stærsti hluthafi Fons, en félagið skilaði um fimm milljarða króna hagnaði í fyrra. Rekstrarhagnaður var um sjö milljarðar króna og námu heildareignir félagsins hundrað milljörðum í árslok.



**PÁLMI HARALDSSON**

Pálmi segir að félagið hafi selt stórar eignir á vordögum í fyrra, sem hafi verið hárrétt ákvörðun áður en lausafjárkreppan og óróleiki á alþjóðlegum fjármálamörkuðum setti mark sitt á flest fyrirtæki. „Við komum ágætlega út miðað við aðra. Þetta var heppni en maður þarf að fylgjast vel með,“ segir hann.

- jab

## „ORÐRÉTT“

### *Afgreitt með evru*

**„Ég held að það sé búið að afgreiða það í eitt skipti fyrir öll. Einhliða upptaka Íslands á evru er ekki inni í myndinni.“**

GEIR H. HAARDE FORSÆTISRÁÐHERRA
**Fréttablaðið 21. febrúar 2008**

### *Loðnan hverfur með milljarð*

**„Ætli þetta þýði ekki milljarð í minni tekjur fyrir Eyjamenn.“**

SIGURGEIR BRYNJAR KRISTGEIRSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI VINNSLUSTÖÐVARINNAR, UM VEIÐISTÖÐVUN Á LOÐNU.
**Fréttablaðið 21. febrúar 2008**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** STEINUNN GYÐU- OG GUÐJÓNSDÓTTIR FRAMKVÆMDASTÝRA

## *Með konum úr grasrótinni í New York*



Skömmu fyrir áramót tók Steinunn við sem framkvæmdastýra UNIFEM á Íslandi og það hefur verið í nógu að snúast hjá henni síðan. „Þetta eru frjáls félagasamtök og ég er í raun eini starfsmaður skrifstofunnar og mitt hlutverk er að halda öllu á floti en þegar er svo stjórnin sem leggur línurnar,“ segir hún. „Okkar hlutverk er að styðja við þróunarsjóði í þágu kvenna á vegum Sameinuðu þjóðanna og það gerum við með vitundarvakningu hér á Íslandi og fjáröflun meðal almennings og einkafyrirtækja en svo hvetjum við líka stjórnvöld til að veita þessum málaflokki athygli.“

Segir Steinunn hlutverk UNIFFEM að styðja við konur í þróunarlöndunum og á stríðshrjáðum svæðum en einnig taki þau þátt í kvennabaráttunni hér á landi.

Steinunn lauk BA-námi í mannfræði frá Háskóla Íslands árið 2006 og nú er hún langt komin með að ljúka meistaranámi í hagnýtri menningarmiðlun frá sama háskóla. En þegar er spurt hvað sé að frétta af öðrum vígstöðum verður fátt um svör. „Það má eiginlega segja að lífið snúist um vinnuna um þessar mundir en ég er alveg á kafi. Svo er ég að fara í fimm daga ferð til New York á kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Þar verða einnig fjölmargar hliðarráðstefnur sem ég er mjög spennt fyrir en það eru konur úr grasrótinni sem standa fyrir þeim svo ég verð í góðum félagsskap þar.“

# Tvær milljónir söfnuðust

Iceland Express hefur afhent ADHD-samtökunum framlag að andvirði 2,35 milljónum króna. Upphæðin safnaðist meðal farþega í vélum félagsins frá ágúst 2006 fram til ársloka 2007.

Við upphaf samstarfsins fengu ADHD-samtökin 500 þúsund króna ferðastyrk, þannig að í heild er framlag Iceland Express og farþega félagsins um 2,85 milljónir.

ADHD-samtökin eru til stuðnings börnum og fullorðnum með athyglisbrest og ofvirkni. Að sögn Ingibjargar Karlsdóttur, formanns samtakanna, eru styrkir sem þessir afar mikilvægir fyrir starfsemina.

Ágóðinn af klinksöfnun farþeganna verður nýttur til að útbúa fræðsluefni fyrir kennara um nám barna sem glíma við ADHD. **- elj**


VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




Kraftmiklar ryksugur fyrir öll heimili

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar. Þær eru með stillanlegu röri og mikið úrval fylgihluta er fáanlegt með vélini.

**Verið velkomin í glæsilegar verslanir Eirvíkur á Akureyri og í Reykjavík og kynnið ykkur Miele ryksugurnar.**

**Verð frá kr.: 16.900**

www.eirvik.is

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200





**SAMSTARFSSAMNINGURINN UNDIRRITAÐUR** Erling Erlingsson, framkvæmdastjóri Iðnmenntar, og Margit Elva Einarsdóttir, forstöðumaður viðburða hjá AP almannatengslum og framkvæmdastjóri Verks og vits.

# Vilja auka sýnileika iðngreina

**Íslandsmót iðngreina verður haldið 18. og 19. apríl í Laugardalshöll. Mótið verður héðan í frá haldið í tengslum við sýninguna Verk og vit, sem í ár fer fram dagana 17. til 20. apríl.**

Iðnmennt hefur séð um mótið, en nýlega var gerður samstarfssamningur við AP almannatengsl sem mun sjá um framkvæmd mótsins. Margit Elva Einarsdóttir hjá AP almannatengslum er einnig framkvæmdastjóri sýningarinnar Verks og vits. Hún segir mikið verða um að vera í Laugardalshöllinni þessa daga og viðburðirnir tveir muni styðja vel hvor við annan.

Að sögn Erlings Erlingssonar, framkvæmdastjóra Iðnmenntar, eru mót eins og Íslandsmótið einhver besta kynning á iðnmenntun sem til er. Markmiðið með Íslandsmóti iðngreina er að auka sýnileika iðn- og starfsmenntunar, kynna greinarnar fyrir almenningi og vekja athygli á þeim tækifærum sem felast í námi og starfi í iðngreinum. Íslandsmótið er ætlað iðnnemum og nýútskrifuðum iðnaðarmönnum.



**FRÁ FYRRI SÝNINGU VERKS OG VITS**



**KEPPT Í SNYRTINGU** Þegar iðnnemar hafa keppt á íslandsmóti, hafa þeir verið í Kringlunni undanfarin ár.

Keppt verður í dúklagningum, hársnyrtingu, málaraiðn, stálsmíði, múrverki, pípulögn, rafvirkjun, bílgreinum, snyrtifræði, trésmíði, prentiðn, grafískri miðlun og ljósmyndun. **- þeb**



**REYNT AÐ HEFLA TIL SIGURS Á ÍSLANDSMÓTI IÐNGREINA**

**VIKA 3**

## DAGBÓK NÝRRA ÍSLENDINGA

Charlotte Ólöf Ferrier:

### MEÐ ÞORRAMAT TIL ENGLANDS



„Það er vinnuvika í skólanum svo ég ákvað að fara í heimsókn til fjölskyldu minnar á Englandi,“ segir Charlotte. Foreldrar hennar búa í Winchester í suðausturhluta landsins, yngri bróðir hennar í Bristol og yngri systir hennar í Lundúnum. „Það er mikið fjör hjá okkur. Við fórum út að borða en það er eitt af því sem ég sakna þar sem ég hef ekki efni á slíku á Íslandi. Amma og afi koma í hádegismat á laugardaginn svo pabbi bað mig að koma með fullt af þorramat, slátur, svið, hákarl og brennivín. “

Algirdas Slapikas:

### ÁSTANDIÐ AÐ BATNA Í LITHÁEN



Algirdas er ánægður með framtak tónlistarmannanna sem stóðu fyrir tónleikum gegn rasisma í fyrradag. „Þetta hlýtur að hafa áhrif, sérstaklega þegar stjórnmálamenn láta til sín taka með þessum hætti líkt og Geir Haarde gerði.“

En Algirdas tekur einnig eftir athyglisverðum breytingum. „Nú er hagurinn að vænkast í Litháen. Til dæmis er komin upp sú staða þar að Litháar fást ekki jafn auðveldlega til láglaunastarfa og því hafa Hvít-Rússar sótt mikið í þau störf í Litháen. Ég veit líka um marga landa mína hér sem eru að huga að því að flytja aftur til heimalandsins þar sem ástandið er að batna mikið.“

Filipe Moreira de Figueiredo:

### KÆRASTAN FER AÐ KOMA



„Ég var að koma til Ísafjarðar, mikið afskaplega er ég feginn,“ segir Filipe. „Ég var í fjóra daga í Reykjavík, heldur lengur en ég ætlaði en ég var veðurtepptur eins og fyrri daginn. Síðast gat ég gert gott úr verunni í Reykjavík en að þessu sinni var því ekki að heilsa því það var rigning allan tímann og það hefur slæm áhrif á mig.“

En það eru afar spennandi tímar fram undan. „Kærasta mín er að koma í næsta mánuði og að sjálfsögðu hlakka ég mikið til. Reyndar er hún ekkert hrifin af köldu veðurfari en ég geri mitt besta til að halda á henni hita,“ segir hann og hlær við.

Rachid Benguella:

### KANN VEL VIÐ ÍSLENDINGA



„Það skiptir meira máli hver manneskjan er en hvaðan hún kemur,“ segir Rachid. Hann telur tónleika Bubba Morthens gegn kynþáttahatri góða hugmynd þótt hann telji kynþáttahatur ekki vera stórt vandamál á Íslandi. „Kannski á þetta fólk í einhverjum vandræðum með sjálft sig og þarf að kenna einhverjum öðrum um,“ segir hann. „Ég kann mjög vel við Íslendinga. Fólk hér er opið. Kannski er það bara eitthvað nýtt að hér séu útlendingar og það getur tekið tíma að venjast því.“




Komdu og prófaðu

# margverðlaunaðan Jazz

á Honda-lágu verði

Honda Jazz 1,4 beinskiptur, fullbúinn, verð aðeins:
**1.799.000** kr.
á mánuði **21.980** kr.*

Honda Jazz 1,4 sjálfskiptur, fullbúinn, verð aðeins:
**1.899.000** kr.
á mánuði **23.189** kr.*

Honda Jazz er glæsilega hannaður fjölnotabíll og lipur sem smábíll. Honda Jazz verður eftirlæti þitt strax og þú þarft að skjótast í innkaupin, láta dótið hverfa ofan í farangursrýmið eða skutla krökkunum í frístundirnar. Honda Jazz er með ríkulegan staðalbúnað og lausnir eins og töfrasæti, 5 gíra beinskiptingu eða 7 þrepa sjálfskiptingu, tölvustýrða loftkælingu, rafdrifnar rúður og spegla, upphitaða spegla og geislaspilara. Honda Jazz er einn sparneytnasti bíllinn á markaðinum en er engu að síður kraftmikill og snöggur. En umfram allt - Honda Jazz er skemmtilega stór og áreiðanlegur fjölnotabíll á Honda-lágu verði.

honda.is

BERNHARD
Vatnagörðum 24-26 • Sími 520 1100
bernhard.is

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bílavík, sími 421 7800 - Akranes, Bílver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

*Miðað við bílasamning hjá SP-Fjármögnun í 84 mán. og 20% útborgun, myntkörfu með japönskum yenum og svissneskum frönkum og hlutfallstölu kostnaðar 7,3%.

H:N markaðssamskipti / SÍA

## Svona erum við

> Fjöldi íbúa í sveitarfélaginu Árborg.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** PRÓFKJÖR DEMÓKRATA Í BANDARÍKJUNUM

# *Ellefu sigrar í röð duga ekki til sigurs*

Barack Obama vann ellefta prófkjörssigurinn í röð í gær þegar úrslit voru kunngerð úr forkosningu demókrata sem búsettir eru erlendis. Obama var þá, samkvæmt talningu AP-fréttastofunnar, kominn með 1.358 kjörmenn en Clinton 1.262.

**Hvað þarf Clinton til að ná forskoti?**
Samtals á nú eftir að úthluta tæplega 1.200 kjörmönnum í prófkjörum, þar af 444 á einu bretti þriðjudaginn 4. mars þegar kosið er í fjórum ríkjum samtímis, þar á meðal Ohio og Texas sem eru með fjölmennustu ríkjum Bandaríkjanna. Obama vantar enn 667 kjörmenn til að tryggja sér sigur, en Clinton vantar 763 kjörmenn. Til þess að ná upp forskoti Obamas þarf Clinton því að fá nærri 60 prósent atkvæða í þeim prófkjörum sem eftir eru.

**Hvað geta ofurkjörmennirnir gert?**
Á flokksþingi Demókrataflokksins í lok ágúst sitja 796 forystumenn flokksins sem eru óbundnir af niðurstöðum prófkjöranna, og eru því nefndir „ofurkjörmenn“. Þeir geta í raun greitt atkvæði eins og þeim sýnist, og geta því hæglega gefið Clinton sigurinn á silfurfati jafnvel þótt Obama hafi náð góðri forystu í prófkjörunum. Stuðningsmenn beggja frambjóðenda beita hins vegar ýmsum ráðum til að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu þeirra, svo sem að lofa að koma í framkvæmd ýmsum málum sem þeir berjast fyrir hver í sínu kjördæmi.

**Eftir hverju fara ofurkjörmenn?**
Málið er þó ekki alveg svo einfalt, því forystumenn flokksins telja sér flestir skylt að fylgja vilja kjósenda. Þeir gætu fengið slæma útreið í kosningum síðar meir ef þeir ganga þvert á vilja hins almenna flokksmanns. En þá standa þeir reyndar frammi fyrir öðrum vanda: nefnilega hvort þeir eigi að miða við kjósendur í Bandaríkjunum öllum eða kjósendur heima í ríki hvers og eins, eða jafnvel heima í kjördæmi sínu innan ríkisins.



## SJÓNARHÓLL
**SPORNAÐ VIÐ RASISMA**

### *Bubbi á heiður skilinn*

„Mér finnst þetta bara sorglegt,“ segir Sigríður Eyrún Friðriksdóttir, leik- og söngkona, um fréttir af netsíðum þar sem rekinn er áróður gegn útlendingum á Íslandi. Henni finnst það alvarlegt hversu margir unglingar skráðu sig til dæmis í Félag gegn Pólverjum á Íslandi. „Það er ekki hægt að afskrifa það sem tóm strákapör, þetta er alvarlegra en svo. Það læra börnin sem fyrir þeim er haft.“



**SIGRÍÐUR FRIÐRIKSDÓTTIR**
Leikkona

Sigríður bjó í Kanada í fimm ár og segist hafa fundið fyrir aukinni útlendingaandúð á Íslandi þegar hún flutti aftur heim. „Mér krossbrá að heyra hvernig fólk var farið að tala þegar ég kom aftur og hvernig var farið að klifa á þjóðerni manna í fréttaflutningi. Mér finnst það varhugaverð þróun.“

Á miðvikudag efndi Bubbi Morthens til tónleika gegn rasisma og segir Sigríður það hafa verið frábært framtak. „Bubbi á heiður skilinn fyrir þetta. Ég saknaði þess hins vegar að yngra tónlistarfólk, sem krakkarnir hlusta á og líta upp til, hafði ekki frumkvæði að þessu. En þetta er átaksverkefni þar sem allir geta lagt hönd á plóg.“

# Ríkisstjórn ræddi lög um stóriðju

**Frelsi til raforkusölu sem lögfest var árið 2003 hefur sett stjórnvöldum verulegar skorður vilji þau koma í veg fyrir stóriðjuframkvæmdir, til dæmis vegna efnahagsástands. Rætt var í ríkisstjórn að setja sérstök lög um stóriðju í tengslum við lagabreytingar árið 2003 en af því varð ekki.**



**GUFUSTRÓKAR** Orkuveita Reykjavíkur áætlar að níutíu megavött af orku fáist úr tveimur nýjum aflvélum í Hellisheiðarvirkjun. Reiknað hefur verið með því að 225 megavött til viðbótar fáist úr samtals fimm aflvélum í fyrirhuguðum virkjunum í Hverahlíð og Bitru. Umhverfismat vegna þeirra virkjana er nú til umfjöllunar hjá Skipulagsstofnun. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þegar raforkulögum var breytt árið 2003 samkvæmt samningi um Evrópska efnahagssvæðið var einkaleyfi starfandi orkufyrirtækja til raforkuframleiðslu afnumið. Markmiðið var meðal annars að lækka verð til neytenda, en raunin varð sú að stjórnvöld misstu úr höndunum ákveðið verkfæri til að stjórna uppbyggingu stóriðju.

Eftir gildistöku laganna gátu fyrirtæki farið að semja um orkukaup stóriðju við orkufyrirtæki og við sveitarfélög um staðsetningu og þurftu í raun lítið við stjórnvöld að tala.

Þetta var það sem gerðist þegar Norðurál ákvað að reisa álver í Helguvík. Valgerður Sverrisdóttir, þáverandi iðnaðarráðherra, hefur lýst því að engar viðræður hafi átt sér stað við ríkið fyrir þann tíma. Hún hafi fyrst fengið fréttir af áformum Norðuráls í fjölmiðlum.

Forsvarsmenn Norðuráls ræddu vissulega við stjórnvöld í kjölfarið, en einkum til að reyna að fá stuðningsyfirlýsingu eða annað í þeim dúr, ekki til að fá vilyrði fyrir áformunum sem slíkum; staðsetningu eða tímasetningu.

Stjórnvöld koma þó enn að ákveðnum framkvæmdum og geta í gegnum þá aðkomu haft áhrif. Til dæmis eiga stjórnvöld möguleika á því að gera svokallaða fjárfestingasamninga vegna framkvæmda á landsbyggðinni utan höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja.

Í þeim felst til dæmis afsláttur af fasteignagjöldum eða annað í þeim dúr. Slíkt er heimilt samkvæmt EES-samningnum og var til dæmis gert við uppbyggingu álvers á Reyðarfirði. Eftirlitsnefnd EFTA þarf þó að samþykkja slíkar fyrirgreiðslur.

Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks ræddi sérstaklega hvort forsætisráðherra ætti að setja sérstök lög um stórframkvæmdir.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var þá sérstaklega rætt um hættuna af því að nokkur fyrirtæki færu út í stórframkvæmdir á sama tíma, án þess að stjórnvöld hefðu nokkuð um það að segja. Slíkt getur haft gríðarleg áhrif á efnahagslífið, eins og sjá má á áhrifum af framkvæmdum við Kárahnjúkavirkjun og álver á Reyðarfirði.

Þeir sem mótfallnir voru slíkri lagasetningu bentu á að það væri fyrirtækjunum í hag að stöðugleiki ríkti hér á landi og því hefðu þau engan hag af því að standa fyrir framkvæmdum sem fyrirsjáanlega myndu hafa slæm efnahagsáhrif. Í dag eru áformuð í það minnsta tvö ný álver hér á landi, í Helguvík og á Bakka við Húsavík, auk þess sem Alcan áformar enn stækkun álvers síns í Straumsvík. Að auki eru ýmsar aðrar orkufrekar framkvæmdir í burðarliðnum.

Mengandi stóriðja þarf að afla sér heimilda til losunar gróðurhúsalofttegunda og þar hefur ríkið nú aðkomu sem það hafði ekki áður. Á síðasta ári var í fyrsta skipti úthlutað mengunarkvóta en aðeins fyrir starfandi fyrirtæki. Fyrirtæki sem ekki höfðu tekið til starfa fengu ekki úthlutað kvóta þar sem þau þóttu of stutt á veg komin.

Í lögum um losun gróðurhúsalofttegunda kemur fram að þau fyrirtæki sem þegar eru með starfsleyfi eða langt komin í undirbúningi framkvæmda skuli njóta forgangs umfram þá sem styttra eru komnir. Það virðist hafa ýtt við fyrirtækjum sem höfðu áform um uppbyggingu á prjónunum og gæti verið ein ástæða þess að mikil áhersla er lögð á að fara strax í uppbyggingu álvera í Helguvík og á Bakka.

Ríkisúthlutun er þó ekki eina leiðin til að fá mengunarkvóta, enda mögulegt að kaupa kvóta án aðkomu stjórnvalda, til dæmis frá erlendum fyrirtækjum.



FRÉTTASKÝRING
**BRJÁNN JÓNASSON**
brjann@frettabladid.is

## ÚRSKURÐAR RÁÐHERRA BEÐIÐ

Umhverfisráðherra hefur nú til umfjöllunar kæru Landverndar vegna fyrirhugaðs álvers í Helguvík. Landvernd krefst þess að ráðherra felli úr gildi álit Skipulagsstofnunar um að ekki þurfi að meta umhverfisáhrif álversins, virkjana vegna orkuöflunar, og rafmagnslína saman.

Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra vildi ekki veita viðtal um kæruna í gær. Forsvarsmenn Norðuráls segja álitið ekki kæranlegt til ráðherra, og því hafi kæran ekki áhrif á framkvæmdina.

Norðurál hefur tryggt sér næga orku fyrir 250 þúsund tonna álver í Helguvík. Orkuveita Reykjavíkur hefur samið um að selja 100 megavött til fyrri áfanga, og undirritað viljayfirlýsingu um sölu á 75 megavöttum til seinni áfanga.

Hitaveita Suðurnesja hefur samið um að selja samtals um 230 megavött, þar af 100 til 150 til fyrri áfanga. Samningarnir eru háðir skilyrðum um leyfi og orkuöflun.

Þá hefur verið samið við Landsnet um raforkuflutning vegna álversins.



# HEILIR STURTU KLEFAR

## ÚR HERTU ÖRYGGISGLERI ALLAN HRINGINN

## EIN FLOTTASTA OG VANDAÐASTA VARAN Á MARKAÐNUM!




331-A Trapisulagaður
framopnun 90x90
8mm hert öryggisgler
allan hringinn




311-A Kantaður
heilopnun 80x80 og 90x90
8mm hert öryggisgler
allan hringinn




622-A Rúnaður
80x80 og 90x90
6mm hert öryggisgler
allan hringinn




611-A
Kantaður 8 mm hert öryggisgler
allan hringinn

**Innifalið í öllum:**

Hitastýrð blöndunartæki
Handsturtusett
Ömmustöng m stórum haus

**Stærðir:**

331-A 90x90
311-A 80x80 og 90X90
622-A 80x80 og 90x90
611-A 70x70, 75x75, 80x80 og 90x90

kynntu þér úrvalið á
www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# FERSKUR KJÚKLINGUR
# Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS



40% AFSLÁTTUR

Holta ferskar kjúklingabringur
**1559 kr/kg.** *MERKT VERÐ 2599 KR/*



40% AFSLÁTTUR

Holta fersk kjúklingalæri
**395 kr/kg.** *MERKT VERÐ 659 KR/*



40% AFSLÁTTUR

Holta ferskir kjúklingaleggir
**395 kr/kg.** *MERKT VERÐ 659 KR/KG.*




30% AFSLÁTTUR

Bónus ferskir kryddaðir kjúklingabitar- tilbúnir til eldunnar !
**349 kr/kg.** *MERKT VERÐ 399 KR/KG.*



398

Ferskur heill Holtakjúklingur **398 kr/kg.**

## LAMBIÐ KLIKKAR EKKI



1498

KS ferskt lambaprime **1498 kr/kg.**



499

KS ferskur lambabógur **499 kr/kg.**



299

KS frosin lambasvið **25% afsláttur**
**299 kr/kg.** *MERKT VERÐ 399 KR/KG.*

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00 TIL 19.30

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# GOTT VERÐ
## Ali
## ALI SVÍNAKJÖT




Ali ferskar svínakótilettur
**1019 kr/kg.** *MERKT VERÐ 1698 KR/KG.*




Ali ferskur svínabógur
**499 kr/kg.**




Ali ferskt svínahakk **30% afsláttur**
**589 kr/kg.** *MERKT VERÐ 841 KR/KG.*




Ali ferskar svínahnakkasneiðar
**1259 kr/kg.** *MERKT VERÐ 1798 KR/KG.*




KF einiberja kryddaða lambalærið **40% afsláttur**
**1199 kr/kg.** *MERKT VERÐ 1999 KR/KG.*




Hlutur íslenska ríkisins
í þessu verði
**1. kg: 1498 kr:**
er **542 kr.**
eða **36,2%** í formi
tolla og vsk.

Frosið innflutt ungnautagúllas
**1. kg. 1498 kr.**




Emmess ísblóm 6 stk . **259 kr.**




Myllu heimilisbrauð 770g **129 kr.**

*20 TONN Í BOÐI.*




Bónus ferskt íslenskt nautahakk
**898 kr/kg.**

# BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00 TIL 19.30

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Þrjár meginreglur:

## Lóa litla á Brú

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Sá vinsæli tónlistarmaður Bubbi Morthens og Geir H. Haarde forsætisráðherra sungu saman Lóa litla á Brú á tónleikum sem tónlistarmaðurinn stofnaði til í baráttu gegn kynþáttafordómum. Það framtak verðskuldar eftirtekt og eins hitt að forsætisráðherrann skuli leggja því lið með þessum hætti.

Víðast hvar á Vesturlöndum hefur sambúð fólks frá ólíkum menningarheimum og af mismunandi trú verið pólitískt viðfangsefni í áratugi. Í sumum tilvikum hefur aðlögun erlendra og jafnvel framandi þjóðfélagshópa tekist með ágætum. Í öðrum tilvikum hefur þessi þróun leitt til árekstra og illviðráðanlegra vandamála.

Þessi reynsla er ný af nálinni fyrir Íslendinga. Annað verður ekki sagt en að hér hafi hlutirnir í stórum dráttum gengið vel og fordómalaust fyrir sig. Einstaka brotalamir má þó finna. Árvekni gegn fordómum er því þörf. Tónleikarnir sem hér er vitnað til eru til marks um víðtækan og lifandi skilning á viðfangsefninu.

Aðfluttir Íslendingar hafa gegnt mikilvægu hlutverki. Hagsmunirnir af búsetu þeirra hafa þar af leiðandi verið gagnkvæmir. Ljóst er til að mynda að annað hvort hefði verðmætasköpun orðið minni hér á síðustu árum eða verðbólga meiri hefði þjóðarbúið ekki notið vinnufúsra handa fólks af erlendum uppruna.

Hætta á að fordómar grafi um sig er þó alltaf fyrir hendi. Eigi vel að fara er í raun og veru aðeins þörf á viðurkenningu allra sem hlut eiga að máli á þremur grundvallarreglum. Þær eru: Lýðræði, tjáningarfrelsi og jafnrétti. Ef þessi gildi samfélagsins eru virt af fólki ólíkrar trúar og af mismunandi menningarlegum uppruna á ekki að vera hætta á alvarlegum þjóðfélagslegum árekstrum. Ágreiningur um þau hlýtur á hinn bóginn að leiða til árekstra. Slíkur ágreiningur slítur sjálfkrafa teygju umburðarlyndisins.

Danir stríða nú við vanda af þessu tagi bæði inn á við og út á við. Lítill minnihluti innflytjenda í Danmörku sýnist ekki reiðubúinn til að viðurkenna þessi þrjú höfuðgildi danskrar samfélagsgerðar. Það nægir til að kveikja ófriðarelda.

Í tengslum við Múhameðsteikningarnar svonefndu á sínum tíma sættu Danir viðskiptaþvingunum af ýmsu tagi. Nú eru slíkar hótanir settar fram á nýjan leik. Tilgangurinn er að takmarka tjáningarfrelsi.

Alþjóðasamfélagið hefur stundum sameinast um viðskiptaþvinganir í baráttu gegn ofríki og skoðanakúgun. Með öðrum orðum í þágu lýðræðis og mannréttinda. Stundum er þessu úrræði beitt gegn þjóðum sem þykja ógna friði. Alþjóðasáttmálar heimila einnig úrræði af þessu tagi til verndar dýrum.

Hitt er nýtt að efnahagslega áhrifaríkar þjóðir beiti smáþjóðir viðskiptaþvingunum eða setji fram hótanir þar að lútandi til þess að brjóta á bak aftur stjórnarskrárvarin mannréttindi eins og tjáningarfrelsi og jafnræðisreglu. Þróun af þessu tagi kallar á árvekni og samstöðu.

Danir þurfa að finna að þeir standi ekki einir þegar sjálfum grunngildum vestrænnar nútímamenningar er ógrað. Íslendingar hafa skyldum að gegna á því sviði, ekki síst þegar vinaþjóðir eiga í hlut.

Lóa litla á Brú getur líka verið áminning um að þessar fumreglur má ekki veikja í samskiptum þjóða eigi þær hér eftir sem hingað til að vera lykill að eðlilegum og árekstralausum samskiptum fólks af ólíkum uppruna í sama samfélagi. Sums staðar þarf að brjóta niður fordóma gegn tjáningarfrelsi.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




**Iðnaðarhurðir**

Loading systems iðnaðarhurðir, eru fáanlegar fyrir allar stærðir vöruhúsa og bílskúra.

**SINDRI**

Sími: 575 0000 www.sindri.is
Bæjarhraun 12, Hafnarfirði

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ósk



Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, hefur þungar áhyggjur af stöðu efnahagsmála og hefur margsinnis lýst þeim á Alþingi síðustu daga og vikur. Finnst honum ríkisstjórnin værukær og hefur boðið fram aðstoð flokks síns svo ná megi tökum á ástandinu. Guðni ítrekaði áhyggjur sínar í þinginu í gær og það má heita til marks um hve litla tiltrú hann hefur á að ríkisstjórnin geri eitthvað í málinu að hann sagðist vilja að forsætisráðherra gæti sungið erfiðleikana í burtu með sinni fallegu röddu.

### Draumur

Guðni hefur gripið til margs konar líkinga til að lýsa andvaraleysi ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Einn daginn sagði hann stjórnina sofa og að draumur hans væri að hún vaknaði. Í gær hefur hann vísast séð að draumurinn sá væri orðinn veruleiki því hann sagði stjórnina berja hausnum við stein. Það gerir varla sá sem sefur.

### Fíkn



Formaður Samtaka áhugafólks um spilafíkn er býsna ósáttur við að Birkir Jón Jónsson hafi viðurkennt að hafa spilað póker og að hann hyggist beita sér fyrir að póker verði heimill að lögum. Formaðurinn skilur lítt í Birki og segir á Vísi að framganga hans sé síst til þess fallin að hjálpa til í baráttunni gegn spilafíkn. Hvað sem mönnum finnst um þetta áhugamál Birkis er ómögulegt að tengja það sjúkdómnum spilafíkn. Það er nefnilega hægt að spila – og það upp á peninga – án þess að vera sjúkur. Og menn eiga ekki að þurfa að velja sér áhugamál og baráttumál út frá sjúkleika annarra. Þó þeir séu þingmenn.

bjorn@frettabladid.is

# Harðstjóri kveður



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

**Í DAG** | Fídel Kastró

Kúbverski einræðisherrann Fídel Kastró lýsti yfir því 19. febrúar, að hann hefði dregið sig í hlé. Eins og í Norður-Kóreu ganga völd þar syðra í erfðir, þó að eftirmaður Kastrós sé ekki sonur hans, heldur bróðir, Raúl Kastró. Undir stjórn Kastrós hefur Kúba breyst í sannkallað fátæktarbæli. Landið er einnig lögregluríki. Þetta kemur ekki á óvart. Hið sama gerðist á Kúbu og annars staðar, þar sem kommúnistar tóku völd. Hitt er furðulegra, hversu margir íslenskir róttæklingar eru viðhlæjendur Kastrós. Til dæmis reyndi aðaltalsmaður Samfylkingarinnar í kosningunum 1999, Margrét Frímannsdóttir, eitt sinn í Kúbuferð að ganga á fund Kastrós, þótt hann nennti ekki að taka á móti henni. Sumir samkennarar mínir í Háskóla Íslands hafa verið sjálfboðaliðar á sykurekrum eyjunnar.

### Fjöldaaftökur og fangabúðir

Strax og Kastró hrifsaði völd í janúarbyrjun 1959, hófst blóðbað. Í tveimur stærstu fangelsum Havana-borgar, La Cabaña og Santa Clara, voru mörg hundruð fangar leiddir fyrir eins konar alþýðudómstól, dæmdir til dauða og teknir af lífi. Kastró hafði lofað frjálsum kosningum, en tilkynnti brátt, að þeirra gerðist ekki þörf. Lýðræðissinnar, sem höfðu í fyrstu unnið með honum, hurfu hver af öðrum úr stjórninni. Þeir voru ýmist fangelsaðir eða flýðu til Bandaríkjanna. Óháð dagblöð hættu að koma út. Ofsóknir hófust gegn kaþólsku kirkjunni. Upplýstu miðstéttarfólki leist ekki á blikuna. Rösku ári eftir byltinguna hófst flóttamannastraumur til Bandaríkjanna.

Kúgunin færðist í aukana næstu ár. Þeir samstarfsmenn Kastrós, sem taldir voru luma á sjálfstæðum skoðunum, voru settir í fangelsi eða skotnir. Rithöfundarnir Heberto Padilla og Reinaldo Arenas flýðu til Bandaríkjanna. Skáldin Pedro Luis Boitel og Armando Valladares voru send í fangabúðir. Boitel veslaðist þar upp og dó, en Valladares lifði af, slapp til Bandaríkjanna fyrir bænarstað Mitterrands Frakklandsforseta og skrifaði fræga lýsingu á 22 ára vist í kúbverskum fangabúðum, Against all Hope (Gegn allri von). Öryggislögregla, sem var stofnuð strax eftir valdatöku Kastrós, hefur nánar gætur á hugsanlegu andófi. Í munni alþýðu manna heitir hún „Rauða Gestapó“. Ein sveit öryggislögreglunnar hefur það hlutverk að drepa útlaga, sem taldir eru hættulegir Kastró. Til dæmis var Elias de la Torriente myrtur í Miami og Aldo Vera í Púertó Ríkó.

### Viðskiptabann og heilsugæsla

Tölum blæðir ekki eins og mönnum, en þær segja sitt. Fyrsta áratuginn undir stjórn Kastrós voru milli sjö og tíu þúsund manns teknir af lífi af stjórnmálaástæðum og um 30 þúsund manns sendir í fangabúðir. Það er ekki að furða, að Kúbverjar hafa greitt atkvæði „með bátsárunum“. Af 11 milljónum, sem telja sig Kúbverja, búa tvær milljónir erlendis. Líklega flúðu fleiri fátæktina en kúgunina. En sama fólk og telur, að viðskiptabanni Bandaríkjanna á Kúbu megi kenna um fátæktina, hefur jafnan haldið því fram, að suðrænar þjóðir séu fátækar vegna viðskipta við Vesturveldin. Báðar kenningarnar geta ekki verið réttar. Ég hygg, að hin fyrri sé rétt. Frjáls viðskipti eru öllum í hag. En viðskiptabannið ræður ekki úrslitum um það, að Kúba er fátæktarbæli, enda stunda Kúbverjar viðskipti við flestar Evrópuþjóðir.

Aðdáendur Kastrós segja, að heilsugæsla hafi batnað undir stjórn hans. Í reynd er þrenns konar heilsugæsla á Kúbu. Ein er fyrir útlenda ferðamenn, sem greiða í gjaldeyri, og hún er prýðileg. Önnur er fyrir starfsmenn kommúnistaflokksins, sem hafa ekki heldur undan neinu að kvarta. Hin þriðja er fyrir allan almenning, og hún er hörmuleg. Læknar og hjúkrunarfólk fá mjög lág laun, tæki og lyf eru af skornum skammti, sjúkrahús yfirfull og aðbúnaður vondur. Nokkrir sjúkdómar, sem hefur verið að mestu útrýmt á Vesturlöndum, svo sem berklar og holdsveiki, láta þar aftur á sér kræla. Barnadauði er lágur, vegna þess að stjórnvöld reyna að halda honum niðri með því að eyða fóstrum, sem ekki eru líkleg til að fæðast heilbrigð.

### Hvar er eggjakakan?

Harðneskja sú, sem Stalín, Maó og minni spámenn eins og Kastró notuðu til að endurskapa skipulagið eftir sínu höfði, er stundum réttlætt með því, að ekki sé unnt að baka eggjaköku nema með því að brjóta eggin. En eggjakakan er hvergi finnanleg á Kúbu Kastrós. Baksturinn var til einskis.

# Í takt við tímann?

**UMRÆÐAN**

Orkumál



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

Ígrein í Fréttablaðinu í gær leikur penninn í höndum Stuðmannsins og hinnar eilífu vonarstjörnu Jakobs Magnússonar sem bregður fyrir sig marghættuðum líkingum og fer mikinn í því að gæða REI-málið spennusagnakenndu yfirbragði og vantar ekkert nema Hammondinn undir, taktfast slagverk og jarijarírelliiiii í anda Strax eða Stuðmanna. Búningar og sviðsljós hæfa stílnum, spennan magnast og stuðið á sviðinu. Kynntur er til sögunnar bjargvættur útrásar, vinur vina sinna, réttur maður á réttum tíma í réttum partíum. Að vera ópp tú deit er okkar innsta þrá.

Orkuveita Reykjavíkur er ekki viðskiptatækifæri. Orkuveita Reykjavíkur er fyrirtæki í eigu almennings, samfélagsins. Orkuveita Reykjavíkur er ekki til sölu. Hvorki að hluta eða í heild. REI er heldur ekki til sölu en verður áfram í útrás. Með þekkingu Orkuveitunnar og sambönd en líka í samstarfi við einkaaðila þar sem það á við. Til að búa til betri heim. Fyrir loftslagið, framtíðina og í anda þróunarsamvinnu. Hagnaðarvonin síðar eða jafnhliða. Búningarnir og partíin seinna.

Tuttugu og þrír milljarðar fyrir hvað? Jakob nefnir sex milljarða virði REI núna en þar að auki var á sínum tíma hluturinn í HS upp á 8,6 milljarða sem hefur verið afturkallaður og er ekki lengur inni í REI. Einkaréttarsamningurinn til tuttugu ára var jafnframt reiknaður upp á tíu milljarða í samrunaáætluninni en nær ekki því máli í tilboði Glitnis. Það er nú öll viðskiptasnilldin.Tíu pús 8,6 plús 6 eru nefnilega 24,6 milljarðar en ekki 23. Við eigum þetta allt ennþá og öll þau tækifæri sem í því felast. Vildi Jakob selja?

Stjórnmál snúast um hagsmuni heildarinnar eða eiga að gera það. Hagsmuni þess almennings sem greiðir skatta til samneyslunnar. Samneyslan er ekki hugsuð til að kaupa búninga eða halda partí heldur til að tryggja stöðugt og gott samfélag. Það gerum við líka með því að sjá til þess að okkar góða starfsfólk búi við góð kjör í ögrandi starfsumhverfi. Líka starfsfólk Orkuveitunnar og REI. Það er viðfangsefni næstu vikna og mánaða að svo megi verða en nú heldur hreinn hægri meirihluti um stjórnvölinn þar eins og í borginni allri. Meirihluti Jakobs, Villa og Ólafs F.

Já, að vera í takt við tímann getur tekið á. Þar verður hver að gæta að sínu hlutverki. Fulltrúi almennings og hagsmuna heildarinnar verður að standa sína vakt en aðrir sjá um stuðið og búningana hér eftir sem hingað til. Búgalú og amen eftir efninu.

*Höfundur er borgarfulltrúi.*

# Þróunaraðstoð við Ísland?

**UMRÆÐAN**
Þróunarmál


STEFÁN JÓN HAFSTEIN

Ef einhver frasi í íslenskriumhverfisverndarumræðu er þreyttur og fótum troðin er það sá sem segir að „náttúran njóti vafans“. Ekki man ég hvenær það gilti síðast. En ég hrífst af því sem hið „vanþróaða“ ríki Namibía gerir á mörgum ferðamannastöðum sínum og þjóðgörðum. Namibía þiggur þróunaraðstoð frá Íslendingum; en við getum margt lært af hérlendum um þessi mál. Nýlegt dæmi er staðurinn Twyfelfontain sem samþykktur var á heimsminjaskrá UNESCO, enda eru þar mörg þúsund ára myndskreytingar frumbyggja á steinum í eyðimörkinni. Svæðið er afgirt og bílastæði í nokkurri fjarlægð. Allir greiða aðgang í litlu aðkomuhúsi þar sem er smekkleg sýning og útskýringar á því sem markvert er á staðnum. Húsið er fallega hannað, gert úr náttúrulegum efnum sem falla í umhverfið og hægt að rífa það án ummerkja ef einhvern tímann verður þörf fyrir. Allt afturkræft. Enginn fer inn á svæðið nema í fylgd með leiðsögumanni og aldrei fara fleiri saman en átta í einu í hópi. Allt er skipulegt og þess gætt að einungis tiltekinn fjöldi ferðamanna sé á svæðinu hverju sinni.

Annað merkissvæði í landinu er Ethosa þjóðgarðurinn sem átti 100 ára afmæli í fyrra. Það var stórkostleg framsýni sem lá að baki þess að svæðið var friðað: Þarna eru dásamlegar villidýralendur sem teljast með því besta í Afríku. Upphaflega friðlandið var á stærð við Ísland, en því miður hefur verið gengið á það á liðinni öld; eftir er svæði sem er á stærð við fjórðung Íslands. Á stærð við miðhálendið okkar.

**Hvað ef við varðveittum okkar land svona?**

Ég gat ekki varist því að hugsa um hálendi Íslands þegar ég heimsótti garðinn nokkrum sinnum í fyrra. Auðvitað gilda þarna reglur sem mótaðar eru af því að í garðinum eru grimm villidýr og hættuleg fólki. En draga má ákveðnar samlíkingar.

Ethosa er vandlega afmarkað svæði og þangað fer enginn inn nema um ákveðnar leiðir gegnum skráningarhlið. Ökutæki og fjöldi farþega er skráður, einnig ætlaður dvalartími. Hvergi má gista nema á afmörkuðum svæðum sem tekin eru frá, þar bjóðast góð hótelherbergi með þægindum og þjónustu sem og tjaldstæði. Þessi þjónustusvæði eru aðeins þrjú í garðinum öllum, þar eru matsölustaðir, gisting og leiðsögn. Athygli vekur að 100 ára afmælið var notað til að gera upp þessa staði og það gert í látlausum en fallegum stíl sem er samhæfður; greinilegt að fólk með smekk kom að. Engar kofaþyrpingar, að hruni komnir bensínskúrar eða gámar á víð og dreif eins og íslenski stíllinn segir til um. Allir verða að vera í náttstað fyrir sólsetur. Umferð er algjörlega bundin við ákveðna slóða, annars staðar er merkt að ekki megi aka, og auðvitað hvergi utan vega. Merkingar eru látlausar og falla vel að umhverfi, allir fá vandað kort sem sýnir það helsta og hvar má fara. Enginn má fara út úr bílnum nema á afmörkuðum hvíldarsvæðum og útsýnisstöðum. Hluti af garðinum er lokaður ferðamönnum nema í fylgd leiðsögumanna. Ströng viðurlög gilda ef reglur eru brotnar. Hófleg gjöld standa undir hluta kostnaðar. Náttúran nýtur ekki vafans, hún á réttinn. Dýr, gróður, vatn – allt sem gerir garðinn að því undri sem hann er nýtur forgangs; maðurinn er gestur.

**Ef svona gilti um hálendi Íslands?**

Namibíumenn búa að þeirri framsýnu ákvörðun að gera Ethosa að þjóðgarði fyrir öld. Fólk flýgur í sólahring og ekur dagleið til að komast frá Evrópu til Ethosa að skoða. Það er núna fyrst að við Íslendingar silumst til þess að búa til Vatnajökulsþjóðgarð, og hálendið er stjórnlaust. Hálendisþjóðgarður Íslands væri í 2-3ja klst. fjarlægð frá helstu heimsborgum Evrópu. Auðvitað höfum við ekki villidýrin afrísku. En margt annað sem er einstætt og fagurt svo undrun sætir. Jökla, eldfjöll, hveri, auðnir og þögn sem gott væri að gefa forréttindi á Íslandi, svo margir fái notið um framtíð. Við gætum leyft fjölbreytta og frjálsa fjallamennsku í bland við skipulagða þjónustu við þá sem slíkt vilja kaupa. En í stað þess að fylgja fordæmi Namibíu er draslaramenning á hálendinu, fífldjörf ævintýramennska, skipulagslaus og ljót þjónustusvæði og eftirlitslaus umferð. Náttúran nýtur nauðgunar og á lítinn rétt sem enginn gætir af trúmennsku enda engin heildarstefna í gildi. Þingvellir komust á heimsminjaskrá, en í stað þess að gera eins og Namibíumenn við Twyfelfontain, leggjum við hraðbraut í gegn. Kannski við ættum að biðja um þróunaraðstoð frá Namibíu?

*Höfundur starfar fyrir Þróunarsamvinnustofnun í Namibíu.*

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Framtíðarlykillinn brotinn

**Maja Loebell framhaldsskólakennari skrifar:**

Íslenska stúdentsprófið hefur hingað til verið metið sem lykill að háskólanámi sem opnar dyr að flestum háskólum bæði hérlendis og erlendis. Með sumum breytingum sem fyrirhugaðar eru í frumvarpi um nýja menntastefnu er þessi lykill brotinn. Margt í frumvarpinu er óljóst en virðist stefna í þá átt að gera íslenska stúdentsprófið að gagnslitlu plaggi. Nú þegar er Háskóli Íslands tekinn að íhuga að taka upp fornám og inntökupróf fyrir nemendur sem útskrifast eftir breytingarnar sem lagðar eru til í frumvarpi menntamálaráðherra. Ekki þarf að spyrja að því hvernig íslenska stúdentsprófið verður metið erlendis fyrst heimamenn taka það ekki lengur gilt sem undirbúning að háskólanámi. Ætli íslenskir stúdentar verði þá settir á sama bekk og námsmenn frá þróunarlöndum þar sem skólakerfið er víða ekki í stakk búið að undirbúa þá undir háskólanám og þurfi því að sitja í fornámsdeildum með tilheyrandi kostnaði? Er þetta það sem við viljum?

### Leitum til Hjálmars

**Jón Eyfjörð skipstjóri skrifar:**

Ég tel að í þeirri stöðu sem fiskifræðingar telja að loðnustofninn sé í núna þá eigi að kalla til okkar fremsta fiskifræðing á sviði uppsjávarfiska (loðnu og síldar), Hjálmar Vilhjálmsson, og fela honum stjórn þessara mála næstu daga og vikur.
Hann er sá maður sem ég hef leitað mest til í minni skipstjóratíð undanfarin tuttugu og fimm ár. Ég hef átt við hann ófá símtölin þegar ekki finnst loðna eða síld. Ég veit að ég tala fyrir munn okkar margra skipstjóranna sem höfum unnið með Hjálmari í gegnum tíðina. Skora ég á Hafró að taka þessa ábendingu til greina. Það er allt of mikið í húfi til að menn séu að taka ákvarðanir sem kannski eru ekki réttar.

TM

Tilfinningatjón er ekki metið til fjár

**Áfallahjálp hjá TM**

Þeir sem eru vel tryggðir fá efnisleg verðmæti sín bætt, en eftir stendur oft tilfinningatjón sem ekki verður metið til fjár. Það er vel þekkt staðreynd að áföll eða slys geta haft í för með sér áfallastreitu og leitt til langvarandi áfallaröskunar ef ekki er gripið í taumana.

**TM gengur nú skrefinu lengra í þjónustu sinni og er eina tryggingafélagið á Íslandi sem býður tjónþolendum upp á áfallahjálp.
Áfallahjálpin er veitt af sálfræðingi og er innifalin í Heimatryggingu TM.
Þannig vinnum við saman úr áfallinu og stuðlum að því að það hafi ekki neikvæðar afleiðingar til lengri tíma fyrir viðskiptavini okkar.**

**Áfallahjálp** TM

**TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN** / Sími 515 2000 / tm@tm.is / www.tm.is



Það er góð regla að lesa vel tryggingaskilmálana, þeir eru sá grundvöllur sem samskipti þín og TM byggjast á. Hringdu í síma **515 2000** eða farðu á **www.tm.is** og fáðu skýr svör.

# 11. boðorðið og mannát

**UMRÆÐAN**
Fiskveiðar



GUNNAR S. ÁRMANNSSON

Málefni tengd fiskveiðum og vinnslu hafa fjarlægst daglega umræðu okkar Íslendinga. Þessi þróun hefur gerst hratt á síðustu áratugum. Sennilega hefur afli, spretta og veður verið forfeðrum okkar hugleikin sl. þúsund ár eða svo. Á mannamótum í dag eru þeir sem ræða um sjómenn eða bændur í þaula álitnir svolítið skrítnir. Aðrir hlutir þykja fínni umræðuefni svo sem bankar, peningar og viðskipti.

Ég veit ekki hvort þessi þróun í samfélaginu sé ástæðan fyrir því að líffræðingarnir á Hafrannsóknastofnun fóru að beita hagfræði við fiskeldi.

Hvað sem því líður þá stöndum við frammi fyrir því að hagfræði þeirra hefur skilað okkur hörmulegum árangri í fiskeldi. Hagfræði Hafró gengur út á það að banna mönnum að veiða fisk. Þetta er orðið eins og 11. boðorðið í íslensku þjóðlífi. Meðan við höfðum eingöngu 10 boðorð virkaði þetta vel. Þá sá náttúran um sig sjálf. Ef það var bræla var ekki farið á sjó, það er eins í dag. Ef netin voru hálftóm flutti flotinn sig til. Þegar menn gátu veitt þá veiddu þeir hvað þeir gátu. Samt var alltaf fiskur í hafinu.

Svo kom 11. boðorðið. Bannað að veiða fisk og sérstaklega ekki lítinn ungan fisk. Hver er niðurstaðan? Vægast sagt hörmuleg. Það er ekki mikið af fiski í hafinu. Sá fiskur sem veiðist er horaður með magafylli af afkvæmum sínum. Fiskurinn er ekki bara horaður heldur mun minni en jafnaldrar hans voru þegar menn veiddu eins og þeir gátu.

Þegar við sjáum fréttamyndir af manneskjum sem hafa lent í hungursneyð, rýr, sljó og með þaninn maga vegna eggjahvítuskorts, hvað gerum við þá? Sendum þeim mat, ekki satt? Nú, ef þessar manneskjur fá engan mat þá deyr stærsti hlutinn og þeir sem lifa af verða vel nærðir og sterkir. Ef mannát væri viðurkennd iðja hjá mannskepnunni þegar ekkert annað væri á boðstólum þá kæmi hungursneyðin mun síður fram, ekki satt?

Ég læt öðrum eftir að hártogast frekar með hagfræðikenningar Hafró, enda botnar enginn neitt í þeim. Meginniðurstaðan er sú að takmörkun veiða hefur ekki skilað þeim árangri sem vænst var. Það er ekki ásættanlegt að það sem við höfum haft úr býtum sé horaður, vanþroska fiskur fullur af sjálfum sér. Við ætlumst til betri árangurs þegar mestu mannvitsbrekkur landsins eiga í hlut. Borið saman við almennt hyggjuvit forfeðra okkar þá er árangurinn ansi rýr.

Ég tel að í þessu máli sé brýn þörf á uppstokkun og endurskoðun allra málavaxta. Það er ekki ásættanlegt að bæði þorskurinn og mannlíf úti á landi sé nánast að engu orðið. Í þúsund ár beittu forfeður okkar hyggjuvitinu í umgengni sinni við náttúruna en ekki hagfræði. Hagfræði á vel heima á öðrum sviðum mannlífsins. Að lokum tel ég nauðsynlegt að innleiða sjálfbæra þróun bæði í fiskveiðistjórnun og Hafrannsóknastofnun ríkisins.

*Höfundur er læknir.*












**Rauða** húsið á Eyrarbakka býður upp á glæsilegar þriggja og fimm rétta kvöldmáltíðir um helgina í tilefni hátíðarinnar Fóður og fjör sem haldin verður á landsbyggðinni í fyrsta skipti.

**austurlamb.is** er vefsíða þar sem hægt er að kaupa lambakjöt beint frá ákveðnum bóndabýlum á Austurlandi. Á síðunni má fá upplýsingar um býlin, finna uppskriftir og lesa ummæli kaupenda.



**Fermingartímabilið** er fram undan og um að gera fyrir þá sem eru að ferma börnin sín í ár að fara að huga að veisluföngum ef bjóða á mörgum gestum.




2 fyrir 1

á skíði

til Austurríkis

23. febrúar og 1. mars

frá kr. 19.990



***Síðustu sætin***

Heimsferðir bjóða frábær tilboð á síðustu sætunum á skíði í Austurríki í febrúar og mars. Bjóðum vikuferðir 23. febrúar og 1. mars; frábær sértilboð á flugsætum og frábær tilboð á flugi og gistingu. Þú bókar tvö flugsæti en greiðir aðeins fyrir eitt. Tryggðu þér skíðafrí á besta verðinu og bókaðu strax. Mjög takmarkað framboð flugsæta.

Verð Kr. 19.990
Flugsæti með sköttum. 23. febrúar eða 1. mars. Netverð á mann.

Verð Kr. 49.990
Flug og gisting í viku
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á gististað ”án nafns” í Zell am See / Schuttdorf / Lungau með morgunverði í 7 nætur (sjá skilmála ”stökktu tilboðs”). Sértilboð 23. febrúar og 1. mars.

Verð Kr. 59.990
Vikuferð með hálfu fæði
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Skihotel Speiereck *** í Lungau með hálfu fæði í 7 nætur. Sértilboð 1. mars.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.




Ragnheiður fer oft nýjar leiðir í matargerð sinni og notar mikið af grænmeti og ávöxtum í matargerð sína. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Einfalt og seðjandi

***Ragnheiður Harvey, dagskrár- og fjölmiðlafulltrúi Norræna hússins, hefur mikinn áhuga á mat og matargerð.***

„Ég er hrifin af alls konar mat úr grænmeti og ávöxtum, ég borða lítið kjöt en mikinn fisk. Mér þykir gott að nota kúskús, hrísgrjón og pasta,“ segir Ragnheiður. Á einum rétti hefur hún miklar mætur þessa dagana og það er svokallað hrísgrjónasalat sem hún rakst á í matreiðslubók. Fljótlegur og bragðgóður réttur fyrir þá sem vilja öðruvísi hrísgrjón með matnum.

„Ég rakst á þennan rétt í matreiðslubók fyrir grænmetisætur og ákvað að prófa og hann sló í gegn. Rétturinn er mjög seðjandi og fínn en umfram allt mjög einfaldur, hann er alveg laus við meiri háttar eldamennsku,“ útskýrir Ragnheiður og bætir við: „Ég nota réttinn bæði sem aðalrétt og einnig sem meðlæti þegar ég er með annað hvort fisk eða kjöt.“

Innihaldslýsing og aðferð fylgja með: „Rétturinn er afar einfaldur í gerð og samanstendur hann af 250 grömmum af brúnum hrísgrjónum, hálfri teskeið af túrmerik og hafsalti, safa og börk af hálfri sítrónu, sex matskeiðum af blönduðum ferskum jurtum t.d. steinselju, myntu, graslauk og estragoni. Svo er það einn stór avakadó og sextíu grömm af pistasíuhnetum án hýðis og ristuðum kasjúhnetum. Aðferðin er þannig að hrísgrjónin eru soðin, sítrónubörkurinn er rifinn og safinn geymdur. Jurtirnar eru niðurskornar og blandað við soðin hrísgrjónin og það kælt. Avókadóið er skrælt og steinninn tekinn úr, skorið í bita og velt upp úr sítrónusafanum. Síðast er svo hnetunum og avókadóinu blandað saman með hrísgrjónunum og jurtunum,“ lýsir Ragnheiður.

Nýlega hófst matarhátíðin Kræsingar og kæti í Norræna húsinu þar sem kynning á nýrri norrænni matargerð stendur yfir. Þar eru mættir bestu matreiðslumenn Norðurlandanna sem ætla að sýna listir sínar næstu daga. Ragnheiður hvetur sem flesta til að koma í Norræna húsið um helgina enda nóg í boði sem gæti kitlað bragðlaukana. *mikael@frettabladid.is*







**Spergilkál** er íslenska orðið yfir brokkólí en spergill er aftur á móti íslenska heitið á aspas. Bæði eru rík af fólínsýru.



Ekta fiskur

Ekta réttir
NÝJUNG

Sérfræðingar í saltfiski

Fyrir verslanir, veitingahús, mötuneyti og stóreldhús, til suðu eða steikingar

- Saltfiskbitar, blandaðar stærðir
- Saltfiskhnakkar, tvær stærðir (lomos)
- Saltfiskkurl
- Gellur
- Gollaraþunnildi
- Ýsuflök og -hnakkar
- Steinbítskinnar og -bitar
- Þorskhnakkar
- Rækjur

Einnig frábært úrval tilbúinna rétta frá **Ekta réttum**, kíkið á vörulistana á netinu!

PÖNTUNARSÍMI:
466 1016
www.ektafiskur.is

# Saltfiskur á föstu-dögum

***Alla föstudaga til 14. mars er boðið upp á saltfisksmáltíð í hádeginu á Kaffitorgi Neskirkju í tilefni föstunnar.***


Ólafía býður upp á suðrænan saltfisksrétt í hádeginu á Kaffitorgi Neskirkju á föstunni.

„Við byrjuðum á þessum sið á föstunni í fyrra að bera saltfisk á borð á föstudögum,“ segir Rúnar Reynisson, starfsmaður Neskirkju, og segir tengsl föstu og saltfisks ævagömul. „Íslendingar hafa framleitt saltfisk á Evrópumarkað um aldir. Hann fór einkum til kaþólsku landanna því þar neytti fólk ekki kjöts eftir öskudag sem er kjötkveðjuhátíð. Saltfiskurinn varð aðaluppistaða fæðunnar næstu vikur. Fisksala Íslendinga glæddist því jafnan þegar fastan nálgaðist og enn fer mikið af honum til Spánar og Portúgals. Þangað sækjum við þessa hefð og þaðan eru uppskriftirnar komnar. Það er sem sagt suðrænn saltfiskur hér á borðum þar sem ólífur, tómatar og fleira Miðjarðarhafstengt kemur við sögu.“

Rúnar segir jafnan haldinn smá fyrirlestur undir borðum. „Fyrst talaði Sigurbjörn Einarsson biskup, næstur var Jón G. Friðjónsson íslenskufræðingur, sem hefur skoðað biblíuna vel, og í dag er Óskar Sævarsson, forstöðumaður Saltfisksetursins. Næsta föstudag verður Valur Valsson, fyrrverandi kaupfélagsstjóri, með tölu. Útgangspunkturinn hjá öllum er viðskipti, saltfiskur og trú.“

Ólafía Björnsdóttir er matráður í Neskirkju. Hún er með opið veitingahús frá átta á morgnana til fjögur á daginn. „Hér borða allmargir á Kaffitorginu dags daglega,“ segir hún. „Bæði þeir sem eiga erindi í kirkjuna, nemendur sem hér hafa aðstöðu og svo gestir og gangandi.“ Hún tekur fram að saltfisksmáltíðin kosti 1.200 krónur og af þeirri upphæð renni 300 kr. til Hjálparstarfs kirkjunnar. *gun@frettabladid.is*



Food & Fun




ICELANDAIR WWW.ICELANDAIR.IS
Reykjavíkurborg
ICELANDIC AGRICULTURE
Landsbankinn
N1 HAGKAUP Ölgerðin HÚSASMIÐJAN ALNO

# FÖSTUDAGUR

22. FEBRÚAR 2008

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS


ÞORVALDUR SKÚLASON
DÆMIR HÆÐINA

## HERRATÍSKAN
eins og hún leggur sig

10 hlutir Jóels Pálssonar



## *Helgin 22.-24. febrúar*



**LAUGARDAGUR:**
Breski plötusnúðadúettinn Kiki-Ow og Davo mun þeyta skífum á skemmtistaðnum Organ í Hafnarstræti þar sem tónlist frá síðustu fimm áratugum verður spiluð blönduð saman við brit-popp, rokk, nýbylgjutónlist og electroclash.

Matarhátíðin Food and fun stendur nú sem hæst og ættu matgæðingar að nýta sér þetta einstaka tækifæri. Hápunktur hátíðarinnar verður tvímælalaust í Hafnarhúsinu á laugardaginn en þar verður dagskrá allan daginn sem endar með galadansleik hátíðarinnar seinna um kvöldið.

## HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA UM HELGINA?

*Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, framkvæmdastýra UNIFEM*

„Um þessa helgi verður engin slökun! Ég er á fullu að undirbúa stórt verkefni í vinnunni hjá UNIFEM sem kallast Fiðrildavika og er vitundarvakningarvika um ofbeldi gegn konum á stríðshrjáðum svæðum. Svo ætla ég að fagna með uppáhaldsfrænku minni sem mun útskrifast sem félagsfræðingur. Á sunnudaginn flýg ég svo til New York til að fara á kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna.“



## þú kemst ekki í gegnum vikuna …



… nema að skrá þig á dansnámskeið. Að dansa sig í gegnum kreppuna er algerlega málið.



… nema að átta þig á því að grænn er liturinn. Fjárfestu í 49 Himneskum uppskriftum úr smiðju Sollu á Grænum kosti og lærðu að borða grænt og gómsætt án þess að þurfa að hafa áhyggjur af vigtinni.



… nema að byrja að æfa fyrir maraþonið sem þú ætlar að hlaupa næsta sumar. Það verður allt of seint að byrja æfingarnar í júlí.



… nema að hitta vinina yfir vínglasi eða sódavatni þótt það sé mikið að gera. Stundum verður maður hreinlega að fá smá breik frá öllum krefjandi verkefnunum.

… nema að fá þér nýja klippingu. Hækkandi sól kallar á minna hár.




FÖSTUDAGUR

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar
**Ritstjóri** Marta María Jónasdóttir
*martamaria@365.is*
Bergþóra Magnúsdóttir
*bergthora@365.is*
**Forsíðumynd** Arnþór / Getty Images
**Útlitshönnun**
Arnór Bogason og
Kristín Agnarsdóttir
**Auglýsingar** Guðný Gunnlaugsdóttir
*gunnyg@365.is sími 512 5462*
**Föstudagur** Skaftahlíð 24
105 Reykjavík, sími 512 5000




Edda Björg Eyjólfsdóttir.



Hjónin Gunnar og Kolbrún.

*Hönnuðirnir Gunni og Kolla gerðu búningana fyrir Vígaguðinn*

# Kjóll Eddu Bjargar endaði á tískuvikunni í Köben

Leikritið Vígaguðinn er okkar fyrsta búningaverkefni fyrir leikhús. Þjóðleikhúsið vissi af hönnunarstúdíói okkar, Andersen & Lauth, og hafði samband við okkur þar sem við bjóðum upp á breiða línu af hönnun,“ upplýsir Gunnar Hilmarsson en hann og eiginkona hans, Kolbrún Petra Gunnarsdóttir, eru hönnuðir. Gunnar og Kolbrún, betur þekkt sem Gunni og Kolla, hafa verið áberandi í íslensku tískulífi í áraraðir en árið 1999 opnuðu þau verslunina GK og hófu framleiðslu á sínu eigin fatamerki, Reykjavík Collection. Fyrir þremur árum seldu þau GK og stofnuðu Andersen & Lauth en í dag er hönnun þeirra seld í tuttugu löndum í Evrópu og Asíu. „Það var haft samband við okkur með góðum fyrirvara og við höfðum því nægan tíma til að þróa týpurnar í verkinu sem eru tvö pör, hægrisinnað uppapar og vinstrisinnað bóhempar. Við enduðum á því að nota hönnun úr línunni okkar í bland við það sem við hönnuðum sérstaklega fyrir sýninguna,“ segir Gunni sem fer fögrum orðum um verkið og alla þá sem standa að sýningunni en það eru leikararnir Baldur Trausti Hreinsson, Þórunn Lárusdóttir, Friðrik Friðriksson og Edda Björg Eyjólfsdóttir sem fara með hlutverk þessa ólíku hjóna í leikstjórn Melkorku Teklu Ólafsdóttur. „Það var afar gefandi að vera í kringum þetta hæfileikaríka og skapandi fólk og veitti okkur mikinn innblástur. Ef maður gæti vildi maður alltaf fá að vera í kringum þannig fólk en lífið er víst ekki svo einfalt,“ bætir Gunni við. Umgjörð sýningarinnar hefur hlotið mikið lof þar sem búningar Andersen & Lauth skapa fallega heild með sviðsmynd og lýsingu en sú samvinna var ólík því vinnuferli sem Gunni og Kolla hafa kynnst. „Fyrir Vígaguðinn unnum við litapalettu búninganna á allt annan hátt en þegar við hönnum fatalínu, þar sem áherslan er lögð á það hvernig línan passar innbyrðis saman. Í búningahönnuninni þurftum við að velja litina og efnisáferð með sviðsmyndina og lýsinguna í huga, sem var skemmtilega samvinna,“ segir Gunni og bætir því við að þau hjónin gætu vel hugsað sér að starfa frekar við leikhús í framtíðinni. Eins og staðan er þó núna á haust- og vetrarlína 2008-9 Andersen & Lauth hug þeirra allan en kjóll Eddu Bjargar úr Vígaguðinum endaði í línunni og var sýndur á tískuvikunni í Kaupmannahöfn nú á dögunum. „Það má eiginlega segja að vinnan við þennan kjól nýttist okkur alla leið en við lögðum mikla vinnu í hann. Kjóllinn sjálfur var saumaður á Indlandi eftir okkar teikningum en við erum þar með frábært fólk sem vinnur fyrir okkur þar. Vinnan á bak við handverkið á kjólnum voru 25 klukkustundir en kjóllinn er eiginlega hálfgerð „couture“-flík og Edda Björg féll algjörlega fyrir honum,“ bætir Gunni við að lokum en líklega er þetta í fyrsta skipti sem íslensk búningahönnun endar á tískupöllum úti í hinum stóra heimi.

*bergthora@frettabladid.is*

## ÞORVALDUR SKÚLASON DÆMIR Í HÆÐINNI

# Flytja inn um helgina

Í þessu er verið að leggja lokahönd á húsnæðið í því ástandi sem það verður þegar pörin flytja inn í það á morgun,“ upplýsir Gulli Helga, þáttastjórnandi Hæðarinnar. „Þau munu búa í húsnæðinu í sjö til átta vikur og innrétta það í áföngum,“ segir Gulli. Pörin hafa verið kynnt innbyrðis og fer vel á með þeim þótt vissulega megi ætla að það geti breyst þegar líða tekur á þáttaröðina. Dómnefnd þáttarins er skipuð þeim Hallgrími Friðgeirssyni, innanhússarkitekt, Kristínu Guðmundsdóttur innanhússarkitekt og Þorvaldi Skúlasyni innanhússhönnuði, verslunareiganda G-star. „Leikstjóri þáttarins, Hrafnhildur Gunnarsdóttir, hafði samband við mig og bauð mér sæti í dómnefndinni. Ég þurfti aðeins að hugsa mig um en ákvað að slá til enda hef ég frá fyrstu tíð haft brennandi áhuga á arkitektúr og innanhússhönnun,“ segir Þorvaldur sem hefur haft yfirumsjón með innanhússhönnun margra skemmtistaða á Íslandi og gerði til dæmis b5. „Ég þekki ekki hina dómarana en við munum hittast í fyrsta skipti í dag og ég hlakka til að kynnast þeim,“ segir Þorvaldur en þetta verður hans frumraun á skjánum að frátöldum viðtölum sem hafa verið tekin við hann. „Ég verð að viðurkenna að þegar ég sá sjálfan mig í sjónvarpi í fyrsta skipti brá mér. Mér fannst ég tala allt of hratt og hugsaði að ég yrði heppinn að halda vinum eftir þessa útreið,“ segir Þorvaldur hlæjandi en þeir sem til hans þekkja eru sannfærðir um að hann muni njóta sín vel fyrir framan sjónvarpsvélarnar. „Ég ætla að koma hreint og beint fram og vera ég sjálfur og ég veit að það verður lítið mál með Hrafnhildi við stjórnvölinn en hún er mjög blátt áfram og eðlileg,“ segir Þorvaldur að lokum.

*bergthora@frettabladid.is*



Gulli Helga



Kristín Guðmundsdóttir



Þorvaldur Skúlason

Dell™ mælir með Windows Vista® Home Premium



XPS™ m1530 fartölva

189.900 kr.

152.530 kr. án VSK

Intel® Core™2 Duo örgjörvi T7250, 2,0 GHz (2MB L2 cache, 800 MHz FSB)
15,4" WXGA (1280x800) TrueLife Skjár
2GB, 667MHz, Dual Channel DDR2, vinnsluminni (2x1024MB)
160GB (5.400 rpm) SATA II harður diskur
8x DVD+/-RW geisladrif ásamt hugbúnaði
nVidia GeForce GO 8600M GT skjákort með 256MB minni
Innbyggð 2,0 mega pixla myndavél
Microsoft Vista™ Home Premium
3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS / 1 ár á rafhlöðu

# Grönn og öflug margmiðlunartölva

XPS m1530 er öflug fartölva sem er hönnuð til að keyra kröfuhörðustu forrit og grafík hvort sem er á skrifstofunni, heima eða á ferðinni.

FYRIRVARAR: Verð er tilboðsverð með vsk. og gildir meðan birgðir endast. Verð miðast við gengi og getur breyst án fyrirvara. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

Intel, the Intel logo, Intel Core, and Core Inside are trademarks of Intel Corporation in the U.S. and other countries.
© 2008 Dell Corporation Limited. Dell, the Dell logo, Precision are registered trademarks or trademarks of Dell Inc..

Gott fólk

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000

Penninn / Hallarmúla 4, Reykjavík / 540 2000 // R.Sigmundsson / Fiskislóð 84, Reykjavík / 520 0000 // Penninn Eymundsson / Sólvallagötu 2, Reykjanesbær / 421 1102 // Tölvu- og rafeindaþjónusta Suðurlands / Eyrarvegi 37, Selfoss / 480 3300 // Tölvun / Strandvegi 51, Vestmannaeyjar / 481 1122 // BVT / Austurvegi 15, Vík / 487 1510 // Bókaverslun Þórarins Stefánssonar / Garðarsbraut 9, Húsavík / 464 1234 // Penninn / Hafnarstræti 91-93, Akureyri / 540 2180 // Netheimar / Aðalstræti 27, Ísafjörður / 456 5006 // Kaupfélag Skagfirðinga / Ártorgi 1, Sauðárkrókur / 455 4500 // Mareind / Nesvegi 7, Grundarfjörður / 438 6611 // Omnis / Brúartorgi 4, Borgarnes / 433 0300 // Omnis / Dalbraut 1, Akranes / 433 0300 // Omnis / Tjarnargötu 7, Reykjanesbæ / 422 0300 // Martölvan / Litlu Brú 1, Höfn í Hornafirði / 478 1300

# Ellý og Hallgrímur skrifa ástarbréf í Eymundsson



Það er ástarfaraldur í Eymundsson og af því tilefni munu þau Ellý Ármanns, Hallgrímur Helgason og Sigríður Klingenberg hjálpa viðskiptavinum að skrifa bréf til elskhugans. Þegar Ellý er spurð að því hvernig ástarbréf eigi ekki að hljóma segir hún að það megi ekki vera í kvörtunartón. „Það má alls ekki hljóma svona: Ástin mín eina, við höfum ekki elskast í langan tíma, eigum við að reyna að gera það á konudaginn? Svona gengur þetta ekki upp. Fólk verður að einblína á hið jákvæða og virkja það,“ segir Ellý og segir að hún geti jafnvel kíkt í stjörnurnar fyrir viðskiptavini Eymundsson. Sjálf er hún dugleg að skrifa ástarbréf en hún segir að þau séu aðallega í formi sms-skilaboða. „Ég sendi Frey Einarssyni, manninum mínum, mikið af fallegum sms-um. Það sem skiptir mestu máli er að skilaboðin komi frá hjartanu,“ segir hún.



MORGUNMATUR HELGARINNAR

## Trukkurinn

Hinn ómótstæðilegi og margrómaði morgunverður Gráa kattarins, Trukkurinn, bjargar helginni. Orkuríkur morgunmatur sem samanstendur af eggjum, beikoni og amerískum pönnukökum, hvað þarf maður meir? Fullkomin byrjun á góðum degi.




RAGGA OG BIRNA Á EPLINU Þær eru þekktar fyrir fagleg vinnubrögð og mikla vandvirkni.

# Ferskleiki og vönduð vinnubrögð

Hárgreiðslumeistararnir Birna Hermannsdóttir og Ragnheiður Björk Hreinsdóttir slógu nýjan tón í hárgreiðslubransanum þegar þær opnuðu hárgreiðslustofuna Eplið, í Borgartúni, í fyrradag.

Birna og Ragga unnu áður saman um árabil hjá Stuhr í Kaupmannahöfn og síðar á hárgreiðslustofunni mojo/monroe í Templarasundi en þær stöllur hafa verið með eftirsóttustu hárgreiðslumeisturum síðustu ára. Hárgreiðslustofan er ákaflega nútímaleg en í afgreiðslunni er sjö metra langur bar þar sem kúnninn getur fengið sér kaffi og fleira á meðan hann bíður, ekki síst fersk epli. Jón Guðmundsson, arkitekt á teiknistofunni Vektor í Kópavogi, sá um hönnun stofunnar.

Þegar þær stöllur eru spurðar að því hvort nýja hárgreiðslustofan muni breyta miklu segja þær svo ekki vera því þær munu halda áfram á sömu braut. „Eplið er í anda þess sem við höfum verið að gera síðustu ár. Við munum leggja áherslu á að reka metnaðarfulla stofu fyrir dömur og herra þar sem vönduð vinnubrögð og ferskleiki verða í hávegum höfð,“ segja þær nýkomnar heim frá Stokkhólmi þar sem þær voru að kynna sér það heitasta í hártískunni. Þegar þær eru spurðar um tískustrauma vorsins segja þær að það verði öfgakenndir litir og skarpar línur. „Litirnir munu draga fram hörundslitinn og klippingarnar verða með skörpum útlínum og undirstrika þannig andlitslínurnar. Svo er hægt að breyta um stíl á augabragði með því að setja efni í hárið og rugla aðeins í því,“ segir Birna og hlær.

Þær stöllur stefna að því innan tíðar að bjóða upp á vörur frá Vidal Sasson. Stofnandi fyrirtækisins var mikill frumkvöðull en hann lagði grunninn að þeirri tækni sem nútíma hárskurður byggist á. „Hér áður fyrr var hár kvenna yfirleitt mótað með rúllum, en Vidal Sasson byrjaði að klippa hár kvenna með nýrri tækni til að fá nýjar línur og form í hárið,“ segir Ragga.

*martamaria@365.is*

# Skífulistinn topp 20

## Vinsælustu titlarnir

### VINSÆLASTA TÓNLISTIN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | Ýmsir | N | Femin 2008 |
| 2 | Lay Low | – | Ökutímar |
| 3 | Hjálmar | ↑ | Ferðasót |
| 4 | Mugison | ↑ | Mugiboogie |
| 5 | Jack Johnson | ↓ | Sleep Through The Static |
| 6 | Poetrix | N | Fyrir Lengra komna |
| 7 | Leona Lewis | ↓ | Spirit |
| 8 | Páll Óskar | ↓ | Allt fyrir ástina |
| 9 | Radiohead | – | In Rainbows |
| 10 | Villi Vill | ↑ | Myndin af þér |
| 11 | Cat Stevens | A | The Very Best Of |
| 12 | Ýmsir | ↓ | Pottþétt 45 |
| 13 | Led Zeppelin | ↑ | Mothership |
| 14 | Creedence Clearwater R. | A | Chronicle: 20 Greatest Hits |
| 15 | Mars Volta | A | The Bedlam In Goliath |
| 16 | Johnny Cash | A | Ring Of Fire |
| 17 | Álftagerðisbræður | ↓ | Álftagerðisbræður |
| 18 | Clapton | A | Complete Clapton |
| 19 | Sigur Rós | ↓ | Takk Limited |
| 20 | Hjaltalín | – | Hjaltalín |

A Aftur á lista N Nýtt á lista ↓ Lækkar frá síðustu viku ↑ Hækkar frá síðustu viku – Stendur í stað

### VINSÆLUSTU DVD

| | |
|---|---|
| 1 | Ratatouille |
| 2 | Næturvaktin |
| 3 | Superbad |
| 4 | Family Guy Blue |
| 5 | Mýrin |
| 6 | Astrópía |
| 7 | La vie en rose |
| 8 | Secret, The - íslenskt |
| 9 | Anna og Skapsveiflurnar |
| 10 | Shoot'em Up |
| 11 | Top Gear |
| 12 | fóstbræður Season 2 |
| 13 | Meet The Robinsons |
| 14 | Higschool Musical 1 |
| 15 | I Now Pron. You Chuck & Larry |
| 16 | Monster House |
| 17 | Planet Earth Box (5 discs) |
| 18 | Knocket Up |
| 19 | Pirates Of The Caribbean 3 |
| 20 | Simpsons The Movie |

Listinn gildir 22. - 29. febrúar 2008



















Skífulistinn er samantekt af mest seldu titlum í Skífunni og verslunum BT út um allt land.

S·K·Í·F·A·N



BERTONI
PIPAR • SÍA
FERMINGARFÖTIN KOMIN
SKYRTU Á HANN Í
HERRA HAFNARFIRÐI
Jakkaföt frá 6.900
Allar gallabuxur á 4.900
Peysur frá 1.000
Skyrtur frá 500 kalli!
Firði Hafnarfirði | Sími 565 0073
Nú er opið til kl. 18 á laugardögum
og frá 13 - 17 á sunnudögum.
Herra
hafnarfjörður

# fatastíllinn

*Birta Ísólfsdóttir nemi í fatahönnun*

*Fyrir hverju ertu veikust?:*
„Ég held að ég sé veikust fyrir mega háum hælum.“

*Uppáhaldsbúðin?:*
„Á Íslandi finnst mér langskemmtilegast að fara í KronKron og Trilogiu, annars er Henrik Vibskov-búðin í Köben líka í miklu uppáhaldi.“

*Eftirlætis flíkin í fataskápnum?:*
„Bernhard Wilhelm-peysan mín, hún er uppáhaldsflíkin mín,“

*Nauðsynlegt í fataskápinn?:*
„Háir sokkar, góðir vetrarskór, stór taska og lakk-kápa.“

*Hvað langar þig mest í fataskápinn þessa stundina?:*
„Mig langar mest í þröngar leðurbuxur og Marc Jacobs skó.

## Fær innblástur af bloggsíðum

Föt gegna stóru hlutverki í lífi Birtu Ísólfsdóttur, nema á fyrsta ári í fatahönnun við Listaháskóla Íslands. Hún útskrifaðist af myndlistarbraut Fjölbrautaskólans í Breiðholti en á meðan hún var í skólanum seldi hún hönnun sína í Nakta apanum. Birta er nú á leiðinni til Parísar með bekknum sínum í Listaháskólanum en árlega fer hópur fyrsta árs nemendanna og starfar fyrir hönnuði í mekka tískunnar.

**Hvernig myndir þú lýsa eigin stíl?** „Þröngar buxur, peysur í yfirstærð og hælaskór.“

**Hvaðan sækir þú innblástur þegar kemur að fatastílnum? Áttu þér einhverja fyrirmynd?** „Ég skoða tískutímarit, les bloggsíður og hugsa að innblásturinn komi helst frá því. Mín helsta fyrirmynd er fatahönnuðurinn Madeleine Vionnet en hún var ein af áhrifamestu fatahönnuðum 20. aldar.“

**Hvar verslar þú helst?** „Ég versla eiginlega bara úti um allt og get fundið ótrúlegustu hluti á fáránlegum stöðum.“

**Átt þú þér þinn uppáhaldshönnuð?** „Þýski fatahönnuðurinn Bernhard Willhelm er einn af mínum uppáhaldshönnuðum.“

**En uppáhaldsfatamerki?** „Það er oft hægt að finna eitthvað fallegt og ódýrt í Top Shop og H&M.“

**Bestu kaupin?** „Ég geri góð kaup í hvert skipti sem ég kaupi mér eitthvað nýtt enda réttlæti ég alltaf öll fatakaup.“

**Verstu kaupin?** „Ég hef tvisvar keypt mér lágbotna „vintage“ sparískó en sólinn datt af báðum pörunum eftir að ég hafði notað þá einu sinni og þeir verða því eiginlega að teljast mín verstu kaup.“

**Hvað finnst þér um íslensku tískuna?** „Hér eru margar einkareknar tískuverslanir, sem sjálfsagt eru reknar af hugsjóninni einni saman. Það gerir tískuna líflega.“

bergthora@frettabladid.is


3


5


4


2


1

**1** „Henrik Vibskov-peysan mín en hún er uppáhaldsflíkin mín í fataskápnum.“

**2** Adidas-skór.

**3** Ein af uppáhaldstöskum Birtu.

**4** Pallíettuefripartur.

**5** „Skyrta sem ég gerði sjálf, sokkar frá h&M og skór keyptir á E-bay.


Rýmingarsala

Allt að

50%

afsláttur af umgjörðum

Vegna breytinga á versluninni og til rýmingar fyrir nýjum og glæsilegum vörum í nýrri og endurbættri verslun bjóðum við allt að 50% afslátt af umgjörðum.

Álfabakka 14 • 109 Reykjavík • Sími: 587 2123

Gleraugnaverslunin í Mjódd




HUGO BOSS

ný vara

HUGO BOSS | KRINGLUNNI 533 4242

# tíska

*Fyrir allmörgum árum þótti hommalegt að vera pjattaður og menn áttu að halda sig inni í hinum her*
*breytt og það þykir sjálfsagt að menn fari í handsnyrtingu, liti á sér hárið og kaupi sér litaglöð föt*
*hitti nokkra smekkmenn og fékk að vita hvernig karlpeningurinn ætti að klæ*

## Bítlafílingur og góðir skór


Pétur Ívarsson verslunarstjóri í Boss

Pétur Ívarsson, verslunarstjóri í Boss-búðinni í Kringlunni, segir að herratískan sé einfaldari en áður og að sniðin verði í aðalhlutverki. „Það verður ekki mikið um brjálaða liti eða grófan frágang eins og hefur verið áberandi í Orangalínunni frá Boss síðustu ár. Jakkar eru þrengri, styttri og með mjórri boðungum en áður og buxurnar þrengjast og verða lægri í mittið,“ segir hann og bætir því við að skyrturnar verði með minni krögum og að það muni ríkja mikil skyrtutíska í sumar. „Menn nota skyrtur við öll tækifæri, í öllum litum bæði fínar og „casual“.“ Hann segir að það verði dálítill Bítlafílingur yfir jakkafötunum. Þegar hann er spurður út í efnin segir hann að ull og bómull séu alltaf vinsælustu efnin.

Pétur segir að menn séu farnir að hugsa meira um útlitið en spurningin sé þó afstæð.

„Hvað er að hugsa um útlitið? Að líta út eins og „metró“ maðurinn, bankamaðurinn eða Pete Doherty? Ef þú átt við útlitið eingöngu þá hugsa flestir um útlitið þó þeir segist ekki gera það. Rokkarinn, MH-ingurinn, Verslingurinn og bankamaðurinn klæða sig á ákveðinn máta til að fitta inn í þá ímynd sem fólk hefur af þeim hópi sem þeir tilheyra. Frávik innan þessara hópa eru ekki mikil. En svarið er já, menn hugsa meira um útlitið en áður og versla þá yfirleitt í pökkum það er „allt frá hatti ofan í skó“,“ segir hann og vísar í gamla P.Ó. frasann sem var vinsæll á níunda áratugnum en þar hóf Pétur feril sinn í tískubransanum. „Karlmenn eru líka miklu meðvitaðri um snið og efni en áður. Það vill svo skemmtilega til að við eigum föt fyrir alla hópa,“ segir Pétur.

Hvað verða menn að eiga fyrir vorið? „Karlmenn verða að eiga gott úrval af skyrtum við öll tækifæri, góða skó og mjórri bindi.“

Hvernig verður litapallettan?

„Litir eru mildari en oft áður en auðvitað með skærum undantekningum.“

Hvaða flík getur gert kraftaverk? „Góðir skór geta gert gæfumuninn. Það er alltof algengt að menn séu í alltof sportlegum skóm við jakkaföt. Þetta virðist vera séríslenskt fyrirbæri því í öðrum Evrópulöndum eru menn í fínum herralegum skóm við fötin sín.“



## Íslenskir karlmenn eru farnir að hugsa meira um útlitið


Stefán Svan Aðalheiðarson verslunarstjóri í Kronkron

Stefán Svan Aðalheiðarson, verslunarstjóri í Kron Kron, segir að strákar verði herralegri og meira uppdressaðir þegar líða fer að vori. „Jakkaföt, flottar skyrtur og stakir jakkar verða í lykilhlutverki. Allt þetta er síðan hægt að nota á marga vegu. Skyrtan klæðir gallabuxurnar upp og jakkafötin nýtast líka sitt í hvoru lagi,“ segir Stefán og segir að prjónaðar peysur verði þrusuvinsælar. „Það sér ekki fyrir endann á yndislegum prjónuðum peysum, þykkum sem þunnum en hægt er að klæða þær upp og niður, til dæmis yfir skyrtur. V hálsmáls-peysur, „round neck“, hnepptar og þess vegna rúllukragapeysur ef að út í það er farið verða sömuleiðis áberandi,“ segir Stefán en ljóst er að peysutískan á vel við íslenska sumarið þar sem skiptast á skin og skúrir. Stefán vill þó meina að litadýrð og létt föt fyrir létta lund eins og hann orðar svo skemmtilega sjálfur verði mest einkennandi fyrir sumarið. En eru íslenskir karlmenn farnir að hugsa meira um útlitið en áður? „Mér finnst það, ég held að allir hugsi um hvernig þeir líti út en bara mismikið. Ég hugsa sömuleiðis að með auknu framboði af fallegum og vönduðum fatnaði vaxi áhuginn á útlitinu en ég upplifi bæði unga og eldri menn sem koma til mín óhrædda við allt úrvalið.“ Hvað er nauðsynlegt fyrir karlmenn að eiga fyrir sumarið? „Nokkrir grunnhlutir eru nauðsynlegir í fataskápinn, glæsileg jakkaföt sem er hægt að nota bæði spari og hversdags, góðar bómullarskyrtur, létta fallega sokka og auðvitað mokkasíur.“

Hvernig verður litapallettan? „Það verða flottir mjúkir tónar í sumar, súkkulaðibrúnt og rjómalitur, eiginlega bara íspinnar út um allt! Fyrir utan augljósan svartan lit og hvítan þá verða sömuleiðis blár, gulur, fjólublár, grár, sægrænn, appelsínugulur, bleikur og lillalitur í öllum tónum áberandi.“ Hvað verða menn að eiga fyrir vorið? „Flotta prjónaða peysu sem passar vel innan undir mismunandi skyrtur. Þannig getur þú verið í nýrri peysu á hverjum degi eins lengi og skyrturnar þínar duga.“

Hvað ber að varast? „Mér finnst að karlmenn ættu að varast að vera feimnir og hræddir við að prufa nýja hluti.“


Gunnlaugur Bjarki, rekstrarstjóri hjá NTC

Er metrómaðurinn málið eða er hann dauður? „Ég myndi segja að hann hafi kannski horfið aðeins en ekki langt, bara inn í hinn almenna nútíma karlmann. Það er ekkert endilega málið að karlar séu að nota krem, fara í handsnyrtingu og raka á sér kroppinn nema þeir kjósi það sjálfir og hafi áhuga á því. Persónulega finnst mér að fólk ætti að vera snyrtilegt, karlar sem konur.“

# Köflótt jakkaföt, frakkar & peysuvesti



## Aukahlutirnir skipta máli

Gunnlaugur Bjarki, rekstrarstjóri hjá NTC, segir að herratískan sé afar fjölbreytt með mildum og björtum litum. Hann segir að frakkar verði algerlega málið fyrir vorið ásamt sportlegum mittisjökkum. „Dökkar gallabuxur verða áfram góð kaup í fataskápinn þar sem maður getur notað þær jafnt hversdags sem fínna, til dæmis við flottan stakan jakka og leðurskó. Í jakkafötum eru köflótt efni og gráir tónar áberandi. Skyrturn-

## HÁRTÍSKAN FYRIR SUMARIÐ 2008

# Karlmannlegt og klassískt


Dóri er nýfluttur frá London en þar hefur hann starfað á Toni&Guy í rúm tvö ár.

„Herralegar og klassískar klippingar eru algjörlega málið fyrir sumarið þar sem þungir og þverir toppar verða allsráðandi. Fyrir þá sem eru með liðað hár er línan aftur síðari og er innblásin frá seinni hluta áttunda áratugarins frá hljómsveitum eins og The Ramones,“ upplýsir Halldór Benediktsson, betur þekktur sem Dóri, en hann varð nýlega meðeigandi Toni&Guy á Íslandi. „Klippingarnar verða þó að öðru leyti snöggklipptar og útlínur snyrtilegar þrátt fyrir að toppurinn verði þungur. Mikið tjásað og tætt hár er á undanhaldi sem og gervilitir og strípur,“ segir Dóri sem vill meina að hinn svokallaði metromaður heyri nú sögunni til. „Áherslan verður lögð á náttúrulega liti og karlmannlegt lúkk þar sem áhrifa frá fjórða og fimmta áratugnum gætir,“ bætir Dóri við að lokum.


Fyrir þá sem þora þá verða þungir og þverir toppar áberandi í sumar.



Röraverksmiðja
Selfossi · set@set.is · www.set.is

Gæði til framtíðar

Mikil þekking og reynsla hefur skapast á sviði framleiðslutækni og þjónustu við lagnamarkaðinn hjá röraverksmiðju SET á Selfossi. Fyrirtækið framleiðir og selur foreinangruð rör til hitaveitulagna, plaströr til vatns- og fráveitulagna auk hlífðarröra fyrir raf- og símastrengi.
Frá upphafi hefur SET lagt áherslu á fyrsta flokks þjónustu, hátt tæknistig, framleiðni og gæðavitund.

IST ISO 9001


# suðurland

FÖSTUDAGUR 22. FEBRÚAR 2008



## Á bólakaf í Eyjum

**Nýr köfunarskóli hefur starfsemi í Vestmannaeyjum í vor.**

**BLS. 6**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


# HÓTEL HVOLSVÖLLUR

## Árshátíðir

Gisting í tveggja manna herbergi.
4 rétta hátíðarmatseðill.

Dinnertónlist og dansleikur.
Brunch.

Föstudag til laugardags. **kr. 8.400.-**
Laugardag til sunnudags. **kr. 9.400.-**
Bjóðum upp á fordrykk í Sögusetrinu. **kr. 950.-**

Verð án gistingar **kr. 4.900.-**

## Golf og hótel

Frá 15/04 til 15/06 2008

Heill dagur á Strandarvelli.

Gisting í tveggja manna herbergi.
3 rétta kvöldverður.
Morgunverður.

**Á leiðini heim:** Komið við á Strandavelli og tekinn einn hringur.

Verð **kr. 11.000.-**










## Sviðamessa

Dags. 23/02 2008
**Forréttirðalréttir**
*Svið, reykt og ný; sviðasulta, sviðalappir og aðrir réttir.*
**Eftirréttahlaðborð**
*Kvöldið byrjar kl. 19:00 með fordrykk í Sögusetrinu þar sem verður messað yfir fólki.*
*kl. 20:00 byrjar borðhald með ýmsum skemmtiatriðum.*
**Veislustjóri verður Árni Johnsen**
*Eftir borðhald og skemmtiatriði er dansleikur.*
Verð án gistingar **kr. 3.900.-**
Verð með gistingu **kr. 8.400**.-

## Allt hitt

**Fundir og ráðstefnur frá 2- 200 manns**
Árshátíðir.
Brúðkaupsveislur.
Afmælisveislur.
Fermingaveislur.

Gerum tilboð í veislur og veitingar.
*Pinnamatur/brauðtertur/snittur/hlaðborð/a la carte/kökuhlaðborð/hádegisverður/kvöldverður og fleira.*
*Salur fyrir allt að 240 manns.*

*Óvissuferðir/Jeppaferðir/Njáluferðir/strandferð með hertrukk/fjórhjólaferðir/hestaferðir*

Björgvin Óskarsson gsm: 692 7464

Ath: Öll verð miðast við gistingu í tveggja manna herbergi á mann. Auka fyrir einsmanns herbergi kr. 3.500 .-

Hlíðarvegur 7 | 860 Hvolsvöllur | s: 487 8050 fax: 487 8058 | hotelhvolsvollur@simnet.is | www.hotelhvolsvollur.is



Snöggristaður saltfiskshnakki með chili-sveppasoði og parmesan tagliatelle.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Alþjóðleg matseld

**Guðmundur Annas Árnason hefur breytt Kaffi Krús á Selfossi úr snotru kaffihúsi í eftirsóttan bistro-stað.**



Kaffi Krús hefur verið vinsælt kaffihús um áraraðir. Þar er nú boðið upp á bistró-mat.

Alþjóðleg stemning ræður nú ríkjum á Kaffi Krús á Selfossi. En þar hefur eigandinn, Guðmundur Annas Árnason, unnið að því að innleiða ósvikna bistro-matseld til að færa heimamenn nær alþjóðlegri veitinga- og kaffihúsamenningu. Er ekki annað að heyra en uppátækinu hafi verið vel tekið þar sem yfirleitt er þröng á þingi.

„Það hefur verið þvílík gleði með þetta. Sumir hafa gengið svo langt að segja að ég hafi bjargað Selfossi,“ segir Guðmundur og hlær. „Kannski er eitthvað til í því. Ég er náttúrlega að bjóða upp á mat sem hefur ekki sést áður hérna. Mér fannst líka vanta alvöru góðan kaffibolla þegar ég flutti á Selfoss, en það gengur náttúrlega ekki upp í þjóðfélaginu í dag. Svo ég ákvað að bæta úr því.“

Kaffi Krús hefur þó ekki aðeins breyst úr kaffihúsi í veitingastað frá því að Guðmundur tók við rekstrinum fyrir tveimur árum, heldur er nú jafnframt orðin að vinsælum bar og skemmtistað. „Upphaflega átti barstemningin að vera róleg en vegna vöntunar á skemmtistöðum á Selfossi þróaðist þetta út í skemmtistað innan gæsalappa. Hér er nú lifandi tónlist fimmtu-, föstu- og laugardaga, en þá planta trúbadorar sér í hornið og búa til stemningu,“ útskýrir hann.

Guðmundur segir breytingarnar boða ákveðin tímamót í veitinga- og kaffihúsamenningu Selfyssinga, sem horfi nú í síauknum mæli til Reykvíkinga í þeim efnum. Uppbyggingunni sé þó engan veginn lokið. „Nei, ég er enn að vinna í því að fólk geri aukna kröfu um gott kaffi og þörfina fyrir að fá sér kaffi í götumáli, sem þykir nú orðið sjálfsagt í Reykjavík,“ útskýrir Guðmundur. „Ég vil gera Kaffi Krús enn glæsilegri í alla staði, þótt hann sé flottur fyrir.“

Uppskriftin hér að neðan ætti að gefa lesendum hugmynd um hvers vænta má af matreiðslumönnum staðarins, en þar er boðið upp á mismunandi fiskrétti alla daga vikunnar.

*- rve*

**SNÖGGRISTAÐUR SALTFISKSHNAKKI MEÐ CHILI-SVEPPASOÐI OG PARMESAN TAGLIATELLE, FYRIR FJÓRA.**

Saltfiskshnakki, skorinn í hæfilegar steikur.

**Aðferð:**
Ristið á heitri pönnu, þar til roðhliðin verður dökkbrún. Snúið þá við. Setjið í eldfast mót og inn í ofn með svörtum pipar, fersku rósmarin og sítrónuolíu í 8 til 10 mínútur við 180 gráður.

**Chili-sveppasoð**
4 bollar fisksoð (eða vatn og 1 tsk. kjúklingakraftur og 1 tsk. fiskkraftur blandað saman)
1 rauður chili, hreinsaður og skorinn í litla bita
½ box sveppir, þunnt sneiddir
½ laukur
2 rif hvítlaukur, þunnar sneiðar
1 tsk. nýmulinn pipar
1 msk. smjör

**Aðferð:**
Mýkið chili, sveppi, lauk og hvítlauk í smjöri. Hellið soði út í.



Guðmundur Annas Árnason hefur gert heilmiklar breytingar á Kaffi Krús.

**Parmesan tagliatelle**
1 pk. tagliatelle
2 msk. söxuð steinselja
3 msk. ólífuolía
1 msk. sítrónusafi
2 msk. fínt rifinn parmesan

**Aðferð:**
Sjóðið tagliatelle í um það bil 8 til 10 mínútur eða þar til það verður nett stökkt undir tönn. Blandið tagliatelle, olíu, steinselju og parmesan saman í skál. Setjið fyrir miðju á djúpum disk. Saltfiskhnakki fer þar ofan á. Hellið loks chilisoði létt yfir. Skreytið að vild og berið fram með grænmeti að eigin vali.



Hér stendur húsfreyjan í Tungu, frú Sóley Andrésdóttir, við drekkhlaðið búðarborð eigulegra dýrgripa í Sveitabúðinni Sóley.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sveitin er dásamleg

**Sveitabúðin Sóley er draumakistill aðdáenda fagurs punts og heimilisskarts. Búðin stendur utan alfaraleiðar á sveitabænum Tungu í Flóanum, í hlaði umkringdu flötum túnum með fjalladýrð í fjarska. Þar sem brimið kyssir fjöruna í túnfætinum og ljær sveitakyrrðinni annan blæ.**

Sveitarómantík heillar æ fleiri Íslendinga, enda velflestir komnir af bændum úr stórbrotinni náttúru og með sterka þrá til upprunans. Bændurnir Sóley Andrésdóttir og eiginmaður hennar, Björgvin Njáll Ingólfsson verkfræðingur, létu drauminn rætast og keyptu jörðina Tungu í Gaulverjabæjarhreppi árið 2002, en áður bjuggu þau í Mosfellsbæ sem á þeim tíma var eins konar sveit í borg.

„Við höfðum alltaf átt okkur draum um að búa í sveit og ákváðum snemma í okkar sambúð að það skyldum við gera einn daginn. Það gerðum við loks og seldum allt okkar í Mosfellsbænum; hús og hesthús, en búskapur hér hefur þróast hægt og bítandi frá því við fluttum og tekið á sig margar myndir,“ segir Sóley þar sem hún stendur í hlaðinu heima í Tungu í Flóanum; svæðinu milli Þjórsár og Ölfusár.



Sætur sveitaálfur með smáfugl á fæti brosir blíðlega mót gestum í einu horni Sveitabúðarinnar.



Heimtröðin að Tungu í Gaulverjabæjarhreppi í Flóa, þar sem Sveitabúðin Sóley er til húsa.

„Tunga er 130 hektarar að stærð, að hluta til flöt en þar finnast skemmtilegir hólar, hraun, sandur, á, fjara, mýrar og móar, og jörðin liggur að sjó. Volinn (Flóárveitan) rennur í gegnum Tungulandið og er ágætis veiðiá fyrir sjóbirting. Bústofninn samanstendur af hestum, kindum, nautgripum, hundum, köttum og landnámshænum, og í nokkur sumur tókum við á móti börnum í sveit. Við tökum einnig á móti óvissuhópum og erum með greiðasölu fyrir minni hópa, bjóðum upp á heimagistingu og síðast en ekki síst Sveitabúðina Sóley, sem er einstök í sinni röð,“ segir Sóley og ljóst að allir geta fundið eitthvað við hæfi ef ætlunin er að njóta lífsins einn, með maka, fjölskyldu, vinum eða vinnufélögum í Tungu.

„Hér er dásamleg kyrrð og ró og bærinn ekki í alfaraleið. Ég bjó í Danmörku um tíma og heimsótti sams konar sveitabúðir en þar var ég hvött til að opna eina slíka hér heima. Gamla grænmetisgeymslan í hlaðinu hentaði ágætlega undir búð af þessu tagi svo ekki var eftir neinu að bíða. Ég flyt sjálf inn vörur frá þremur aðilum í Danmörku en kaupi líka frá íslenskum innflytjendum, og hér má finna ýmiss konar heimilis- og gjafavörur til að fegra heimilið,“ segir Sóley þar sem hún stillir upp unaðsfögrum kertastjökum, puntstyttum og fleiri dýrgripum í fallegri sveitabúðinni.

„Úrvalið fer mikið eftir því hvað er í gangi á hverjum tíma og ég get alveg bryddað upp á ýmsu. Ég sel stundum handverk listamanna í bland og stilli einnig upp árstíðabundnum vörum. Mesti gestagangurinn er fyrir jólin og yfir sumartímann, þótt æ fleiri renni í hlað á öllum árstímum,“ segir Sóley sem gleðst stolt yfir móttökum sveitabúðarinnar, sem finna má 14 kílómetra suður af Selfossi.

„Orðstír sinn hefur búðin fengið mann frá manni og margir sem koma til að forvitnast í sérferð hingað að Tungu. Ég hef reynt að hafa búðina fallega og velja vörur sem fást hvergi annars staðar og mér sjálfri þykja dásamlegar. Það er ánægjulegt að sjá sömu andlitin koma aftur, en ekki síður að fá nýja gesti og stundum koma vinkvennahópar hingað í búðina og fá sér léttan málsverð á eftir,“ segir Sóley sem einnig selur til einstaklinga sérræktað og gómsætt nauta- og lambakjöt í 1/4, hálfum og heilum skrokkum.

„Ég er óskaplega ánægð með það sem við seljum og komin með fastan hóp viðskiptavina. Búðina hef ég komist upp með að hafa opna þegar einhver er heima og bíll í hlaðinu, en annars er bara lokað,“ segir Sóley brosmild.

„Sveitin er dásamleg, en hún kallar á sjálfsaga. Ég nýt þess að fá gesti og umgangast fólk. Þetta hefur verið mjög gaman og gengið vel og dýrmætt fyrir mig þegar hingað kemur fólk sem séð hefur eitthvað fallegt í fjarlægari landshlutum og komið er úr Sveitabúðinni í Flóanum.“

*- þlg*

# Heilsubuff

**ÁN MSG**













*Gríms heilsubuffin fást í flestum matvöruverslunum.*
*Kælivara, tilbúin til matreiðslu og án MSG.*



Suðurlandsvegur er mörgum íbúum Suðurlandsins farartálmi á veturna en ötult starf er þó unnið við að greiða vegfarendum leið.

# Nú er úti veður vott

**Mikið vatnaveður hefur geisað á landinu undanfarið. Ljósmyndari Fréttablaðsins, Gunnar V. Andrésson, lét vonda veðrið ekki á sig fá á leið sinni um Suðurlandið í vikunni og smellti myndum af áhugaverðum stöðum sem á leið hans urðu. Hér má sjá afraksturinn af þeirri ferð.**

Á Suðurlandi er láglendi mikið, grasi grónar flatir, mýrlendi og móar. Landbúnaður er mikill enda kjöraðstæður til ræktunar og dýrahalds.

Landsvæðið einkennist þó einnig af andstæðum því í fjarska minna fjöllin á allt aðra veröld. Þar bjóða snævi þaktir jöklar og tindar ferðalöngum upp á ýmsa skemmtun en einnig hættur. *-sg*



Börnin á Stokkseyri búa í návígi við náttúruna. Þessi komu við í fjörunni á leiðinni heim úr skólanum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Þuríðarbúð var reist af Stokkseyringafélaginu í Reykjavík árið 1949 til minningar um Þuríði Einarsdóttur formann og horfna starfshætti.



Ölfusá er ógnvænleg að sjá í vatnavöxtum.



Kirkjan á Stokkseyri var byggð 1886 og er fimmta timburkirkjan í bænum, enda hefur kirkja verið á Stokkseyri frá fornöld.



Eldri borgarar á Selfossi létu vonda veðrið ekki á sig fá og skelltu sér í göngutúr út fyrir bæinn.



Vatnavextir hafa verið miklir á Suðurlandi undanfarið. Hér sést vatnselgur á túnum.

# Lausar byggingalóðir á LAUGARVATNI

Bláskógabyggð

Byggingarfélag Laugarvatns ehf.

Lóðum er úthlutað af byggðaráði Bláskógabyggðar. Umsóknareyðublöð fyrir byggingalóðir í Bláskógabyggð er hægt að nálgast á skrifstofu Bláskógabyggðar, á heimasíðu Bláskógabyggðar www.blaskogabyggd.is og á www.laugarvatn.net.

Öllum umsóknum skal skilað til skrifstofu sveitarfélagsins en hún er til húsa í Aratungu í Reykholti. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofu sveitarfélagsins. Sími skrifstofunnar er 486-8808.




Einnig hefur Byggingafélag Laugarvatns til sölu einbýlishús á lóð í þessu nýja hverfi, húsið verður tilbúið haustið 2008. Hægt er að skoða það nánar á www.laugarvatn.net eða hafa samband í síma 891-6588.






Byggingafélag Laugarvatns ehf | Lindarskógur 10, 840 Laugarvatn | Sími: 891-6588 | solvi@laugarvatn.net | www.laugarvatn.net



# VEGNA HAGSTÆÐRA INNKAUPA BJÓÐUM VIÐ 20 % AFSLÁTT AF FJÖLÞJÁLFUM OG ÞREKHJÓLUM

MARKIÐ

www.markid.is

ÁÐUR KR. 45.900 TILBOÐ KR. 36.720

KETTLER

## KETTLER VERSO 107

Segulviðnám með 12 kg kasthjóli.
10 þyngdarstillingar.
Æfingatölva með púlsmæli.
Fyrir allt að 110 kg.



ÁÐUR KR. 31.200 TILBOÐ KR. 24.960

KETTLER

## KETTLER PASO 107

Segulviðnám með 10 þyngdarstillingum
Æfingatölva með púlsmæli.
Fyrir allt að 110 kg.



ÁÐUR KR. 62.400 TILBOÐ KR. 49.920

KETTLER

## KETTLER VERSO 307

Mótorstýrt segulviðnám með 14 kg kasthjóli.
Æfingatölva með 6 kerfum, þyngdarstillingu, púlsmæli og fleiru.
Fyrir allt að 130 kg.



ÁÐUR KR. 45.900 TILBOÐ KR. 36.720

KETTLER

## KETTLER PASO 307

Mótorstýrt segulviðnám með 9 kg kasthjóli.
Æfingatölva með 6 kerfum, þyngdarstillingu, púlsmæli og fleiru.
Fyrir allt að 130 kg.



PIPAR • SÍA • 80297

Markið • Ármúla 40 • 108 Reykjavík • Sími 553-5320 • Opnunartími verslunar: mán. - fös. 10.00-18.00 laugardaga 11.00-16.00

# Á bólakaf í Vestmannaeyjum

**Í Vestmannaeyjum er fjölskrúðugt frumkvöðlastarf. Eyjaköfun, köfunarskóli, er eitt þeirra nýju verkefna sem fram undan eru og mun skólinn hefja starfsemi í vor.**

„Köfunarskólinn mun verða með mjög fjölbreytta starfsemi og verður eini sinnar tegundar hér á landi,“ segir Páll Marvin Jónsson, sjávarlíffræðingur við Háskóla Íslands í Vestmannaeyjum og kafari, sem er í undirbúningshóp köfunarskólans í Vestmannaeyjum.

Verkefnið er þverfaglegt samstarf stofnana og fyrirtækja og meðal markmiða er fjölbreyttari ferðaþjónusta og aukið framboð í fræðslu og menntun í samvinnu við Háskóla Íslands. „Starfsemin skiptist má segja í tvennt. Annars vegar verður í boði köfun fyrir ferðamenn sem afþreying. Það er engin köfunarþjónusta á Suðurlandinu að höfuðborgarsvæðinu undanskildu og því mikil eftirspurn,“ útskýrir Páll og heldur áfram: „Hins vegar er í boði þríþætt nám. Fyrst er það almennt sportköfunarnámskeið sem gefur réttindi til köfunar niður á átján metra dýpi hvar sem er í heiminum. Síðan eru námskeið sem ganga út á atvinnuköfun og veita réttindi til rannsókna og björgunar. Í þriðja lagi eru það námskeið sem veita einingar í sjávarlíffræði við Háskóla Íslands. Þar er meðal annars farið í aðferðafræði, greiningu og sýnatöku, ásamt dýrafræði neðansjávar og sjávarvistfræði,“ segir Páll og bætir við að einnig verði komið á samstarfi við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum.


Köfunarskólinn í Eyjum verður sá eini sinnar tegundar á Íslandi.

Náttúran neðansjávar við Vestmannaeyjar er bæði tilkomumikil og fjölskrúðug að sögn Páls sem hlakkar til að bjóða gestum í kaf. „Það er mikil eftirspurn meðal ferðamanna eftir köfunarþjónustu í Eyjum. Þjónusta fyrir ferðamenn hefst í vor ef allt gengur eftir áætlun. Sjálft námið er enn á teikniborðinu og það skýrist von bráðar hvenær það hefst,“ segir Páll sem vílar ekki fyrir sér að kafa í köldum sjónum við Íslandsstrendur. „Ég lærði köfun í Þrándheimi í Noregi. Þar þurfti ég að hoppa í sjóinn í höfninni í kulda og kolniðamyrkri sem eru ekki spennandi köfunaraðstæður. Aðstaðan í Eyjum er mun betri. Sjórinn á Íslandi er alltaf 4-13 gráður, bæði sumar og vetur, en það er ekkert vandamál í góðum þurrbúningi,“ segir Páll. -rh


Margrét Lilja Magnúsdóttir, Sigurmundur Gísli Einarsson, Páll Marvin Jónsson, starfsfólk Kafaraskólans, ásamt Jóni Marvini Pálssyni sem brá sér í kafarabúning. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON




# Eldfjallabjór í Eyjum

Fyrirhugað er að reisa bjórverksmiðju í Vestmannaeyjum eftir því sem fram kemur á fréttavefnum suðurlandið.is. Gera áætlanir ráð fyrir að verksmiðjan geti framleitt 320 þúsund lítra á ári og hefur bjórinn þegar fengið nafnið Volcano-bjór enda framleiddur í návígi við eldstöð.

Gert er ráð fyrir að fyrsti bjórinn verði tilbúinn í byrjun sumars á þessu ári en enn er verið að leita að heppilegu húsnæði undir starfsemina.

Haft er eftir Björgvini Þór Rúnarssyni, öðrum eigenda 2B Company, að áhugi sé fyrir því að verksmiðjan fari í nýtt húsnæði sem verður byggt á lóð við Græðisbraut, nánar tiltekið við gömlu smurstöðina. Þó er ekkert fast í hendi enn sem komið er og vel getur verið að einhver töf verði á framkvæmdinni og þá opnun bjórverksmiðjunnar.


Bjór verður framleiddur í Eyjum á árinu.

## ● NÝTT ÍBÚÐAHVERFI VIÐ FLÚÐIR

Lítið framboð hefur verið á lóðum á Flúðum hin síðari ár. Nú sér fyrir endann á þeim vanda enda búið að leggja fram fyrstu drög að tillögu um íbúðabyggð í landi Laxárhlíðar. Þar er gert ráð fyrir 57 íbúðum í einbýlishúsum, parhúsum og fjölbýli en stefnt er á að lóðirnar komist í gagnið með haustinu.

Fyrir utan framtíðarlóðir við Laxárhlíð eru nú nokkrar lóðir á lausu í Hofatúni sem brátt er fullbyggt og hugmyndir eru um að ljúka gatnaframkvæmdum þar í ár eða á næsta ári. Einnig er verið að skoða gatnaframkvæmdir í öðrum hverfum þar sem enn er ekki komið varanlegt slitlag á götur. Einnig eru lausar lóðir í Högnastaðaás en þar er gert ráð fyrir tveggja hæða húsum. Þá eru einnig lausar iðnaðarhúsalóðir, ein garðyrkjulóð og hesthúsalóðir í hesthúsahverfinu.


Flúðir

# AUGLÝSING
# UM SKIPULAGSMÁL Í UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU

## Bláskógabyggð,Grímsnes-og Grafningshreppi,Hrunnamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi og Flóahreppi

**Samkvæmt 1.mgr 21.gr. skipulags-og byggingarlaga nr. 73 1997 er hér með auglýst eftir athuga-semdum við eftirfarandi aðalskipulagsbreytingar:**

**1 Höfði í Bláskógabyggð. Frístundabyggð.**
Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012 í landi Höfða. Í breytingunni felst að tvö svæði eru skilgreind fyrir frístundabyggð í stað landbúnaðarsvæðis. Annars vegar um 44 ha svæði nyrst á jörðinni og hins vegar um 100 ha svæði suðvestan við bæinn Höfða. Deiliskipulag fyrir nyrðra svæðið er auglýst samhliða aðalskipulagsbreytingunni.

**2 Miðengi í Grímsnes- og Grafningshreppi. Íbúðarsvæði.**
Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2012 í landi Miðengis. Í breytingunni felst að um 3 ha svæði við Bústjórabraut, aðkomuvegi að frístundabyggð í landi Miðengis, verður að íbúðarsvæði í stað landbúnaðarsvæðis. Tillaga að deiliskipulagi svæðisins er auglýst samhliða.

**3 Þóroddstaðir í Grímsnes- og Grafningshreppi. Frístundabyggð.**
Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2012 í landi Þóroddstaða. Í breytingunni felst að núverandi frístundabyggðarsvæði í á jörðinni sem liggur upp að Stangarlæk, austan Laugarvatnsvegar, stækkar úr 25 ha í 70 ha.

**Samkvæmt 1.mgr. 25.gr. skipulags-og byggingarlaga nr. 73 1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagstillögur:**

**4 Höfði í Bláskógabyggð. Frístundabyggð.**
Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar á 32 ha spildu úr landi Höfða (Höfðalönd). Í tillögunni er gert ráð fyrir 31 lóð á bilinu 0,6 til 1,0 ha fyrir 50-200 fm frístundahús með 6 m mænishæð frá jörðu og allt að 25 fm aukahús.Hámarks nýtingarhlutfall er 0.03. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi svæðisins er auglýst samhliða.

**5 Miðengi í Grímsnes- og Grafningshreppi. Íbúðarsvæði.**
Tillaga að deiliskipulagi 2 ha íbúðarsvæðis í landi Miðengis. Svæðið liggur við Bústjórabraut sem liggur til suðvesturs frá aðkomuvegi að bænum Miðengi. Á svæðinu er gert ráð fyrir tíu 1.024 fm íbúðarhúsalóðum þar sem heimilt verður að reisa íbúðarhús sem eru 100-300 fm að grunnfleti.. Husin skulu vera á einni hæð en heimilt er að vera með svefnloft eða kjallara þar sem aðstæður leyfa. Hámarks mænishæð er 6 m frá jörðu. Breyting á aðalskipulagi svæðisins er auglýst samhliða. Á umræddu svæði er í gildi deiliskipulag fyrir tvær íbúðarhúsalóðir en með gildistöku
nýs skipulags mun það falla úr gildi.

**6 Þóroddstaðir í Grímsnes- og Grafningshreppi. Frístundabyggð.**
Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Þóroddstaða í Grímsnesi. Skipulagssvæðið er um 28 ha að stærð og er syðst í landi Þóroddstaða og kemur í framhaldi af núverandi frístundabyggð meðfram læk á landamörkum við Sívavatn. Gert er ráð fyrir 35 frístundahúsalóðum á bilinu 5.010 til 11.135 fm þar sem heimilt verður að reisa frístundahús og aukahús (40 fm) með nýtingarhlutfall allt að 0.03. Fyrir liggur tillaga að breytingu á aðalskipulagi svæðisins.

**7 Villingavatn Í Grímsnes- og Grafningshreppi. Einbúi, frístundabyggð.**
Tillaga að deiliskipulagi þriggja frístundahúsalóða í landi Villingavatns í Grafningi. Lóðirnar eru innan eldra frístundabyggðasvæðis en ekki liggur fyrir samþykkt deiliskipulag á svæðinu. Tvær lóðirnar eru 0,5 ha og ein er 0,61 ha. Lóðirnar kallast Einbúi 1, 2 og 3 og er þegar til staðar hús á lóð nr. 2. Heimilt verður að reisa 50 – 200 fm hús á lóðunum auk allt að 40 fm aukhúss. Nýtingarhlutfall má þó að hámarki veri 0.03.

**8 Efra-Sel í Hrunamannahreppi. Svanabyggð, frístundabyggð.**
Tillaga að endurskoðun deiliskipulags frístundabyggðarinnar Svanabyggð í landi Efra-Sels. Ekki er um fjölgun lóða að ræða heldur hafa allar núverandi lóðir, 26 talsins, verið hnitsettar upp á nýtt. Þá er gert ráð fyrir breytingum á skilmálum svæðisins þannig að heimilt verði að reisa allt að 110 fm hús á hverri lóð til samræmis við skilmála í Kjóabyggð og Álftabyggð í landi Efra-Sels.

**Samkvæmt 1.mgr. 26.gr. skipulags-og byggingarlaga nr. 73 1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:**

**9 Iða II í Bláskógabyggð. Frístundabyggð, skilmálabreyting.**
Tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulags frístundabyggðar við Vörðufell í landi Iðu II. Í breytingunni felst að heimilt verður að reisa allt að 150 fm frístundahús á hverri lóð og allt að 30 fm aukahús. Nýtingarhlutfall lóðar má þó ekki vera hærra en 0.03.

**10 Úthlíð í Bláskógabyggð. Rjúpnabraut 5-7**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Úthlíðar. Í breytingunni felst að afmörkun lóða 5 og 7 við Rjúpnabraut breytast. Lóð nr. 5 stækkar til norðurs og vesturs á meðan lóð nr. 7 stækkar til vesturs en minnkar að sunnaverðu.

**11 Þingvallaþjóðgarður í Bláskógabyggð. Hakið, þjónustumiðstöð .**
Auglýst að nýju tillaga að breytingu á deiliskipulagi við Hakið í Þingvallasveit, ásamt meðfylgjandi umhverfisskýrslu. Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir stækkun núverandi þjónustumiðstöðvar, byggingarreit fyrir nýrri snyrtiaðstöðu auk þess sem bílastæði stækka.

**12 Ásgarður í Grímsnes- og Grafningshreppi. Ásborgir, íbúðarsvæði.**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi íbúðarsvæðisins Ásborgir í landi Ásgarðs. Í tillögunni felst að gert er ráð fyrir að lýsing meðfram vegi verði ekki hærri en 4 m í stað 1,5 m. Þá er ákvæði um að takmarka skuli ljósmengun með því að beina lýsingu niður.

**13 Göltur í Grímsnes- og Grafningshreppi. Frístundabyggð.**
Tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulags 2,6 ha frístundahúsalóðar í landi Galtar í Grímsnesi. Samkvæmt gildandi skipulagi er heimilt að reisa 280 fm frístundahús á einni hæð auk bátaskýlis og bílskúrs. Í breytingunni felst breyting á stærð frístundahússins á þann veg að heimilt verði að reisa allt að 450 fm hús á tveimur hæðum.

**14 Kiðjaberg í Grímsnes og Grafningshrepps. Frístundabyggð.**
Auglýst að nýju tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulags í Kiðjabergi, orlofs- og sumarhúsasvæðis Meistarafélags húsasmiða. Í tillögunni felst að gerð er breyting á skilmálum er varða stærð og útlit húsa. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að reisa allt að 350 fm frístundahús að grunnfleti og allt að 40 fm aukahús á hverri lóð, en nýtingarhlutfall lóðar má þó ekki fara upp fyrir 0.03. Einnig er gert ráð fyrir breytingum er varða meðal annars hæðir húsa, mænishæð, þakhalla og útlit.

**15 Sólheimar í Grímsnes- og Grafningshreppi.**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Sólheima í Grímsnesi. Gerð er breyting á fjölda og gerð íbúðarhúsa við Upphæðir auk þess sem lega aðkomuvegar breytist. Þá er gert ráð fyrir nýjum íbúðarhúsum austan Sólheimavegar í stað þjónustubygginga, auk vinnubúða.

**16 Syðra-Langholt IV í Hrunamannahreppis. Frístundabyggðin Holtabyggð.**
Tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulags frístundabyggðarinnar Holtabyggð úr landi Syðra-Langholts IV. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi er heimilt að reisa allt að 120 fm frístundahús á hverri lóð en með breytingunni er gert ráð fyrir húsum með nýtingarhlutall allt að 0.03. Að öðru leyti breytast skilmálar svæðisins ekki.

**17 Hagi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Undraland, frístundabyggð.**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Haga. Í tillögunni felst að lóðinni Undraland er skipt í tvær lóðir, önnur verður um 0,6 ha og hin 8,1 ha. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi er lóðin Undraland 6,6 en skv. landskiptagjörð frá 1999 8,8 ha og er stærð lóðarinnar lagfærð í samræmi við það. Samkvæmt tillögunni verður heimilt að reisa hús með nýtingarhlutfall 0.03 eða að hámarki 300 fm.

**Skipulagstillögurnar liggja frammi á skrifstofu viðkomandi sveitarfélags og hjá embætti skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 21. febrúar til 20. mars 2008. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á vefslóðinni http://www.sveitir.is/skipulagsfulltrui/auglysingar/ Athugasemdum við skipulagstillöguna skulu berast til skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu í síðasta lagi 3. apríl 2008 og skulu þær vera skriflegar. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests, telst vera samþykkur henni.**

**Pétur Ingi Haraldsson**
**Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu**

Múr & Mál
Múr- og Málningarþjónustan Höfn ehf

Múr og Mál kynnir:

# EYRAVEGUR 46-50













Múr- og Mál byggir 62 íbúðir að Eyravegi 46, 48 og 50 klæddar með sléttri álklæðningu. Íbúðirnar eru 2-4 herbergja og verða afhentar fullbúnar án gólfefna. Gólf í þvottahúsi og baðherbergi verður flísalagt. Veggir í baðherbergi verða einnig flísalagðir í 2.1 metra hæð. Afhending íbúða er hafin.
www.murogmal.is

## Íbúðirnar eru til sölu hjá:

Árborgir ........................................................ **Sími:** 482-4800
Remax ........................................................ **Sími:** 480-7606

### Eyravegur 50

**Númer íbúðar:** 0101
**Stærð:** 113,2 m²
**Herbergi:** 4ja herbergja
**Hæð:** 1. hæð

### Eyravegur 46

**Númer íbúðar:** 0205
**Stærð:** 71,9 m²
**Herbergi:** 2ja herbergja
**Hæð:** 1.hæð

**Múr- og Mál** sérhæfir sig í alhliða viðhaldi fasteigna, hvort sem um er að ræða múrviðgerðir, málningarvinnu, trésmíðavinnu eða aðra viðhaldsvinnu. Múr-og Mál starfar bæði á almennum útboðsmarkaði og í eigin framkvæmdum við að byggja og selja fasteignir. Hjá fyrirtækinu starfar breiður hópur iðnaðarmanna með sérþekkingu á sínu sviði. Múr- og Mál hefur aðsetur að **Réttarhálsi 2, 110 Reykjavík, Sími: 587-5100**. Tengiliður er Erla Víðisdóttir viðskiptafræðingur

...ralega ramma. Nú er landslagið ... Föstudagur fór á stúfana og ...ða sig.



...ar eru aðsniðnar með litlum kraga eða Kínakraga, einlitar, röndóttar eða köflóttar og jafnvel með rennilásum, fyrir ermahnappa eða öðrum flottum smáatriðum. Vestin eru líka vinsæl, bæði jakkafata og prjóna. Hvað varðar skótískuna þá er ljóst að fallegir leðurskór klikka aldrei, hvort heldur leður-spariskór eða leður-strigaskór. Skór eins og Converse og Kawasaki verða svo pottþétt mjög áberandi hjá strákum í sumar enda þægilegir og til í mörgum gerðum," segir Bjarki.

Eru menn farnir að hugsa meira um útlitið? „Já, tvímælalaust. Öll þessi umræða, um metrómanninn og útlit síðustu ár, hefur klárlega síast inn hjá íslenskum karlmönnum. Ekki endilega að allir hafi farið að vaxa sig, heldur frekar að menn spái meira í hvað það er sem þeir klæðast og hvernig það fer þeim. Menn voru gjarnan vanafastir í ákveðnum merkjum en eru í dag tilbúnir að prófa nýja hluti. Framboð á heimsþekktum vörumerkjum hefur líka aukist mikið hér á landi og er ekkert síðra en í stórborgum Evrópu þannig að úr nógu er að velja." Gunnlaugur Bjarki segir að svartur og hvítur verði áberandi ásamt bláum tónum. „Inni á milli verða litir eins og gulur, bleikur, grænn og brúnn sýnilegir," segir hann.



Hvaða flík getur gert kraftaverk? „Flottir frakkar eða jakkar geta gert kraftaverk og eru skyldueign fyrir alla karlmenn. Maður á í raun aldrei of marga jakka og nauðsynlegt að eiga nokkra til skiptanna. Aukahlutir eru líka eitthvað sem eru alltaf að verða mikilvægari og mikilvægari fyrir karlmenn," segir hann og nefnir belti, trefla, klúta, töskur og skartgripi.

Hvað ber að varast? „Þegar tískan er svona fjölbreytt hættir kannski hinum ólíku stílum að blandast saman, stundum heppnast það og stundum ekki. Best er að reyna að hafa jafnvægi á útlitinu. Áberandi köflótt jakkaföt kalla á hlutlausa einlita skyrtu til dæmis."

*bergthora@365.is*
*martamaria@365.is*

# borgin mín TOKYO

ÁKI HARDARSON ráðgjafi hjá The Boston Consulting Group í Tokyo

**MORGUNMATURINN:** Japanar hafa aðrar morgunverðarvenjur en Vesturlandabúar. Þeir borða oftast misosúpu, hrísgrjón og grillaðan fisk. Ég hef ekki ennþá vanið mig á japanskan morgunmat en ég mæli með að fara á Tsukihi-fiskmarkaðinn við sólarupprás og borða ferskasta sushi sem þú getur nokkurs staðar fengið.
**SKYNDIBITINN:** Japanar hafa tamið sér töluvert hollari matarvenjur. Hið týpíska hádegisverðarbox Japana, „Bento" er skyndibitinn sem ég mæli með. Í því eru hrísgrjón, fiskur og grænmeti en þetta fæst á hverju götuhorni.
**RÓMÓ ÚT AÐ BORÐA:** Ég hef ekki enn farið út að borða gagngert með það í huga að hafa það rómantískt en þegar að því kemur ætti ég að hafa úr nógu að velja. Tókýó er matarhöfuðborg heimsins og státar af hvorki meira né minna en átta þriggja stjörnu Michelin-stöðum sem er meira en bæði París og New York.
**LÍKAMSRÆKTIN:** Ég fjárfesti í klapphjóli sem er hægt að brjóta saman og taka með í Metro ef maður gefst upp. 10 mínútna hjólreiðatúr í og úr vinnu hefur því verið mín helsta líkamsrækt undanfarið. Annars mæli ég með því að fólk skelli sér á skíði því það tekur ekki nema klukkutíma með hraðlest.
**UPPÁHALDSVERSLUNIN:** Japanar búa til ótrúlega flotta hluti sem eru yfirleitt miklu minni og nettari en maður á að venjast frá Evrópu sökum plássleysis í japönskum íbúðum. Verslunin Idea Digital Code í Tokyo Midtown er til dæmis frábær.
**BARINN:** Karaókíbarinn Zero er frábær. Japanar syngja ekki til að sýna sönghæfileika heldur til að sleppa fram af sér beislinu. Sviðið er útbúið allskonar „propsi" svo sem hárkollum, plastgíturum og blómahálsfestum. Þegar gestirnir hefja sönginn uppstrílaðir setur bareigandinn vind- og reykvélina í gang og lætur „confetti" rigna yfir listamanninn við mikinn fögnuð viðstaddra.






*Einar Magnús Einarsson hefur vakið athygli í veðurfréttatímum RÚV fyrir hvassbrýnt augnaráð og líflega framkomu en hann er yngsti veðurfræðingur stöðvarinnar.*

# Þolir ekki slyddu og slabb



Veðurfræðingurinn Einar Magnús kann best við rólegheitaveður í frítímanum en vill gjarnan hafa sviptingar í veðrinu þegar hann er í vinnunni.

Frá því í sumar hefur Einar Magnús birst reglulega í veðurfréttatímum RÚV þar sem hann hefur ábúðarfullur sagt þjóðinni frá veðurfari landsins. Einar Magnús, sem er 28 ára gamall, er yngsti veðurfræðingur stöðvarinnar, en sex manns skipta þessu ábyrgðarfulla starfi á milli sín, fjórir karlar og tvær konur. „Fyrir utan einstaka ambögu sem hrekkur út úr manni í hita leiksins, þá finnst mér þetta bara hafa gengið nokkuð vel,“ segir Einar Magnús sem kann vel við sig á skjánum. Drengurinn er ókrýndur veðurtöffari stöðvarinnar en hans aðalkarakteinkenni, augnaráðið, hefur vakið mikla athygli hjá áhorfendum, þar sem hann virðist alltaf setja vel í brýrnar þegar hann flytur veðurfréttirnar. „Ég veit ekkert af hverju ég geri þetta, þetta er eitthvað sem ég geri alveg ómeðvitað og ég hef ekki hugmynd um hvort ég geri þetta líka við önnur tækifæri,“ segir Einar Magnús og hlær.

### Hálfgert tölvunördastarf

Einar Magnús er fæddur í Svíþjóð en fluttist fljótlega til Ísafjarðar þar sem hann bjó til sjö ára aldurs. Síðan hefur hann að mestu búið í Reykjavík ef frá eru talin sjö ár á Selfossi og tvö ár í Kaupmannahöfn. Hann játar að veður hafi oft verið válynd þegar hann var að alast upp fyrir vestan en er þó ekki viss um að það hafi kveikt áhuga hans á veðurfræðinni. „Það var oft mikið að gerast í veðrinu fyrir vestan með þeim afleiðingum að Mogginn kom oft ekki í viku, það varð oft rafmagnslaust og skólanum lokað,“ minnist Einar Magnús. Sem krakki ætlaði hann sér alltaf að verða læknir eins og faðir hans en síðan tók eðlisfræðiáhuginn yfir.

Einar er menntaður jarðeðlisfræðingur og á daginn vinnur hann hjá Reiknistofu í veðurfræði en fyrirtækið setur meðal annars saman veðurspár fyrir hin ýmsu fyrirtæki og heldur líka úti heimasíðunni belgingur.is þar sem hægt er að sjá ýmsar tegundir af veðurspám.

„Við sitjum að mestu leyti fyrir framan tölvur, reiknum spár og berum þær saman við raunveruleikann. Að vera veðurfræðingur er því hálfgert tölvunördastarf,“ útskýrir hann.

### Vill sviptingar í vinnunni

Í eyrum margra eru veðurspár hin mesta latína. Þegar Einar Magnús er spurður að því hvort ekki sé hægt að flytja veðurfréttirnar á meira mannamáli segir hann að það mætti kannski alveg athuga það en þó séu margir landsmenn, og ekki síst þeir sem virkilega þurfi að stóla á spárnar, vel inni í þessu tungumáli veðurfræðinnar. Hann reynir að útskýra helstu hugtökin, eins og hæð og lægð á einfaldan hátt fyrir blaðamanni. „Lægð er yfirleitt ávísun á meiri vind og úrkomu en hæðum fylgja yfirleitt hægari vindar og bjartviðri. Þetta segir þó ekki endilega alla söguna. Lægð þarf ekki endilega að vera ávísun á leiðindi, það fer eftir því hvar hún er staðsett, hversu kröpp hún er og hvar á þróunarskeiði sínu hún er stödd …“ segir Einar Magnús og er þar með strax farinn að flækja hlutina.

Talið berst að erlendum veðurfréttatímum sem oft eru hið mesta skemmtiefni. Þar gera veðurfréttamennirnir út á hressileikann og klæðast jafnvel fötum í takt við spána.

„Ég efa að slíkar veðurfréttir myndu slá í gegn hér á Íslandi. Veðrið er nefnilega ekki eins léttvægt hér og víða erlendis. Við erum bundnari í hefðirnar,“ segir Einar Magnús en upplýsir um leið að útfærsla veðurfréttanna á RÚV bjóði samt sem áður upp á nokkuð persónulega framsetningu; veðurfræðingarnir tali blaðlaust og búi því það sem þeir eru að segja til jafn óðum, svo útkoman getur oft orðið skrautleg.

Það er viðeigandi að enda samtalið á því að spyrja Einar Magnús út í hans uppáhaldsveður og hann er ekki lengi að svara því. „Ætli það sé ekki bara eins og hjá flestum landsmönnum. Mér sýnist mörgum leiðast hálfkák, það er að segja slydda og slabb, og ég er þar engin undantekning. Ég er hrifnastur af rólegheitaveðri í frítímanum en auðvitað er skemmtilegra að fást við einhverjar sviptingar þegar maður er í vinnunni.“ *- snæ*




Finnsku North Ice Winter
útivistarfatnaðurinn sem slegið hefur í gegn á Íslandi

19.500,-
fyrir allan pakkann

Jakki og buxur með AIR-TEX öndun einnig innifalið Micro flís nærföt, flísmillilag, lúffur, húfa og trefill.

*Tilboðið gildir til 1. apríl 08 til í 7 stærðum xxs-xxl.*

Icefin
Nóatúni 17 • 105 Reykjavík • s: 5343177
www.icefin.is






JENSEN®

Designed for Sleep Comfort



Gæðatími.

*Góður nætursvefn hjálpar þér að láta drauma þína rætast, jafnt stóra sem smáa.*

Öll rúmin frá Jensen eru gæðarúm, jafnvel einfaldari gerðirnar. Þú getur ávallt verið fullkomlega viss um að rúmin frá Jensen séu góð fjárfesting. Það er okkar loforð.

www.jensen.no

Öndvegi
HÚSGAGNAVERSLUN

HEIMA
HÚSIÐ

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.

# Útlit

*smáatriðin skipta öllu máli*



## FERSKLEIKI Í FLJÓTANDI FORMI

Sport Water frá Jil Sander er ómissandi í íþróttatöskuna. Það er þó ekki mælt með því að spreyja því á sig í stað þess að fara í sturtu eftir æfingar heldur spreyja því á sig eftir sturtunni. Það er ávísun á vel lyktandi og góðan dag.

*Chanel leggur áherslu á hvítt andlit og tæra liti*

# Chanel-skvísur vilja vera hvítar





Í vor- og sumarlínunni frá Chanel er hið sanna franska útlit áberandi. Húðin á að vera skjannahvít og slétt, varirnar í rauðum tónum og þykkur eye-liner undirstrikar frönsku stemninguna. Bláa naglalakkið gerir það að verkum að útlitið verður ekki væmið heldur smart. Þeir sem héldu því fram að það væri dottið úr tísku höfðu greinilega rangt fyrir sér. Til að fá þessa fallegu hvítu áferð er nauðsynlegt að nota undirfarðann, Le Blanc De Chanel. Hann virkar eins og uppspretta ljóssins, bætir áferð húðarinnar og gefur henni ljóma. Það er bæði hægt að setja undirfarðann undir meikið eða blanda honum saman við það og fá þannig aukinn ljóma. Til að króna útlitið er púðrinu, Poudre Christalline, dúmpað yfir andlitið. Það er hálfglært og gefur húðinni eðlilegan blæ. Augnskuggapalletta sumarsins er með óvenjulegri áferð, djúpir litir í bland við léttari liti sem glitra og svo kemur eye-linerinn ofan á til að gera útlitið fullkomið. Þær Chanel-skvísur sem ætla að taka útlitið alla leið þurfa að skipta brúnkukreminu út fyrir Le Blanc De Chanel og afpanta hið snarasta ferðina til Kanarí.






1




2



3

1. Le Blanc De Chanel fær húðina til glóa af fegurð.

2. Döggblátt naglalakk er algerlega málið. Þessi litur er nr. 461.

3. Augnskuggapallíettan er í mildum litum og örlitlu glitri.

## HEIMASPA Á METTÍMA




Nú er hægt að framkvæma húðslípun á baðherberginu heima með litlili fyrirhöfn. Húðslípun gerir það að verkum að húðin fær fallegri áferð, minnkar fínar línur og jafnar húðlitinn. Þetta endurnýjar húðina, örvar myndun nýrra húðfruma og hreinsar óhreinindi úr svitaholum. Fullkomin lausn fyrir annasamar konur.

**Modern friction frá Orgins**
Húðslípun á baðinu heima. Borði á 2-3 í viku á hreina og þurra húð. Nuddið inn í húðina í 30 sekúndur með hringlaga hreyfingum. Svo er hreinsað af með vatni.







**Serum á húðina**
Berið það á andlitið en það nærir húðina og kemur í veg fyrir öldrun.

**Dagkrem frá orgins**
Gott er nota kremið eftir að húðslípun hefur farið fram.




STJARNA STJARNANNA

Hollywood stjörnurnar velja **OPI** naglalökk.
Þrátt fyrir að hafa ekki gengið niður rauða dregilinn þá lætur OPI þér líða eins og þú hafir gert það.

O·P·I

Litur í auglýsingu: OPI RED



Mundu heilsuréttina
...og kroppurinn blómstrar
Hrönn Sigurðardóttir
Bikarmeistari í vaxtarækt 2006 og
Íslandsmeistari í vaxtarækt 2007
velur heilsurétti Nings
Magnús Bess
Margfaldur Íslandsmeistari
í vaxtarækt
velur heilsurétti Nings
NINGS
NINGS
NINGS
NINGS
SUÐURLANDSBRAUT 6, HLÍÐASMÁRA 12, VIÐ GULLINBRÚ SÍMI: 588 9899
KAUPVANGSSTRÆTI AKUREYRI SÍMI: 440 6600

# bland

*í gær og á morgun ...*

## TE OG KAFFI Í MÁLI OG MENNINGU

Það var alveg kominn tími á að hressa upp á kaffihúsið í Máli og menningu á Laugavegi. Á dögunum opnaði Te og kaffi kaffistofu í húsinu við mikinn fögnuð. Innréttingarnar eru stílhreinar og kökurnar eru yndislega girnilegar.



## díana mist

**15. FEBRÚAR**

Vaknaði af vondum draumi þegar vinkona mín sendi mér sms um hádegisbiliði: „Vöxuð, plokkuð og til í slaginn.“ Rifjaðist skyndilega upp fyrir mér að ég var búin að lofa að hitta hana í mat og drykk á Hótel 101 um kvöldið. Útlitið var svart þar sem engar fegrunarráðstafanir höfðu verið gerðar kvöldinu áður. Fékk þá snilldarhugmynd að skella mér í ljós sem ég hef ekki gert síðan ég fermdist. Það reyndist vera þrautin þyngri þar sem ljósastofur höfuðborgarinnar virtust vera uppbókaðar, en nældi mér í tíma á endanum.Framan af kvöldi virtist þetta hafa verið snilldarráð þangað til ég varð skyndilega rauð eins og karfi. Maturinn var la la, vínið ágætt en svolítið dýrt og engir flottir gæjar á svæðinu þannig að við fórum yfir á Boston. Þar var aðeins flottara lið, tískublaðamaðurinn Anna Margrét Björnsson var á svæðinu ásamt stílistanum Agnieszku en því miður sá ég ekki fleiri þar sem rafmagnið fór af og því missti ég af öllum sætu gæjunum.

**16. FEBRÚAR**

Lét vinkonu mína plata mig á Þorrablót Vesturports þar sem hún vildi endilega að ég hitti einhleypan vin hennar úr leikarastéttinni. Ég hef ekkert á móti því að hitta skemmtilega menn sem gætu reynst fjörugir á sviðinu og ákvað því að slá til. Eftir á að hyggja veit ég reyndar ekki alveg hversu góð hugmynd þetta var þar sem ég var hel-tönnuð eftir mistök gærdagsins. Allt kvöldið leið mér eins og Versló-stelpu sem villst hafði í MH-partí og ég hitti aldrei þennan vin vinkonu minnar sem hún vildi kynna mig fyrir. Þarna var samt allt þotulið leikarastéttarinnar; Balti, Ingvar E. Sigurðsson, Gísli Örn Garðarsson Vesturportskóngur, Stefán Hallur Stefánsson og Ilmur Kristjánsdóttir. Hinn ofurfagri Gael García var heldur ekki langt undan og virtist njóta sín. Bara ég hefði getað staðið við hliðina á honum allt kvöldið, þá hefði ég ekki litið út eins og illa grilluð Mallorka-týpa. Jæja, en maður fær víst ekki allar óskir sínar uppfylltar. Ég ákvað þó að gefast ekki upp og skellti mér á Apótekið þar sem ég fann mig aðeins betur. Þar var ofursminkan Elín Reynisdóttir og Hanna Stína innanhússarkitekt og Sveinn Andri Sveinsson stjörnulögfræðingur voru hress. Þar var líka nóg af uppgjafarplebbum sem halda að þeir séu hipp og kúl af því þeir voru einu sinni fasteignasalar. Fékk mér nokkra Breezera enda fór það litarhaftinu svo einstaklega vel. Fór síðan heim á skikkanlegum tíma og ákvað á leiðinni í leigubílnum að ég ætla aldrei aftur í ljós.






Esther Helga Guðmundsdóttir, ráðgjafi.

## Ert þú með mat og þyngdarmál á heilanum?

Ef þú hefur ítrekað leitað hjálpar við vanda þínum, en ekkert virðist duga! Ef þú hefur, þrátt fyrir mikinn vilja, ekki getað viðhaldið eðliegri þyngd! *Þá gætir þú átt við matarfíkn og/eða átröskun að stríða.*

### Hjá MFM Miðstöðinni færð þú:

Greiningu, fræðslu, ráðgjöf, einstaklingsmiðaða meðferð og stuðning.

### Námskeið í mars:

**Að komast í fráhald :** Laugardagana 1. mars og 29. mars

Einstaklingsmiðuð meðferð hjá MFM miðstöðinni innifelur:

Fræðslu um matarfíkn og aðrar átraskanir, orsakir og afleiðingar.
Stuðning í hópi og/ eða einkaviðtölum.
Leiðbeiningu og kynningu á leiðum til bata, m.a. 12 spora bataleiðinni.
Matreiðslunámskeið; lært að elda fyrir nýjan lífstíl.

Nokkur orð frá skjólstæðingum MFM miðstöðvarinnar:

*´´ Lífið snýst ekki lengur um mat og megranir´´*
*´´ Ég finn ekki fyrir fíkn í dag en var gagntekin af henni áður en ég byrjaði´´*
*´´ Mér hefur aldrei liðið svona vel í líkamanum og líka andlega´´*
*´´ Núna á ég lifandi og fjölbreytt líf milli máltíða“*

MFM MIÐSTÖÐIN
Meðferðar og fræðslumiðstöð vegna matarfíknar og átraskana

Brautarholti 8, 105, Reykjavík • www.matarfikn.is • s: 568 3868 • matarfikn@matarfikn.is




„Ég er löngu orðinn andlega og líkamlega háður því að blása í þetta járnrör og eigum við okkar stund saman daglega, og stundum oft á dag.“



„Kaffikannan mín en hana nota ég daglega mér til upplyftingar.“



„Þetta píanó hefur fylgt mér frá æsku og við það hafa margar hugmyndir fæðst.“



„Mér þykir ógnarvænt um lopapeysurnar mínar og ég klappa þeim daglega en þessi peysa er frá Farmers Market.“



„Íslenska sauðkindin hélt þjóðinni á lífi öldum saman hér á hjara veraldar og á sannarlega skilið að við hneigjum okkur og tökum ofan þegar við mætum henni á förnum vegi.“

**TOPP 10**

# Jóel Pálsson tónlistar- og athafnamaður.



„Plötusafnið þarf varla að útskýra.“



„Gönguskórnir tengjast útileguslarki fjölskyldunnar um landið sem er yfirleitt hápunktur sumarsins.“



„Ég er gjarnan með 2-3 ólíkar bækur í gangi í einu á náttborðinu sem ég les eftir nennu. Var að klára Svartfugl eftir Gunnar Gunnarsson og Sandárbókina eftir Gyrði Elíasson en ég er búinn að vera mikill aðdáandi Gyrðis frá því á menntaskólaárum.“



„Þetta er verk eftir móður mína, Önnu Jóelsdóttur myndlistarmann en verkið var til sýnis á Museum of Contemporary Art í Chicago áður en hún gaf mér það og er í miklu uppáhaldi hjá mér.“



„Þessi forláta hrútshorn fékk ég að gjöf frá Denda bónda á Kópsvatni.“

## KLINGENBERG SPÁIR *Barði Jóhannsson*

# *Vinnur Eurovisjón á morgun*

Barði er fæddur 10.09.1975. Sigríður segir að hann sé óvenjulegur karakter. „Hann á eftir að setja heiminn í regnbogans liti. Hann hefur óvenju fjölbreytt hugarflug á eftir að láta margan drauminn rætast. Hann hefur töfrandi aðdráttarafl svo konur falla flatar fyrir honum. Ástin blómstrar hjá honum um þessar mundir og eins og staðan er núna gengur allt upp hjá honum. 2008 gefur honum töluna 11 sem er mikil masterstala og gerir hann að sigurvegara. Hverjum sigri eiga þó eftir að fylgja einhverjir erfiðleikar. Að sjálfsögðu mun hann sigra Eurovisjón á morgun og lag hans mun vekja mikla eftirtekt víða um heim. Það eru mörg verkefni í fallvatninu sem einnig eiga eftir að vekja mikla athygli. Þetta er bara toppurinn á ísjakanum. Barði á eftir að dvelja mikið erlendis á þessu ári, þó aðallega við vinnu, það verður ekki mikið frí. Hann er B týpa sem vinnur best í skorpuvinnu og þegar hann er í stuði,“ segir frú Klingenberg og bætir því við að Barði sé skapmikill og það geti fokið í tónlistarprinsinn en hann sé fljótur að jafna sig þótt hann geti verið langrækinn.





*Barði er ekki banginn maður*
*Blessunarlega ekki hýr*
*Hans er kominn stund og staður*
*Sterkur Eurovisionfýr*




# Skarpasta tvennan

Stríðinu er lokið, Blu-ray er háskerpumiðill framtíðarinnar og framtíðin er núna.
Fáðu þér sérlega vandað 40 tommu háskerpu LCD sjónvarp sem hlotið hefur afburðadóma og Playstation 3 háskerpu Blu-ray spilari, mediacenter og leikjatölva fylgir með.




KDL40W3000
Sony BRAVIA LCD sjónvarp

Full HD 1080p upplausn • x.v.Colour
BRAVIA Engine Ex myndstýring
24p True Cinema • Live Colour Creation
BRAVIA Theatre Sync • Photo TV HD
Innbyggður stafrænn sjónvarpsmóttakari

339.900,-




Playstation 3
Blu-ray spilari og mediacenter

Háskerpu Blu-ray spilari (1080p) • Mediacenter
DVD spilari með upscaling til að nýta sjónvarpið betur
Mögnuð leikjatölva • 40 GB harður diskur
2 USB tengi • Þráðlaust netkort innbyggt
Fullkominn félagi fyrir BRAVIA sjónvarpið þitt

0,- *

* ef keypt með KDL40W3000. Gildir til 29. febrúar.

Kringlan
103 Reykjavík
588-7669
info@sonycenter.is

**Sony Center**

ÓTRÚLEGA SKEMMTILEGUR FRÓÐLEIKUR

# NÝTT TÍMARIT SKAKKI TURNINN

Tímaritið **SKAKKI TURNINN**, sem mun koma út mánaðarlega, fjallar um allt á milli himins og jarðar á mjög aðgengilegan og skemmtilegan máta. Ritstjóri tímaritsins er **Illugi Jökulsson** og hefur hann (ásamt ritstjórn sinni) einsett sér að segja lesendum frá ÖLLU sem skiptir máli. Í **SKAKKA TURNINUM** verða greinar um forsöguleg dýr, tímaferðalög, geimverur mánaðarins og tilfinningalíf músa, spurningum lesenda verður svarað, að ógleymdum heilabrotum aftast í blaðinu. Þetta verður besta tímarit sem komið hefur út á Íslandi (í alvöru) og verður hér eftir **ómissandi lesefni** á hverju heimili, enda mun greindarvísitala þess sem les hækka til frambúðar.




Fremst í hverju blaði verður fast efni um ýmislegt smálegt og forvitnilegt. Þannig förum við um **Hvippinn og hvappinn**, skoðum **Hvaða vitleysu sem er** og kíkjum á **Nýjar nauðsynjar**. Þá má heldur ekki gleyma þeim nauðsynlega þætti **Undarlegir sjúkdómar**.

**Svörtu síðurnar** verða fastur liður í blaðinu þar sem farið verður yfir helstu hörmungar sem hafa dunið á mannskepnunni. Auk þess verða alltaf í blaðinu: **Getraun** um allt á milli himins og jarðar, Ef Leonardo, eða annar heimsþekktur listamaður, hefði verið íslenskur og **Furðuleg dómsmál**. Þetta er svo skemmtilegt.

3 BLÖÐ Á VERÐI TVEGGJA

## ÁSKRIFTARTILBOÐ

### 3 blöð á verði tveggja

1. Þú færð fyrstu 3 blöðin á verði tveggja, sem gerir **1.990 kr.** Þetta er 33% afsláttur.
2. Við erum svo sannfærð um að þú viljir halda áskriftinni áfram eftir að hafa lesið fyrstu 3 tölublöðin að þú færð blaðið áfram sent til þín með **20% afslætti**, eða á 796 krónur.

Til þess að gerast áskrifandi
::: sendir þú tölvupóst á askrift@birtingur.is,
::: ferð inn á www.birtingur.is
::: eða hringir í síma 515 5555.

BIRTÍNGUR
ÚTGÁFUFÉLAG

# Sölusýning í Mörkinni laugardag og sunnudag frá kl. 13.00-16.00

## Nýjar þjónustuíbúðir við Suðurlandsbraut 58-62.



## Tvær glæsilegar sýningaríbúðir í húsi nr. 62







Um er að ræða 78 glæsilegar fullbúnar 90-140 fm íbúðir í lyftuhúsi. Ekkert hefur verið til sparað við hönnun íbúðanna sem eru bjartar og rúmgóðar. Íbúðirnar snúa mót suðri. Lofthæð í íbúðunum er 2,70 m sem er meira en gengur og gerist í nýbyggingum og aukin hljóðeinangrun er í íbúðunum. Gæði og þægindi eru einkennisorð íbúðanna sem verða afhentar með gólfefnum, innréttingum og tækjum. Bílastæði í bílageymslu fylgir hverri íbúð.

Fyrstu íbúðirnar verða afhentar í mars 2008.

Húsin eru á mörkum þjónustu- og verslunarkjarna og í nágrenni við nokkur af vinsælustu útivistarsvæðum borgarbúa. Göngustígar tengja íbúðabyggðina í Mörkinni við aðra hluta borgarinnar. Örstutt í Elliðaárdalinn.

Í Mörkinni verður þjónustumiðstöð, Heilsusetrið, þar sem skipulögð dagskrá verður í gangi. Innangengt verður úr íbúðunum í þjónustumiðstöðina. Þangað kemur fólk til að fá góða og heilbrigða hreyfingu, fræðslu, skemmtun, aðhlynningu, þjálfun, félagsskap, góðan og hollan mat og ekki síst til að láta dekra við sig. Stefnt er að því að geta boðið íbúum við Suðurlandsbraut 58-62 uppá þjónustu eftir óskum og þörfum hvers og eins. Um verður að ræða heilsusetur í hæsta gæðaflokki. Við Heilsusetrið verður auk þess púttvöllur.

Hjúkrunarheimili verður í næsta nágrenni við íbúðirnar og íbúum í Mörkinni verður boðið uppá heimahjúkrun.
Þá verður boðið uppá sjúkraþjálfun í Heilsusetrinu.

**Sjá nánar inná www.thjonustuibudir.is**







NÝSIR

SALTFÉLAGIÐ
Sýningaríbúð með húsgögnum frá Saltfélaginu

ÍAV

EIGNAMIÐLUN
sala fasteigna í 50 ár
Sími: 588 9090
Síðumúla 21 - www.eignamidlun.is - eignamidlun@eignamidlun.is - Fax: 588 9095
Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali


**Arnbjörn Arason**
Sölufulltrúi
GSM 892 9818
arnbjorn@remax.is


**Ásdís Ósk Valsdóttir**
Lögg. fast.
GSM 863 0402
asdis@remax.is


**Elísabet Agnarsdóttir**
Lögg.fast. / Framkv.stjóri
GSM 824 5003
elisabet@remax.is


**Pálmi Þór Ívarsson**
Sölufulltrúi
GSM 895 5643
palmi@remax.is

RE/MAX Skeifan

# OPIÐ HÚS LAUGARDAGINN 23.02.08 KL. 14:00-16:00

## NÝTT OG GLÆSILEGT 14 ÍBÚÐA HÚS VIÐ BRÁKARBRAUT 4-8 Í BORGARNESI



Brákarbraut 4 – 4 íbúðir, **ein seld**
Brákarbraut 6 - 2 íbúðir
Brákarbraut 8 – 8 íbúðir
Fallega hannaðar og bjartar íbúðir á friðsælum stað sem henta jafnt fjölskyldufólki sem einstaklingum. Einnig frábærar fyrir félagasamtök.
2ja - 6 herbergja íbúðir á einni eða tveimur hæðum. Allar með sérinngangi.

Brákarbraut 4 er staðsett á frábærum stað miðsvæðis í Borgarnesi, þar sem stutt er í alla þjónustu. Grunnskólinn, íþróttavæðið og sundlaug er í nokkurra mínútu göngufjarlægð frá húsunum. Íbúðirnar skilast fullbúnar að utan og innan með gólfefnum og vönduðum innréttingum og tækjum, s.s. ísskáp og uppþvottavél. Húsin eru úr forsteyptum einingum frá Loftorku, en að hluta til eru þau klædd með harðvið frá Brasilíu og hvítu báru- og sléttu áli.

Hver kannast ekki við að eyða drjúgum hluta fríhelgarinnar í að skipuleggja sund eða búðarferð frá griðarstað fjölskyldunnar? Þess þarf ekki með hér þar sem allt er í göngufæri: sundlaug, menningarsetur, verslanir, heilsugæsla, veitingastaðir, bankar ofl.
Borgarnes er framtíðarsvæði á Vesturlandi, örstutt í háskólabyggðirnar á Bifröst og á Hvanneyri, einnig er starfandi framhaldsskóli á Borgarnesi.
Allar innimyndir eru úr 2ja herbergja íbúðum.
**Allar nánari upplýsingar um Borgarnes er að finna á www.borgarnes.is – Sparisjóður Mýrasýslu í Borgarnesi (SPM) aðstoðar við fjármögnun**








**Kíktu í léttar veitingar og sjáðu glæsilegar íbúðir í leiðinni!**
**Veitingar frá Geira bakarý, te og kaffi frá Kaaber, Kappi frá Vífilfelli og blöðrur fyrir börnin.**

# Vinir Kenía

**UMRÆÐAN**
Hjálparstarf


KJARTAN JÓNSSON

Atburðir undanfarinna vikna í Kenía hafa ekki farið fram hjá neinum hér á landi – um 1.000 manns hafa látist og hundruð þúsunda eru á flótta frá heimilum sínum. Samfélagið hefur verið meira og minna lamað, fólk kemst ekki leiðar sinnar og á erfitt með að nálgast brýnustu nauðsynjar.

Á síðustu dögum hafa vaknað vonir um að ástandið sé að lagast, en það verður í besta falli brothættur friður og þótt það gangi eftir mun taka langan tíma fyrir samfélagið að jafna sig efnahagslega og enn lengri tíma til að brúa þá djúpu gjá sem hefur myndast á milli hópa í landinu.

Starf Vina Kenía má rekja aftur til ársins 2002, en þeir hafa stutt við starf sjálfboðaliða í Nairóbí, Nakuru, Kisumu og Migori, aðallega kvennahópa sem vinna að því að sinna þörfum munaðarlausra barna á þessum svæðum, auk ýmissa tilfallandi verkefna. Þessir hópar reka miðstöðvar sem deila út mat sem á annað þúsund börn njóta góðs af. Þar á meðal eru rúmlega hundrað börn sem hafa íslenska stuðningsforeldra sem greiða fyrir mat og annað fyrir þau. Þar sem flestir hóparnir rækta líka ýmislegt matarkyns gerir þessi stuðningur frá Íslandi þeim kleift að hjálpa mun fleiri börnum. Vinir Kenía hafa þar að auki sent út notaðar tölvur, stutt við herferðir gegn malaríu með því að kaupa moskítónet, byggt skólabyggingar og ýmislegt fleira. Þá hafa alls um 20 Íslendingar farið til Kenía í tengslum við félagið og starfsemina þar.

Borgirnar Kisumu og Nakuru eru þær borgir sem hvað mest hafa verið í fréttum undanfarið vegna óeirðanna. Í þeim eru um 70% þeirra barna sem íslenskir stuðningsforeldrar styðja. Samstarfsaðilar Vina Kenía hafa því verið í eldlínu þessara átaka. Undanfarið hafa Vinir Kenía safnað fé og sent út til þess að aðstoða við brýnustu þarfirnar. Á heimasíðunni www.multikulti.is, undir Vinir Kenía, má sjá skýrslu frá Kisumu þar sem koma fram upplýsingar um þær raunir sem fólk á þessum slóðum hefur þurft að þola og myndir frá útdeilingu matar og fatnaðar sem keypt var fyrir fé frá Vinum Kenía.

Stuðningsmenn félagsins hafa brugðist vel við hjálparbeiðnum frá Kenía og kunnum við þeim kærar þakkir, en betur má ef duga skal og geta þeir sem vilja leggja okkur lið lagt inn á: 0303-26-072142, kt. 580107-2140. Allt fé sem safnast fer óskert út, öll umsýsla hér á landi er unnin í sjálfboðavinnu.

*Höfundur er í stjórn félagsins Vinir Kenía.*



Fjalakötturinn
Veitingastaður í gömlu Reykjavík
Aðalstræti 16, sími 514 6060
Lostavekjandi matseðill
Fjórréttaður, í boði 14–24 feb.
kr. 5.800.-


# Sömu laun fyrir sömu vinnu

**UMRÆÐAN**
Fæðingarorlof


MATTHÍAS KRISTINSSON

Einhver allra mesta della, fyrir utan hið svokallaða kvótakerfi, er fæðingarorlofið. Það er fólki, ekki síst nýburunum, mismunað á versta máta, með mismháum greiðslum sem taka mið af launum þess sem í orlofið fer. Slíkt finnst mér heimskulegt, því að það er einfaldlega engin goðgá hjá þeim sem hafa hæstu launin að taka sér frí til að sinna barni sínu. Það er aftur á móti verra hjá þeim lægst launuðu, þar sem endar ná varla saman í heimilishaldinu. Samt er það sama vinnan að sinna afkvæmi sínu og ætti því að vera jafnt metið til fjár.

Annar annmarki á þessari ójafnaðarmennsku er að ráðskast með það í lögum hvernig foreldrar skipta með sér fæðingarorlofinu. Það vita allir skynsamir menn og konur, að barnið þarf fyrst og fremst á móður sinni að halda fyrsta árið og þann tíma er karlmaðurinn í flestum tilvikum í aukahlutverki. Því ættu stjórnvöld að sjá sóma sinn í því að hætta allri ráðstjórn á þessu sviði og leyfa foreldrum sjálfum að ráða hvort eða hvernig orlofinu er skipt.

Með því að gera ekki öllum jafnt undir höfði, hvað laun í fæðingarorlofi varðar, finnst mér sem ríkið brjóti mannréttindi og líti sum börn verðmætari en önnur. Slíkt er mikil ógæfa og óhæfa og gefur þeim sem hagrætt geta launum sínum ýmsa möguleika á að svindla á kerfinu. Því legg ég til að stjórnmálamenn ráðist þegar í að breyta lögum um fæðingarorlof þannig, að allir fái sömu mánaðargreiðslur með einu barni og hlutfallslega meira með fleirburum. Þá mætti svo sannarlega lengja fæðingarorlofið og leyfa foreldrum sjálfum að ráða hvernig og hvort þeir skipta því á milli sín.

Það væri heillaspor og þjóðþrifamál að breyta hér um og gera kerfið þannig úr garði að öllum væri gert jafnt undir höfði.

*Höfundur er fyrrverandi skólastjóri og kennari.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



SKRIFSTOFUHÚSGÖGN
SEM AUÐVELDA VINNUNA

Falleg og stílhrein hönnun

Kinnarps skrifstofuhúsgögnin eru falleg og stílhrein. Margar útfærslur, sérsniðnar að þörfum hvers og eins. Hafðu það gott í vinnunni - kynntu þér úrvalið hjá Pennanum.

H:N markaðssamskipti / SÍA

Reykjavík - Hallarmúli 4 - sími 540 2000
Akureyri - Hafnarstræti 91 - 93 - sími 540 2180
penninn@penninn.is

Kinnarps | Penninn - auðveldar vinnuna




**999** kr/kg. áður 1.698 kr/kg.
Goða villikryddað lambalæri




**794** kr/kg. áður 1.393 kr/kg.
Goða BBQ grísarif




**346** kr/kg. áður 524 kr/kg.
Ísfugl BBQ leggir




**297** kr/pk.
Chicago Town - Thin cheese og thin pepperoni

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 21. febrúar til 24. febrúar eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

H:N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Víkurfréttir




**134** kr/pk. áður 223 kr/pk.
Þykkvabæjar kartöflubitar m/hýði 700gr.




**99** kr/stk. áður 177 kr/stk.
Þykkvabæjar tilboðs franskar 700 gr.




**78** kr/stk. áður 155 kr/stk.
Fanta 2 ltr.




**30% afsláttur**
Sacla original 420 gr.

**ANDY WARHOL MYNDLISTARMAÐUR LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1987, 59 ÁRA AÐ ALDRI.**

*„Allir munu verða frægir í fimmtán mínútur.“*

***Andy Warhol hóf starfsferil sinn sem auglýsingateiknari, vann líka við gluggaútstillingar og sem kvikmyndaleikstjóri en þekktastur er hann sem popplistamaður.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST** 22. FEBRÚAR 1857

## *Skátaforingi fæddist*

Þennan dag árið 1857 fæddist Robert Baden-Powell, breskur barón, herforingi og stofnandi skátahreyfingarinnar.

Hann fékk snemma áhuga á ýmsum krefjandi leikjum úti í náttúrunni og tók þá gjarnan fram yfir hefðbundið skólanám. Hann var ekki gamall þegar leiðtogahæfileikar hans komu í ljós og árið 1899 nýttust þeir honum til fullnustu þegar honum tókst að bjarga suðurafríska þorpinu Mafeking, eftir 217 daga umsátur Búa. Þegar hann kom til baka til Englands var honum tekið sem þjóðhetju.

Hann ákvað að helga sig mannrækt. Hans hugsjón var að gera ungt fólk að sjálfstæðum virkum og hjálpsömum einstaklingum. Ævintýrið hófst árið 1907 í Englandi þegar hann safnaði saman hópi drengja í fyrstu skátaútileguna á eynni Brownsea. Um hundrað árum síðar starfa skátar um allan heim, bæði strákar og stelpur í hópi félaga og vina. Gildin sem skátahreyfingin byggist á eru vinátta, jafnrétti og bræðralag.



**BADEN-POWELL** stofnaði skátahreyfinguna sem varð að alheimssamtökum.

### MERKISATBURÐIR

**1952** Þjóðminjasafnshúsið við Suðurgötu í Reykjavík er tekið í notkun. Sama dag var Matthías Þórðarson, fyrrverandi þjóðminjavörður, útnefndur heiðursdoktor við HÍ.

**1956** Elvis Presley kemst í fyrsta sinn inn á vinsældalista, með laginu „Heartbreak Hotel“.

**1979** Dagblaðið veitir menningarverðlaun í fyrsta skipti.

**1991** Sigríður Snævarr verður sendiherra Íslands í Svíþjóð, fyrst íslenskra kvenna til að gegna slíku embætti.

**1997** Í Roslin í Skotlandi tilkynna genasérfræðingar að þeir hafi klónað fullorðna kind sem þeir nefna Dollý.

---



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, stjúpfaðir, afi og langafi,*

**Jón Björgvin Rögnvaldsson**

fyrrverandi hafnarvörður,

verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju **föstudaginn 22. febrúar kl 13.30.**

| | |
|---|---|
| **Hrafnhildur Jónsdóttir** | **Kristján Fredriksen** |
| **Kristín S. Jónsdóttir** | **Guðbjörn Garðarsson** |
| **Ragnhildur Skjaldar** | |
| **barnabörn og barnabarnabörn.** | |

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Anna Häsler**

Sundstræti 36, Ísafirði,

sem lést 15. febrúar sl. verður jarðsungin frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 23. febrúar nk. klukkan 11.00.

| | |
|---|---|
| **Bæring Gunnar Jónsson** | |
| **Hans Georg Bæringsson** | **Hildigunnur Lóa Högnadóttir** |
| **Geir Elvar Bæringsson** | **Inga Lára Þórhallsdóttir** |
| **Gunnar Reynir Bæringsson** | **Guðrún Arnfinnsdóttir** |
| **Gertrud Hildur Bæringsdóttir** | **Valgeir Guðmundsson** |
| **Jón Sigfús Bæringsson** | **Edda Bentsdóttir** |
| **Henry Július Bæringsson** | **Jóna Benediktsdóttir** |
| **barnabörn og barnabarnabörn.** | |

---



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Ósk Ágústsdóttur**

frá Reykjum í Hrútafirði.

| | |
|---|---|
| **Guðrún Einarsdóttir** | **Guðjón Sigurðsson** |
| **Þóra Jóna Einarsdóttir** | **Karl Emil Ólafsson** |
| **Helga Einarsdóttir** | **Ásbjörn Björnsson** |
| **Jóhanna G. Einarsdóttir** | **Halldór Ari Brynjólfsson** |
| **Þórhildur Rut Einarsdóttir** | **Hallgrímur Bogason** |
| **Hulda Einarsdóttir** | **Ólafur H. Stefánsson** |
| **ömmu- og langömmubörn.** | |

---



*Ástkær móðir okkar og amma,*

**Guðrún Elvan Friðriksdóttir**

lést á gjörgæsludeild Landspítalans fimmtudaginn 14. febrúar sl. Jarðarför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

| | |
|---|---|
| **Arnar Haukur Ómarsson** | **Katrín Inga Hólmsteinsdóttir** |
| **Fjóla Sigurbjörg Ómarsdóttir** | **Pétur Sigurðsson** |
| **Þröstur Ránar Þorsteinsson** | |
| **Halldór Nordquist Grímsson** | |
| **og barnabörn.** | |

---

HELGI HALLGRÍMSSON FYRRVERANDI VEGAMÁLSTJÓRI: SJÖTÍU OG FIMM ÁRA

# Reiknistokkurinn handhægt, einfalt en furðu gott verkfæri

Helgi Hallgrímsson, fyrrverandi vegamálastjóri, vill ekki kannast við neitt stórafmæli þó að í dag séu 75 ár frá því hann leit fyrst dagsins ljós. Kveðst að minnsta kosti ekkert ætla að halda upp á það. „Maður lætur þennan dag líða eins og aðra,“ segir hann sallarólegur. En hvernig skyldi hann verja dögunum nú eftir að hann hætti hinu göfuga starfi að hanna brýr og byggja upp vegi. „Ég hef mörg áhugamál,“ segir hann. „Geng dálítið, grúska í ýmsu og spila bridds við eldri borgara í Reykjavík. Það er ágæt heilaleikfimi. Svo fer ég stundum á skíði og er svolítið í golfi að sumrinu.“

Áður en lengra er haldið er Helgi inntur eftir upprunanum. Hann rekur ættir sínar til Fljótsdalshéraðs en kveðst hafa fæðst á bænum Selstað í Seyðisfirði. „Foreldrar mínir, Hallgrímur Helgason og Málfríður Þórarinsdóttir, fluttu í kaupstaðinn á Seyðisfirði þegar ég var ungur að árum en faðir minn missti heilsuna og dó stuttu seinna. Hann hafði verið bóndi og mamma hélt áfram með einhverjar skepnur auk þess að vinna við ýmislegt sem til féll. En svo fluttum við til borgarinnar áður en ég hóf nám við Menntaskólann í Reykjavík og settumst að í Vogunum.“

Ljóst er að Helgi hefur tekið vel heima í Voga- og Heimahverfi því í Glaðheimum hefur hann búið í þrjátíu ár með konu sinni Margréti Schram. Þau hjón eiga fjögur börn, Hallgrím rithöfund og myndlistarmann, Nínu, svæðisstjóra hjá Rauða krossinum í Mósambik, Gunnar leikara og Ásmund markaðsstjóra hjá Birtingi.

Helgi hefur ekki verið að hringla milli vinnustaða heldur, því hann kveðst hafa verið hjá Vegagerð ríkisins nánast allan sinn starfsaldur. „Ég byrjaði hjá Vegagerðinni 1958, í upphafi sem almennur verkfræðingur og svo tóku störfin á sig ýmis nöfn. Ég var mikið fyrstu árin á Austurlandi sem svæðisverkfræðingur. Þar fyrir utan var ég í brúarhönnun og fékkst reyndar eingöngu við hana í ein 12-14 ár.“

Tölvutæknin með öllum sínum möguleikum til útreikninga og líkanagerð hélt ekki innreið sína fyrr en langt var liðið á starfsævi Helga. Hann kveðst því ekki hafa tileinkað sér hana nema í lágmarki. „Þá var bara reiknað á blaði og það var til tæki sem hét reiknistokkur sem verkfræðingar nota uðu mikið. Einfalt en handhægt og furðu gott verkfæri,“ segir hann.

Helgi hafði yfirumsjón með tengingu hringvegarins 1974 og hönnun lengstu brúa landsins, bæði yfir Skeiðará og Borgarfjörð. Einnig eru brýr eftir hann hér á höfuðborgarsvæðinu, Elliðaárbrúin til dæmis sem byggð var í kringum 1970. Hverju skyldi hann vera stoltastur af þegar hann lítur til baka yfir ferilinn?

„Því er erfitt að svara,“ segir hann. „Þetta voru skemmtileg ár. Það þurfti að bæta vegakerfið og brúa margar ár. Þegar búið var að tengja hringveginn 1974 var fljótlega tekið til við að leggja bundið slitlag. Svo það var alltaf mikið um að vera, nóg að gera og verkefnin áhugaverð.“ **gun@frettabladid.is**



**HELGI HALLGRÍMSSON** „Það var alltaf mikið um að vera, nóg að gera og verkefnin áhugaverð,“ segir Helgi, sem vann hjá Vegagerðinni nánast allan sinn starfsaldur, þar af sem vegamálastjóri í ellefu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

---



*Þökkum ástkæra og auðsýnda samúð við andlát eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Ólafar Þórarinsdóttur**

til heimilis að Brúnavegi 5, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut þann 1. febrúar. Sérstakar þakkir til starfsfólks á deild 12 G Landspítalanum.

| | |
|---|---|
| **Ólafur Hafþór Guðjónsson** | |
| **Níels Ólafsson** | |
| **Björg Ólafsdóttir** | **Magnús Magnússon** |
| **Daníel Ólafsson** | |
| **Guðjón Hafþór Ólafsson** | **Þuríður Edda Skúladóttir** |
| **barnabörn og barnabarnabörn.** | |

---



**Elín Sigurborg Jónatansdóttir,**

Vallarbraut 9, Seltjarnarnesi,

lést á Dvalarheimilinu Skjóli mánudaginn 11. febrúar síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir til starfsfólksins á Skjóli.

| | |
|---|---|
| **Herbert Herbertsson** | **Svanhvít Jónsdóttir** |
| **Jóhann Pétur Herbertsson** | |
| **Guðrún Elín Herbertsdóttir** | |
| **Elín Anna Guðmundsdóttir** | **Sigurður Gunnarsson** |
| **Brynja Guðmundsdóttir** | |
| **Jóhann Jónatansson** | |
| **og barnabörn.** | |

---

LEGSTEINAR Á AFSLÆTTI

frá **kr. 41.000** með áletrun og uppsetningu á stórhöfuðborgarsvæðinu

Komdu við eða kynntu þér þjónustuna á www.shelgason.is

S·HELGASON

Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**


ENNEMM / SÍA / NM32321
SALTFÉLAGIÐ
HEIMILIÐ ER HEILAGT
Grandagarði 2
101 Reykjavík
Sími 578 7810
www.saltfelagid.is
DIMMT ÚTI, BJART INNI
Á kaffihúsinu sem **Te & kaffi** starfrækir í Saltfélaginu er ilmandi kaffi á boðstólum alla daga. **Opið frá kl. 10-18 virka daga og 11-16 laugardaga.**






# STUÐ MILLI STRÍÐA Hækja hinna órómantísku

**EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR** VILL EKKI BLÓM Á KONUDAGINN



Konudagurinn er á sunnudaginn og af því tilefni kaupa margir blóm handa konunum sínum. Ég veit samt að ég fæ sjálf engin blóm þennan dag frekar en á Valentínusardaginn sem var í síðustu viku. Það er hins vegar ekki af því að ég eigi ómögulegan kærasta heldur þvert á móti, því honum var tilkynnt strax í upphafi sambandsins að ef að hann færði mér blóm á svona dögum yrði honum skilað hið snarasta.

Ástæðan er ekki sú að ég sé ekki rómantísk því það er ég alveg og þó að ég hafi ekki þörf fyrir að láta mjálma ástarjátningar í eyrun á mér allan daginn finnst mér voðalega notalegt þegar er horft þannig á mig að mér líður eins og ég sé sætust í heiminum. Ég hef hins vegar ofnæmi fyrir svona rosalega staðlaðri gervirómantík og það að kaupa blóm handa konunni sinni einu sinni eða tvisvar á ári á ákveðnum dögum af því að allir aðrir gera það heillar mig ekki.

Mér finnst nefnilega að þó að fólk sé í föstu sambandi eigi það ekki að þurfa að fara eftir fyrir fram gefnum reglum um það hvernig pör haga sér. Einhvern veginn hef ég líka á tilfinningunni að ef fólk hefur virkilega áhuga á hvort öðru hljóti það að þekkjast nógu vel til þess að geta glatt hvort annað á eigin forsendum. Mér finnst til dæmis miklu skemmtilegra að fá bók í afmælisgjöf um eitthvað sem ég hef áhuga á heldur en nærfatasett, eða eitthvað annað sem karlar eiga samkvæmt reglunum að gefa konunum sínum.

Konudagurinn er að mínu mati svolítil hækja fyrir þá sem hafa lítið vit á raunverulegri rómantík og því hvað konurnar þeirra vilja. Mér finnst að ef karlar vilja vera virkilega rómantískir ættu þeir að byrja á að komast að því hvort konurnar þeirra fá eitthvað út úr því að fá blóm þennan dag, því auðvitað eru einhverjar sem gera það þó að ég geri það ekki, eða hvort það er kannski bara eitthvað allt annað sem þarf til þess að heilla þær.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Frábær tilboð

## á vönduðum flatskjám

Öll raftæki fást í Smáralind, takmarkað
úrval í öðrum verslunum



### Panasonic 32" LCD sjónvarp
TX32LE7F
- 32" HD 16:9 LCD sjónvarp
- Upplausn: 1366x768 punktar
- HD Ready
- V-Real tækni - Einstök myndgæði
- Progressive Scan
- Skerpa: 3.000:1 og birtustig: 500 cd/m2
- Backlight control
- Viera link
- 16w Nicam stereó hljóðkerfi
- 2 x scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- Textavarp með 200 síðna minni
- Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 79,1x56,3x10,7 og þyngd: 16kg

**79.990 kr**
Verð áður 89.990.-

### Dantax 19" LCD sjónvarp
19LCDDVDP3
- Upplausn: 1440x900 punktar
- Progressive Scan • HD Ready
- Innbyggður DVD spilari
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD, CD, CD-R/RW og JPEG
- Sjónsvið H/V 150/130° og birtustig: 450 cd/m2 • Skerpa: 500:1
- Nicam Stereó hljóðkerfi
- Kortalesari SD/MS/MMC
- USB tengi • Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi
- Textavarp, svefnrofi og fjarstýring
- Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 47x37x6,8



**49.990 kr**
GOTT VERÐ

### Dantax 15" LCD sjónvarp
15LCDDVDP1
- Upplausn: 1440x900 punktar
- Progressive Scan • HD Ready
- Innbyggður DVD spilari
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD, CD, CD-R/RW og JPEG
- Sjónsvið H/V 150/130° og birtustig: 450 cd/m2, skerpa: 500:1
- Nicam Stereó hljóðkerfi
- Kortalesari SD/MS/MMC
- USB tengi, VGA tengi
- Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- Textavarp, svefnrofi og fjarstýring
- Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 38,3x30,9x6,5



**39.990 kr**
GOTT VERÐ

### Panasonic 32" LCD sjónvarp
TX32LX70F
- Upplausn: 1366x768 punktar
- V-Real 2 Engine tækni
- Sjónsvið (H/V): 178/178° með IPS Alpha skjá
- 100Hz Motion Picture Pro
- Sub-Pixel Control • HD Ready
- Progressive Scan • VIERA Link
- Skerpa: 8.500:1 og birtustig: 500 cd/m2
- Advanced 3D Colour management
- 20w Nicam Stereó með V-Audio surround hljóðkerfi
- 2 x scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heyrnartólstengi
- Textavarp með 1500 síðna minni
- Borðstandur með 15° gráðu snúning fylgir



**129.990 kr**
GOTT VERÐ

### United 26" LCD sjónvarp
LTV26W42
- 26" HD 16:9 LCD sjónvarp
- Upplausn: 1366x768 punktar
- Progressive Scan
- HD Ready
- 30w Nicam Stereó hljóðkerfi
- 3 scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi
- Textavarp með 1.000 síðna minni
- Svefnrofi og fjarstýring
- Borðstandur fylgir



**59.990 kr**
GOTT VERÐ

**39.990 kr**
Verð áður 44.990.-



### Panasonic heimabíókerfi SCPT450
- 1000w (4x125w og 2x250w RMS) digital magnari • DVD spilari
- Video Upscaling í 720p/1080i/1080p • 12bit/108MHz Video DAC
- Progressive scan • 5 hátalarar og bassabox • Viera Link
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD
- Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG
- Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II
- FM Útvarp með stöðvaminnum • Tónjafnari
- Hljóðinngangur (RCA) • Scart, HDMI og Component tengi

**29.990 kr**
GOTT VERÐ



### Panasonic heimabíókerfi SCPT150
- 330w (5x55w) magnari • DVD Spilari • 12bit/108MHz Video DAC
- Progressive scan • 5 hátalarar og Bassabox • Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD • Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG
- Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II • FM Útvarp með stöðvaminnum • Hljóðtengi(RCA) • USB tengi, scart tengi
- Fjarstýring

Gildir til 26. febrúar eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# HEY HEY HEY

**ENDURGREIÐUM 10%**
**af öllum sjónvörpum sem keypt eru á föstudag og laugardag ef lagið**
**HEY HEY HEY**
**kemst áfram í**
**EUROVISION**
**í undankeppninni í**
**SJÓNVARPINU á**
**laugardagskvöld!**












**FRÁBÆR TILBOÐ Í GANGI**
**og þú færð 10% endurgreitt á mánudag ef lagið kemst áfram!**




Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2008

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

Þjóðleikhúsið
Á öllum sviðum lífsins
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30–18.00 mán. og þri. Aðra daga frá kl. 12.30–20.00. Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Sólarferð
eftir Guðmund Steinsson
Uppselt á næstu sex sýningar!

Ívanov eftir Anton Tsjekhov
Leikstjórn og aðlögun: Baltasar Kormákur
Uppselt í febrúar!!
sýningum lýkur 16. mars

„Haldið þið að þetta sé fyndið?“
Jón Viðar Jónsson, DV 12/2

Baðstofan
eftir Hugleik Dagsson
sýn. fös 22/2 örfá sæti laus

„Eitursnjallt leikrit“.
Gerður Kristný, Mannamál/Stöð 2, 10/2.

„Sýningin er besta skemmtun“.
Þröstur Helgason, Mbl., 9/2

Vígaguðinn e. Yasminu Reza
sýn. fös. 22/2 og lau. 23/2 örfá sæti laus

Skilaboðaskjóðan
eftir Þorvald Þorsteinsson
sun. 24/2 uppselt. Munið gjafakortin!

Salurinn

LAUGARDAGUR 23. FEB KL. 17
TÍBRÁ: KVARTETT
SÆUNNAR ÞORSTEINSDÓTTUR
NOKKUR SÆTI LAUS

SUNNUDAGUR 24. FEBKL. 20
TÍBRÁ: JUSSI BJÖRLING
Töfrastund með goðsögninni í tónum, tali og myndum.
NOKKUR SÆTI LAUS

MIÐVIKUDAGUR 27. FEB KL. 20
TÍBRÁ: SÖNGTÓNLEIKAR
ARNDÍS HALLA ÁSGEIRSDÓTTIR OG KURT KOPETCKY
Íslensk sönglög og aríur.
NOKKUR SÆTI LAUS.

BYR SPARISJÓÐUR
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

Ný norræn matargerðarlist í Norræna húsinu
17. – 24. febrúar

Stór matvælasýning kjallaranum
opið 12.00 – 18.00

Norrænt hlaðborð í *Alvar A matur og drykkur* í hádeginu og á kvöldin.

Dagskrá 22. febrúar
Fyrirlestrar, kynningar og smökkun

13.00 *Keimur úr Þingeyjarsýslu.* Jóna Matthíasdóttir, Matarbúrið.
13.30 *Beint úr býli.* Árni Jósteinsson.
14.15 *Cider – listin að búa til eplacider.* Åkesson Vin, Svíþjóð. Aldurstakmark er 20 ár. Aðgangseyrir 1000 kr.
15.00 Matarinnsetningar: *Er hægt að nota mat og drykk sem listrænt tjáningar- og frásagnarform?* Måltidsvision frá Svíþjóð.
16.00 *Svæðisbundið matartengslanet í suður Skandinavíu.* Smálönd, Sjáland og Borgundarhólmur.
16.45 *Bjór á Norðurlöndum.* Mads Holm bjóráhugamaður frá Danmörku.
17.30 *Svona gerum við í Noregi.* Matur í Akershus og Östfold Mary Tönder Noregi.

www.nordice.is

Gerðu góðverk í dag
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# Allt fram streymir

**Í kvöld verður opnuð ný sýning í Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg sem kallast Streymi. Þrjár listakonur sýna og flytur frú Vigdís Finnbogadóttir ávarp af því tilefni. Á sýningunni mætast listakonurnar Emmanuelle Antille, Gabríela Friðriksdóttir og Guðný Rósa Ingimarsdóttir. Sýningin stendur til 1. maí.**



**MYNDLIST** Gabríela sýnir hér á landi eftir langt hlé.

Halldór Björn Runólfsson hefur lagt áherslu í áætlunum sínum að fá hingað erlenda listamenn til sýningarhalds sem hann teymir með innlendum. Antille er Svisslendingur, fædd 1972 og býr í Lausanne. Hún hefur einkum sýnt í heimalandi sínu en á að baki 52 samsýningar: um þessar mundir á hún verk á sýningum í París, Le Locle og Biel. Árið 2003 var Emmanuelle Antille fulltrúi heimalands síns á fimmtugasta Feneyjatvíæringnum. Þar sýndi hún myndband sitt Angels Camp frá 2001-3.

Antille hefur fyrir löngu unnið sér frægð fyrir áleitin verk sín af nánasta umhverfi, kimum í samfélaginu þar sem fólk leitar skjóls, leynistöðum þangað sem fólk leitar og viðvera tekur á sig svip launhelga og táknrænna athafna, fullorðnir, unglingar, börn. Verk hennar leiða hugann að stöðu mennskunnar í nútímasamfélagi.

Gabríela Friðriksdóttir var fulltrúi Íslands á Tvíæringnum í Feneyjum árið 2005 með verki sínu Versations Tetralogia sem vakti ómælda athygli sökum sérstæðrar samþættingar á myndmáli, tónlist og sviðslist. Íslenska skálanum í Kastalagörðunum var breytt og gestum boðið að ganga á vit flakks í ævintýraheimi, milli óra og vöku.

Árið 2005 var Guðný Rósa Ingimarsdóttir einn af fulltrúum Belgíu á hinni þekktu liststefnu ARCO í Madrid. Þar kynntust gestir hinum sérstæða heimi hennar sem birtist gjarnan þögull og nærfærinn gegnum teikningar sem virðast spretta fram án upphafs og endis. Efnismeðferð hennar í nýjustu verkum byggir gjarnan á mörgum ólíkum lögum áferðar, dregnum fram með skurðhníf undan mynstri nets eða möskva svo það sem undir býr kemur í ljós.

Sýningin „Streymið“ er tilraun til að leiða saman hesta tveggja frábærra íslenskra listamanna og eins erlends, og brjóta með því upp þá algengu lensku að sýnendur séu annað hvort innlendir eða erlendir.
**- pbb**

KRINGLU KRÁIN
Karma í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
Í samstarfi við Vesturport
27. febrúar
28. febrúar
2.mars
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

GOSPEL HELGI FYRIR HRESSA KRAKKA
29. feb. - 2. mars
Vilt þú syngja með í Gospelkór eignast nýja vini, og eiga frábæra helgi?
Gospelnámskeið fyrir börn 3. - 7. bekk verður haldin í félagsheimili KFUM/K á Holtavegi 28 , Reykjavík!
Námskeiðið endar með Tónleikum á Sunnudeginum kl. 17:00
Þáttökugjald er 2500 kr
**Skráning/upplýsingar: ester@herinn.is**
**Skráningarfrestur 25 feb.!**

SÍÐUSTU SÝNINGAR
HALLA & KÁRI
KOLSVARTUR GAMANLEIKUR EFTIR HÁVAR SIGURJÓNSSON
Næstu sýningar
Lau. 23. febrúar kl. 20
Lau. 1. mars kl. 20
Lau. 8. mars kl. 20
HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ


Nýtt tákn um gæði
Fusion
Ford Fusion
Gott verð
kr. 1.820.000*
Bílasamningur
kr. 21.400 á mán.
Trend 1,4i 80 hö 5 gíra 5 dyra
CO2 losun 154 g/km
Eyðsla í bl. akstri 6,4 l/100 km
Einnig fáanlegur sjálfskiptur
Komdu fislétt inn í – og út úr – FORD FUSION
VERTU JEPPALEGRI Á FUSION
Opnaðu svolítið jeppalegri veröld Ford Fusion. Verndaðu líkamann. Farðu inn í – og út úr – Ford Fusion áreynslulaust og þægilega. Hugsaðu vel um hendur, fætur, mjöðm og bak. Vertu jeppalegri. Hugsaðu Fusion. Komdu í Brimborg í dag.
Veldu Ford.
Fiesta
Ford Fiesta
Gott verð
kr. 1.780.000*
Bílasamningur
kr. 20.900 á mán.
Trend 1,4i 80 hö 5 gíra 5 dyra
CO2 losun 154 g/km
Eyðsla í bl. akstri 6,4 l/100 km
Einnig fáanlegur sjálfskiptur
Ka
Ford Ka
Gott verð
kr. 1.249.000*
Bílasamningur
kr. 14.700 á mán.
Ka 1,3i 70 hö 5 gíra 3 dyra
CO2 losun 141 g/km
Eyðsla í bl. akstri 5,9 l/100 km
Þú finnur ekki nýjan bíl
á lægra verði en KA
visthæf skref
með Brimborg
Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað
Aflaðu þér
frekari upplýsinga
www.ford.is
brimborg
Öruggur staður til að vera á
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is
*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta kaupverði og búnaði án fyrirvara m.a. háð gengi. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mán. greiðslum í 84 mán. sem eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta, 50% JPY/ 50% CHF. Aukabúnaður á Ford Fiesta: álfelgur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar.



MICHAEL JACKSON



ADELE

## > Í SPILARANUM

Michael Jackson - Thriller: 25th Anniversary Edition
The Raveonettes - Lust Lust Lust
The Mountain Goats - Heretic Pride
Atlas Sound - Let The Blind Lead Those Who Cannot See
Adele - 19

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Íslenskt á Amiestreet

Fjöldi íslenskra tónlistarmanna tekur þátt í „íslenskri viku“ sem hófst á dögunum á heimasíðunni Amiestreet.com í samstarfi við Iceland Music Export.

Fjölmörg íslensk lög eru skráð til sölu á síðunni og hafa flytjendur á borð við Bloodgroup, Reykjavík!, Skáta, raftónlistarmanninn \7oi og Jóhann G. Jóhannsson hlotið fjölda meðmæla og rokið upp í sölu í kjölfar átaksins.

Verð laga á Amiestreet ræðst af vinsældum þeirra. Lögin eru fyrst um sinn ókeypis en hækka í verði eftir því sem oftar er náð í þau.



**BLOODGROUP** Hljómsveitin Bloodgroup tekur þátt í „íslenskri viku“ á Amiestreet.



## > Plata vikunnar

Þursaflokkurinn - Hinn íslenzki Þursaflokkur (5 diska kassi)

★★★★★

„Plötukassinn með Þursaflokknum inniheldur allar fjórar plötur einnar af höfuðsveitum íslenskrar poppsögu og 70 mínútna aukadisk með fágætu efni. Flottur pakki sem hæfir flottri sveit.“ TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Steinþór Helgi Arnsteinsson**

# *Spastískt tölvuleikjapopp*

Fortíðarþrá og nostalgía er stór þáttur í listsköpun margra tónlistarmanna. Leitað er til bernskuáranna og fyrir unga tónlistarmenn dagsins í dag er fátt eins einkennandi fyrir uppvaxtarárin og leikjatölvur. Hljóð úr leikjatölvum á borð við Atari, Nintendo og Sega hafa verið notuð um nokkurt skeið í tónlistarsköpun ýmissa tónlistarmanna og hafa sumir allt að því sérhæft sig í að spila stef goðsagnakenndra leikja á borð við Zelda, Mario Bros og Donkey Kong. Aðrir nýta sér hljóðheim tölvuleikjanna, taka jafnvel hljóðkortið úr þeim, tengja við hljómborð sitt og hanna þannig einhvers konar 8-bita hljóðgervil. Hér á Íslandi má hæglega benda á tvær hljómsveitir, Retron og Japanese Super Shift (reyndar hefur lítið heyrst frá síðarnefndu sveitinni undanfarið), sem leita í grunn gömlu leikjatölvanna.



**CRYSTAL CASTLES** Áhugaverð sveit frá Toronto í Kanada.

En frá vestri, nánar tiltekið Toronto í Kanada, kemur geysilega áhugaverð sveit að nafni Crystal Castles sem sver sig í hinn títtnefnda tölvuleikjatónlistarættbálk. Sveitin minnir reyndar á tímum um margt á Retron en er þó heldur raftónlistarvæddari og ekki eins rokkuð. Crystal Castles hefur verið starfandi í nokkur ár og hefur umtal um sveitina vaxið gríðarlega undanfarið, eða allt frá því að sveitin sendi frá sér sína fyrstu sjö tommu í lok árs 2006. Í fyrra vann sveitin svo með L.A. hávaðarokksveitinni HEALTH og var útkoman í meira lagi eftirtektarverð. Í næsta mánuði er síðan von á fyrstu breiðskífu Crystal Castles.

Erfitt er að skilgreina tónlist Crystal Castles nákvæmlega en ekki verður annað sagt en að hljómurinn sé einstakur og spennandi. Spastískt tölvuleikjaraftónlistardanspopp eru líklegast orðin sem lýsa Crystal Castles best. Með því að hlusta á lög á borð við Alice Practice, Air War og xxzxczx me ættu flestir að átta sig á því hvað ég meina. Endilega skellið ykkur þess vegna inn á MySpace síðu sveitarinnar, myspace.com/crystalcastles, þar kennir svo sannarlega ýmissa grasa.

# Vaxtarverkir Maríu

**Söngkonan Mary J. Blige hefur verið áberandi síðustu ár. Líf þessarar fyrrverandi úthverfastelpu frá New York hefur tekið miklum stakkaskiptum frá því að fyrsta platan hennar, What's the 411, kom út fyrir tæpum sextán árum. Hún var að senda frá sér sína áttundu plötu, Growing Pains. Trausti Júlíusson spáði í Mary.**



**MARY J. BLIGE** Afburðasöngkona eins og margir tóku eftir þegar hún tók lagið One með U2 og gerði það samstundis að sínu...

Mary J. Blige er ein af fáum listamönnum í r&b og soul-deildinni sem hefur vaxið stöðugt frá því að hún kom fyrst fram á sjónarsviðið. Hún vakti athygli fyrir mikla sönghæfileika strax á fyrstu plötunni What's the 411 sem kom út árið 1992. Sú plata sló í gegn, enda náði hún að höfða til breiðs hóps hlustenda. Söngtilþrifin höfðuðu til gamalla soul-aðdáenda (Hún fékk bæði viðurnefnið „hin nýja Aretha Franklin“ og „hin nýja Chaka Khan“) og taktarnir og yfirbragð tónlistarinnar höfðuðu til hiphop-kynslóðarinnar.

Segja má að vinsældir hennar hafi náð hámarki með plötunni The Breakthrough sem kom út árið 2005. Hún seldist gríðarlega vel (700 þúsund eintök í Bandaríkjunum í fyrstu vikunni!) og fyrir hana fékk Mary þrenn Grammy-verðlaun. Á The Breakthrough var meðal annars útgáfan af One sem hún söng með U2 en það lag opnaði augu margra nýrra aðdáenda fyrir hæfileikum hennar.

### Karaókí í mollinu

Mary J. Blige fæddist í Bronx 11. janúar 1971. Hún fluttist ung til Savannah í Georgíu-ríki þar sem hún söng meðal annars í kirkju. Eftir að pabbi hennar lét sig hverfa sneri hún aftur til New York-úthverfisins Yonkers með móður sinni og systur þar sem hún eyddi unglingsárunum. Þær mæðgur bjuggu í dæmigerðu fátækrablokkahverfi og lífsbaráttan var stundum erfið.

Árið 1988 þegar Mary var 17 ára tók hún upp útgáfu á Anitu Baker-laginu, Caught Up in the Rapture í karaókí-stúdíói í verslunarmiðstöðinni í hverfinu. Hún fór með upptökuna á skrifstofur Uptown-plötufyrirtækisins þar sem Andre Harrell stjórnandi þess heyrði hana og gerði samning við Mary árið eftir.

### Vaxtarverkir

Þó að á yfirborðinu hafi Mary alltaf verið með allt á hreinu þá horfir málið öðruvísi við þegar betur er að gáð. Í gegnum allan ferilinn og fram til ársins 2003 barðist hún við ofneyslu áfengis og fíkniefna. Hún lýsti því síðar hvernig áfengi og dópi var stöðugt haldið að henni og hún hafði ekki viljastyrk til þess að berjast á móti því. Það var hins vegar tvennt sem fékk hana til að hætta. Í fyrsta lagi vakti dauði söngkonunnar Aaliyuh hana til umhugsunar og svo setti nýi kærastinn henni úrslitakosti. Í dag er Mary gift og laus úr ánauð fíkniefnanna.

Nýja platan, Growing Pains, er gerð með hópi af upptökustjórum og lagahöfundum og yfirbragðið er jákvæðara og hressara en stundum áður hjá Mary. Á meðal laga má nefna smáskífulagið Just Fine sem Tricky Stewart and the Dream eiga heiðurinn af, en það er sama teymi og gerði ofursmellinn Umbrella með Rihönnu, Neptunes-lagið Till the Morning og lokalag plötunnar, hið ljúfa og poppaða Come to Me (Peace) sem er uppáhaldslag Mary á plötunni.

GERÐUBERG
www.gerduberg.is



Hið breiða holt
Ljósmyndasýning þar sem unglingar eiga stefnumót við afa sína eða ömmur!
Sýningarstjóri: Berglind Jóna Hlynsdóttir.
Styrktaraðili: Beco



Allt í plati! Sýning úr söguheimi Sigrúnar Eldjárn
Ath. síðasta sýningarhelgi!
Boðið verður upp á leiðsögn um sýninguna kl. 14 á sunnudag og að því loknu les Sigrún upp sögur af Kuggi og Málfríði fyrir gesti.



Vissir þú ...
... að í Gerðubergi er frábær aðstaða fyrir ráðstefnur, námskeið, fundi og veislur?
Salir og fundarherbergi fyrir 8 - 120 manns.
Sjá nánari upplýsingar: www.gerduberg.is, s. 575 7700.

Sýningar eru opnar virka daga frá kl. 11-17 og um helgar frá kl. 13-16.
Sími: 575 7700. gerduberg@reykjavik.is

# *Tíu bönd klár á Aldrei fór ég suður*

„Við erum ennþá að fínpússa þetta en það er búið að velja tíu bönd af um það bil fjörutíu sem koma fram,“ segir Örn Elías Guðmundsson, einn skipuleggjenda tónlistarhátíðarinnar Aldrei fór ég suður. Hátíðin verður haldin á Ísafirði um páskana, 21.-22. mars. Þau bönd sem staðfest hafa verið eru Bob Justman, Hjaltalín, Retro Stefson, Sprengjuhöllin, XXX Rottweiler, Sign, SSSól, Múgsefjun, Mysterious Marta og Morðingjarnir.

Alls sóttu um hundrað hljómsveitir um að fá að spila á hátíðinni. Segir Örn að búið sé að loka fyrir umsóknir en á næstu dögum verður dagskrá hátíðarinnar kynnt að fullu. „Þetta er erfitt val. Ég er búinn að hlusta á hvert einasta lag sem sent var inn.“

Örn segir að ákveðin landsbyggðarpólitík sé að baki valinu á hljómsveitunum. Þannig hafi Rottweiler fengið að spila af því Erpur hafi tengsl vestur, tveir af fjórum meðlimum Sign eru að vestan og Múgsefjun hafi tekið upp fyrir vestan svo fátt eitt sé nefnt. „Svo er Helgi Björns náttúrlega langfrægasti Vestfirðingur allra tíma. Það er vel við hæfi að SSSól verði aðalnúmerið á laugardagskvöldinu.“ - hdm



**HELGI Á HEIMASLÓÐIR** Helgi Björnsson fer fyrir SSSól sem verður aðalnúmerið á Aldrei fór ég suður. Helgi er frægasti Vestfirðingur allra tíma, að sögn Mugisons.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL


Heildarsafn Þursanna
FRÉTTABLAÐIÐ
21. febrúar 2008 FIMMTUDAGUR
Flott útgáfa sem setur ný viðmið
TÓNLIST
Hinn íslenzki Þursaflokkur – kassi með fimm diskum
★★★★★
Á heildina litið er þetta sérstaklega glæsilegur og vel unninn pakki sem gefur góða mynd af einni af framsæknustu og skemmtilegustu hljómsveitum íslenskrar rokksögu. Nú bíður maður bara spenntur eftir tónleikunum!
Hinn íslenzki Þursaflokkur
Þursar
Hinn íslenzki Þursaflokkur
Þursabit
Á hljómleikum
Gæti eins verið...
Ókomin forneskjan
- 1984 af plötunni sem aldrei kom
- og fleiri hljóðrit frá horfnum tíma
Komið er út heildarsafn með Þursaflokknum sem inniheldur allar fjórar plötur sveitarinnar ásamt aukaplötu með fimm lögum af plötunni sem aldrei kom „Ókomin forneskjan“. Þá er að finna lög af tónleikum sveitarinnar frá ýmsum tímum. Allar plöturnar hafa verið settar í nýjan búning í tilefni útgáfunnar, bæklingar og kápa innihalda áður óbirtar myndir og sögu Þursaflokksins.
Tónleikar
Tónleikarnir á laugardaginn hefjast kl. 21:00. Húsið opnar kl. 20:00.
Uppákomur og gjörningar í anddyrinu. Aðeins 100 miðar eftir!
sena
okkar heimur // þín skemmtun

## > EKKI AGENT ALLEN



Lily Allen hefur misst starfið sem andlit hins gríðarvinsæla nærfatafyrirtækis Agent Provocateur. Söngkonan átti að feta í fótspor Kate Moss og auglýsa eggjandi undirfötin, og hafði meira að segja farið í mikið líkamsræktarátak fyrir myndatökuna. Hún ku vera afar leið yfir þessari niðurstöðu sem er til komin vegna deilna milli eigenda fyrirtækisins.

# fólk

folk@frettabladid.is

# Spila í Lincoln Center-höllinni

„Þetta þykir dálítið fínt. Maður er vanur að spila á mun minni stöðum en þessum," segir saxófónleikarinn Jóel Pálsson, sem spilar með djasskvartetti sínum og Sigurðar Flosasonar í Lincoln Center í New York á mánudaginn.

Jóel viðurkennir að um mikinn heiður sé að ræða. „Þetta er afskaplega virðuleg tónleikahöll og á meðal þeirra þekktustu. En það er tiltölulega stutt síðan farið var að bjóða upp á djassprógramm."

Tónleikarnir eru hluti af norrænu djassþema í höllinni og var ein hljómsveit frá hverju Norðurlandanna valin til að koma þar fram.



**DJASSKVARTETT** Djasskvartett Jóels Pálssonar og Sigurðar Flosasonar spilar í Lincoln Center á mánudag.

Djasskvartett Jóels og Sigurðar hefur lítið spilað hérlendis en á síðasta ári fór hún í tónleikaferð til Kína og tók upp plötu sem kom þar út á vegum ríkisins. „Við spiluðum fyrir tvö þúsund manns fyrir fullu húsi. Það var öllu meiri fjöldi en maður á að venjast en það gekk mjög vel," segir hann.

Auk Jóels og Sigurðar skipa djasskvartettinn Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson, bassaleikari, og trommarinn Einar Scheving, sem varð þess heiðurs aðnjótandi að spila í Lincoln Center er hann bjó í Bandaríkjunum. Einnig hefur gítarleikarinn Björn Thoroddsen spilað í tónleikahöllinni virtu með hljómsveitinni Cold Front. **- fb**

# Jolie féll í yfirlið



**FÉKK KRAMPA Í FLUGI** Angelina Jolie féll í yfirlið í flugi á milli Íraks og Bandaríkjanna á dögunum. NORDICPHOTOS/GETTY

Flugfarþegum á leið frá Írak til Bandaríkjanna brá í brún um daginn, þegar leið yfir samferðamann þeirra í vélinni. Þar var á ferðinni engin önnur en Angelina Jolie, sem var á heimleið eftir að hafa hitt bandaríska hermenn í Bagdad og kynnt sér málefni flóttamanna á vegum Sameinuðu þjóðanna.

Að sögn sjónarvotta fékk Angelina fyrst krampa og skömmu síðar blóðnasir sem erfitt reyndist að stöðva. Að lokum leið yfir leikkonuna og segir sjónarvottur við breska blaðið The Sun að henni hafi verið gefið súrefni við komuna til Bandaríkjanna. Orðrómur þess efnis að Angelina beri tvíbura undir belti hefur verið þrálátur upp á síðkastið, sérstaklega eftir að hún mætti í kjól sem helst líktist sirkustjaldi á afhendingu Screen Actors Guild-verðlaunanna í Hollywood í lok janúar.



**Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP** Þó að Axel megi heita stæltur í sínum hópi hverfur hann nánast milli buffanna í Merzedes Club. Takið eftir að Gillzenegger fer ekki úr að ofan! FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Herra úr að ofan í MR

**Axel Kristinsson var krýndur „Herra úr að ofan" í MR. Dómarar í keppninni voru strákarnir í Merzedes Club.**

„Jájá, það var alveg stemmning. En það var vandræðalegt að fara upp á svið og úr að ofan. Ekki beint í uppáhaldi hjá mér," segir Axel Kristinsson nemi í MR og „Herra úr að ofan".

Mikil stemmning myndaðist í hádeginu í Menntaskólanum í Reykjavík í gær en þá var efnt til keppninnar „Herra úr að ofan" í Casa-sal skólans. Var klappað og stappað, öskrað og veinað en níu af stæltustu strákunum í MR hnykluðu olíubornir vöðvana. Freistuðu þess að verða „Herra úr að ofan" og vinna 30 þúsund króna farsíma. Dómarar voru svo engir aðrir en buffin í Merzedes Club: Gillzenegger, Gaz-man, Partí-Hanz og Ceres 4. Þeir lögðu sitt af mörkum við að peppa upp lætin. En þetta er vissulega ekki beint í karakter. Erkitýpa þessa elsta menntaskóla landsins er föl á vanga, í frakka með snjáða bók á Mokka eða Hressó og veltir því helst fyrir sér til afþreyingar hvernig Gettu betur spurningakeppnin fer. Hnakkarnir svonefndu, sem leggja allt kapp á líkamlegt atgervi eru ekki týpurnar sem eru áberandi í MR.



**HNYKLA VÖÐVA** Tæpur tugur stæltra stráka tók pósur og keppti um eitt stykki farsíma.



**STEMMNING Á ÓLÍKLEGUM STAÐ** Hnakkastemmningin hefur hingað til ekki átt upp á pallborðið í MR en lengi er von á einum.

„Já, það er alveg rétt. Þetta er einmitt ekki MR-legt. Ég er sannur MR-ingur og ekkert mjög stoltur af þessu. En allt í lagi að vinna síma," segir Axel sem er í 6-Y, útskrifast í vor og stefnir á byggingaverkfræðina. Axel er þó, eins og gefur að skilja, enginn væskill. Hann æfir júdó með Ármanni og lyftir en segir af og frá að vera einhver vaxtaræktarkappi. Og hann bjóst ekki við að vinna þó hann hafi auðvitað ekki skotið loku fyrir að þannig færi. Enda til hvers að keppa annars?

„Nei, en sumir eru miklu flottari en ég hér í skólanum. Til dæmis besti vinur minn. Hann hefði rústað mér. En er of hógvær. Ég var ekkert mjög heitur fyrir þessu en var manaður upp á svið."

jakob@frettabladid.is

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA




# Baggalútur með þriðju útgáfuna

Hljómsveitin Baggalútur flytur lag Magnúsar Eiríkssonar, Hvað var það sem þú sást í honum, í lokaþætti Laugardagslaganna á morgun. Nú þegar hefur lagið verið flutt í kántríútgáfu og í hálfgerðri Abba-útgáfu. Guðmundur Pálsson, söngvari Lútanna, segir að boðið verði upp á þriðju útgáfuna á morgun. „Það er afskaplega hlýleg og aðlaðandi útgáfa, segir Guðmundur, „falleg og ómþýð, en um leið léttleikandi og grípandi, eins og við er að búast."

Þótt Baggalútur fari ekki sama offari í að kynna sig og sumir aðrir keppendur tekur hljómsveitin keppnina mjög alvarlega. „Það er allt á fullu á bak við tjöldin, fólk að leggja lokahönd á búningana og við höfum ráðið tvær sminkur. Við erum byrjaðir á tungumálanámskeiði svo við getum nú talað við innfædda þarna úti í Belgrad. Við erum líka í samráði við lækna upp á stífkrampasprautur og rétt mataræði. Við erum þegar byrjaðir að taka lýsi og fjölvítamín svo við verðum nú örugglega hraustir þegar við förum þarna út. Mér sýnist keppnin úti mjög svipuð og hér heima. Það eru næstum því jafn mörg lög sem keppa, allir eru í góðum fílingi og sætar stelpur að kynna og svona. Allt voða svipað."



**SÉR ÍSLENSKA ÞJÓÐIN EITTHVAÐ Í BAGGALÚTI?** Það kemur í ljós annað kvöld.

Guðmundur lofar harðri keppni annað kvöld. „Það eru margir verðugir andstæðingar þarna og þetta verður tvísýnt. En að sjálfsögðu erum við með leynivopn. Rosalegt leynivopn."

# ÚTSÖLULOK
# 20-70%

**SÓFASETT, HÆGINDAHÚSGÖGN, BORÐSTOFUHÚSGÖGN, RÚM OG MARGT FLEIRA**



**Aðeins kr. 99.900,-**

**20%** AFSLÁTTUR

VANDAÐUR OG FALLEGUR TUNGUSÓFI SEM GÆTI HENTAÐ Í SJÓNVARPSHERBERGIÐ EÐA SUMARBÚSTAÐINN

**Cartier tungusófi / hornsófi -** stærð: 230 x 190 sm
Hægt velja hvoru megin tungan er. Fæst ljósu (beige) og ljósbrúnu.
**Verð kr. 99.900,-** (verð áður 124.900.-)



**Leo borð** - stærð 180 x 90 sm + 6 stólar
Vandað borðstofuborð úr gegnheilli eik
**Verð 87.900.-** (verð áður 147.300.-)

**40%** AFSLÁTTUR



**Lukas borðstofusett** Borð 180 x 95 sm
Mjög vandað borðstofusett frá Svíþjóð úr gegnheilli hnotu ásamt 6 leðurklæddum stólum.
**Verð aðeins 64.900.-** (verð áður 177.300.-)

**66%** AFSLÁTTUR



**ÓTRÚLEGT VERÐ**
**119.900.-**
ÞETTA ER **LÚXUS** SÓFI FYRIR ÞÁ SEM VILJA HAFA ÞAÐ **EINSTAKLEGA** GOTT FYRIR **FRAMAN** SJÓNVARPIÐ

**Megan 3ja sæta hægindastófi** - 217 sm
Þægilegur hægindasófi klæddur vönduðu ítölsku leðri. Til í dökkbrúnu og svörtu
**Verð kr. 119.900.-**



ÚRVAL AF HVÍLDARSTÓLUM
VERÐ FRÁ **KR. 29.900.-**

Bros 0040/2008

**SETT**

SETT EHF • ASKALIND 2A • 201 KÓPAVOGUR
SÍMI: 534 1400 • FAX: 554 2453 • WWW.SETT.IS

OPNUNARTÍMI: MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11:00 - 18:00
LAUGARDAGA 11:00 -16:00 • SUNNUDAGA LOKAÐ

# Bandið byrjar í kvöld

**Sjónvarpsþátturinn Bandið hans Bubba verður sýndur í beinni útsendingu á Stöð 2 í kvöld. Tíu keppendur eru eftir sem berjast um þriggja milljóna króna verðlaunafé, útgáfusamning við Senu og pláss í Bandinu hans Bubba.**

Í þremur fyrstu þáttunum leitaði Bubbi víðs vegar um landið að tíu bestu flytjendunum og nú er loksins komið að alvörunni. Bubba til halds og trausts í dómarasætinu verða Vilhelm Anton Jónsson og Björn Jörundur Friðbjörnsson ásamt gestadómaranum Dr. Gunna. Símakosning fer einnig fram og gefst því áhorfendum heima í stofu kostur á að velja hver fær að halda sæti sínu í þættinum.



**■ THELMA HAFÞÓRSDÓTTIR**
Sími: 900-9001 / SMS: 9001
Ég elska alla - Hljómar
Thelma er 22 ára af Seltjarnarnesinu en búsett í Reykjavík. Hún er nemi í FÍH og starfar í verslun.



**■ VILHJÁLMUR ÖRN HALLGRÍMSSON**
Sími: 900-9002 / SMS: 9002
Lífið er yndislegt - Hreimur
Vilhjálmur Örn er 19 ára og búsettur í Kópavogi. Frá fimm ára aldri bjó hann í Noregi en flutti heim fyrir ári. Hann vinnur sem öryggisvörður hjá Securitas.



**■ SIGURÐUR GUÐLAUGSSON**
Sími: 900-9003 / SMS: 9003
Dans - 200.000 Naglbítar
Sigurður er 24 ára Reykvíkingur. Hann hefur verið til sjós ásamt því að vera á kafi í tónlist.



**■ BIRNA SIF MARGRÉTARDÓTTIR**
Sími: 900-9004 / SMS: 9004
Án þín - Trúbrot
Birna Sif er 27 ára frá Egilsstöðum. Hún hefur verið búsett á Akureyri í þrjú ár og verið í tónlistarnámi en starfar sem þjónn.



**■ HJÁLMAR MÁR KRISTINSSON**
Sími: 900-9005 / SMS: 9005
Ég er kominn - Sálin
Hjálmar Már er 21 árs frá Selfossi og er búsettur þar. Hann starfar sem rafvirki og hefur verið í gítar- og söngnámi.



**■ FINNUR BESSI SVAVARSSON**
Sími: 900-9006 / SMS: 9006
Halló ég elska þig - SSSól
Finnur Bessi er 23 ára frá Húnavatnssýslu en hefur verið búsettur í Kópavogi í tvö ár. Hann vinnur sem rafvirki.



**■ EYÞÓR INGI GUNNLAUGSSON**
Sími: 900-9007 / SMS: 9007
Himnalagið - Grafík
Eyþór Ingi er 18 ára frá Dalvík og er búsettur þar. Hann vinnur í sundlauginni á Dalvík og einnig með fötluðum börnum.



**■ BIRGIR SÆVARSSON**
Sími: 900-008 / SMS: 9008
Fannfergi hugans - Sálin
Birgir er 19 ára frá Húsavík. Hann er búsettur í Reykjavík og vinnur hjá Hive.



**■ HANNA VIGDÍS JÓHANNSDÓTTIR**
Sími: 900-9009 / SMS: 9009
Sekur - Start
Hanna Vigdís er 32 ára frá Neskaupstað og er búsett þar. Hún er hjúkrunarfræðingur en starfar í mannauðsteymi hjá Alcoa – Reyðaráli.



**■ ARNAR MÁR FRIÐRIKSSON**
Sími: 900-9010 / SMS: 9010
Hvað hef ég gert - Queen
Arnar Már er 21 árs Reykvíkingur. Hann er nemi við Fjölbrautaskólann við Ármúla.

# Q bar er eins árs

Afmælishátíð Q bar stendur nú yfir, en í dag er nákvæmlega ár síðan barinn opnaði dyr sínar í fyrsta skipti. „Honum hefur verið svo vel tekið af samkynhneigðu senunni á Íslandi að mér fannst ekki annað hægt en að halda partí,“ segir Óli Hjörtur Ólafsson, rekstrarstjóri og einn eigenda Q bar.

Hátíðin hófst í gær, þegar hljómsveitin Sometime steig á svið. Í kvöld verður það hins vegar Dj Shaft sem þeytir skífum, og Seth Sharp mun þenja raddböndin. Eftir miðnætti gefur Q bar svo út safndisk í samvinnu við Ölgerðina, sem Dj Shaft hefur valið tónlist á. „Hann hefur verið fastur hjá okkur allan tímann og er að mínu mati einn af færustu house-plötusnúðum landsins,“ segir Óli Hjörtur. Afmælishátíðinni lýkur annað kvöld, þegar DJ Kvikindi leikur fyrir dansi ásamt góðum gestum sem enn hvílir mikil leynd yfir.



**AFMÆLISVEISLA Á Q BAR** Óli Hjörtur Ólafsson segir ekki annað hægt en að blása til veislu í tilefni af afmælinu, en staðurinn sendir meðal annars frá sér safndisk í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


*„Bók sem snertir þig og sýnir þér hvernig þú getur lifað því lífi sem þig hefur alltaf langað til að lifa.“*

Richard Carlson rithöfundur

Frá höfundi bókarinnar *Munkurinn sem seldi sportbílinn sinn* sem hefur selst í 12.000 eintökum hér á landi.

Í bókinni eru hagnýt ráð og hvatning til að líta á sjálfan sig sem verk í mótun; áminning um að maður búi yfir ónýttum hæfileikum sem þarf að finna og rækta.

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is






Nýtt í bíó — LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| 27 DRESSES | kl. 5.50, 8 og 10.10 | 12 |
| RAMBO | kl. 6.15, 8 og 10-P | 16 |
| JUMPER | kl. 8 og 10 | 12 |
| LOVEWRECKED | kl. 4 og 6 | L |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 4 ÍSL TAL | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR | kl. 4 ÍSL TAL | L |

NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ!







SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| 27 DRESSES | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| 27 DRESSES LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| JUMPER | kl. 6 - 8 - 10.10 | 12 |
| MEET THE SPARTANS | kl. 4 | |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 3.40 ÍSLENSKT TAL | |
| CLOVERFIELD | kl. 10 | 14 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| 27 DRESSES | kl. 6 - 8.20 - 10.30 | |
| JUMPER | kl. 6 - 8.30 - 10.30 | 12 |
| BEFORE THE DEVIL KNOWS | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 16 |
| MEET THE SPARTANS | kl. 6 - 8 -10 | |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THERE WILL BE BLOOD | kl. 5.50 - 9 | 16 |
| INTO THE WILD | kl. 6 - 9 | 7 |
| ATONEMENT | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| 27 DRESSES | kl. 8 - 10 | |
| RAMBO | kl. 5.50 | 16 |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 5.50 ÍSLENSKT TAL | |
| BRÚÐGUMINN | kl. 8 | 7 |

AUKAKRÓNUR — FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! — AUKAKRÓNUR

SAMbio.is SAMBÍÓIN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| STEP UP 2 | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | 7 |
| THERE WILL BE BLOOD | kl. 5:15 - 8:30 - 10:10 | 16 |
| THERE WILL BE BLOOD | kl. 5:15 - 8:30 | VIP |
| NO COUNTRY FOR OLD MEN | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| MR. MAGORIUMS.. | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| P.S. I LOVE YOU | kl. 8 | L |
| SWEENEY TODD | kl. 10:30 | 16 |
| UNTRACEABLE | kl. 8 | 16 |
| DEATH AT A FUNERAL | kl. 4 - 6 | 7 |
| THE GAME PLAN | kl. 3:30 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| STEP UP 2 | kl. 4 - 6:10 - 8:20 - 10:30 | 7 |
| P.S. I LOVE YOU | kl. 5:30 - 8 - 10 | L |
| JUMPER | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| MR. MAGORIUMS... | kl. 4 - 6 | L |
| BÝFLUGUMYNDIN M/- ÍSL TAL | kl. 3:30 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| STEP UP 2 | kl. 8 - 10:10 | 7 |
| JUMPER | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 5:50 | 7 |
| MR. MAGORIUMS... | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| STEP UP 2 | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |
| MR. MAGORIUMS | kl. 6 | L |
| P.S. I LOVE YOU | kl. 8 | L |
| UNTRACEBLE | kl. 10:30 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| STEP UP 2 | kl. 5:30 - 8 - 10:10 | 7 |
| ÁSTRÍKUR M/ÍSL TALI | kl. 5:30 | L |
| RAMBO | kl. 8 | 16 |
| NO COUNTRY FOR... | kl. 10 | 16 |


US Dollar Index
Ef netið er niðri er allt í rúst
– öruggt NET Samband
Með NET Sambandi Símans er fyrirtækið í áreiðanlegum tengslum við umheiminn. NET Samband er með kerfisvöktun allan sólarhringinn, uppitími netsins er 99,999% og uppfærslur eru gerðar að næturlagi til að auka öryggi og þægindi.
Hringdu í 800 4000 og fáðu aðstoð ráðgjafa við val á NET Sambandi sem hentar þínu fyrirtæki.
800 4000 • siminn.is
Það er Síminn
Sími
Netið
Sjónvarp

## > Jón Arnór góður í sigurleik

Körfuboltamaðurinn Jón Arnór Stefánsson átti góðan leik í 75-67 sigri Lottomatica Roma á Unicaja Malaga í Euroleague í gærkvöldi. Jón Arnór kom inn af bekknum og skoraði 10 stig á 21 mínútu og spilaði góða vörn á fyrrum félaga sinn hjá Dallas, Jiri Welsch. Þetta var fyrsti sigur Rómarliðsins í 16 liða úrslitunum en þar er spilað í fjögurra liða riðlum. Jón Arnór missti af fyrsta leiknum vegna meiðsla en hann tapaðist 71-72 fyrir CSKA Moskvu. Fjórða og síðasta liðið í riðlinum er síðan Barcelona sem Jón Arnór og félagar mæta næst.



# sport

sport@frettabladid.is

**N1-DEILD KVENNA Í HANDBOLTA:** ÚRVALSLIÐ UMFERÐA 10-18 VAR TILKYNNT Á HÓTEL LOFTLEIÐUM Í GÆR

# *Einar og Pavla úr Fram voru aftur valin best*

Úrvalslið N1-deildar kvenna í handbolta fyrir umferðir 10-18 var tilkynnt á Hótel Loftleiðum í gær, auk þess sem sérstök verðlaun voru afhent fyrir besta leikmann, besta þjálfara og bestu umgjörð umferðanna. Úrvalsliðið var þannig skipað að Florentina Stanciu úr Stjörnunni er í markinu, Pavla Nevarilova úr Fram á línunni, Ásta Birna Gunnarsdóttir úr Fram í vinstra horninu, Ramune Pekarskyte úr Haukum í vinstri skyttunni, Eva Barna úr Val á miðjunni, Rut Arnfjörð Jónsdóttir úr HK í hægri skyttunni og Sólveig Lára Kjærnested úr Stjörnunni í hægra horninu. Þrír af þeim leikmönnum sem voru valdir í úrvalslið umferða 10-18 voru einnig í liðinu fyrir umferðir 1-9 en það eru Florentina Stanciu, Eva Barna og Pavla Nevarilova. Valur hlaut verðlaunin fyrir bestu umgjörð en Pavla var svo valin besti leikmaðurinn og þjálfari hennar hjá Fram, Einar Jónsson, var valinn besti þjálfarinn en þau hlutu einnig verðlaunin fyrir umferðir 1-9.



„Ég er mjög ánægð með þennan heiður sem mér er sýndur. Það hefur gengið vel hjá Fram-liðinu og persónulega hef ég verið að spila mitt besta tímabil til þessa. Tímabilið er samt ekki búið og það eru margir erfiðir leikir fram undan,“ sagði Pavla ánægð og Einar tekur undir með henni. „Það má kannski segja að núna séu þrjú lið sem muni berjast um þetta. Það eru Fram, Stjarnan og Valur og innbyrðisleikir þessara liða munu vega þungt þegar upp er staðið,“ sagði Einar, sem er afar sáttur með framgöngu Framstúlkna í vetur. „Okkur hefur gengið betur í annari umferð en þeirri fyrstu, mér finnst liðið í heild sinni vera að spila betur og það er ákveðinn stígandi í þessu,“ sagði Einar, sem er sáttur með N1-deildina í ár og telur að hún eigi jafnvel eftir að vera enn betri á næsta ári. „Bilið milli liða er að minnka og eitthvað um óvænt úrslit inni á milli í vetur. Það er líka mikið af ungum og efnilegum stelpum að koma upp og ég held að lið eins og HK og Fylkir eigi eftir að blanda sér í topphelminginn á næsta ári,“ sagði Einar að lokum.

## ÚRSLITIN Í GÆR

### *N1-deild karla í handbolta*

**Akureyri-Haukar 27-27 (13-8)**

**Mörk Akureyrar:** Goran Gusic 7/1 (9), Hörður Sigþórsson 5 (7), Jónatan Magnússon 4/3 (6), Ásbjörn Friðriksson 4 (11), Magnús Stefánsson 2 (5), Einar Logi Friðjónsson 2 (7), Oddur Grétarsson 1 (1), Þorvaldur Þorvaldsson 1 (1), Heiðar Þór Aðalsteinsson 1 (1), Hákon Stefánsson (2).
**Varin skot:** Sveinbjörn Pétursson 22 (47) 47%, Arnór Sveinbjörnsson 1 (3) 33%
**Hraðaupphlaup:** 5 (Goran 3, Hörður, Einar Logi)
**Fiskuð víti:** 4 (Ásbjörn 2, Hákon, Goran)
**Utan vallar:** 14 mínútur. **Rauð spjöld:** Magnús Stefánsson (28. mín. - 3x2), Einar Logi (36. mín.)
**Mörk Hauka:** Gunnar Berg Viktorsson 8 (10), Halldór Ingólfsson 7/4 (13), Elías Már Halldórsson 3 (5), Andri Stefan 3 (9), Jón Karl Björnsson 2/1 (3), Gísli Jón Þórisson 1 (2), Freyr Brynjarsson 1 (3), Kári Kristján Kristjánsson 1 (4), Sigurbergur Sveinsson 1 (5).
**Varin skot:** Magnús Sigmundsson 6 (13) 46%, Gísli Guðmundsson 10 (30) 33%
**Fiskuð víti:** 5 (Kári 3, Halldór, Andri)
**Utan vallar:** 8 mínútur

**Stjarnan-Fram 29-29 (15-14)**

**Mörk Stjörnunnar (skot):** Björgvin Hólmgeirsson 8 (13), Heimir Örn Árnason 5 (8/1), Vilhjálmur Halldórsson 4/3 (7/4), Björn Friðriksson 3 (5), Kristján S. Kristjánsso 3 (5), Ólafur Víðir Ólafsson 2 (6), Ragnar Már Helgason 2 (7), Hermann Ragnar Björnss. 1 (2), Patrekur Jóhanness. 1 (3).
**Varin skot:** Hlynur Morthens 19 (48/1), 40%.
**Hraðaupphlaupsmörk:** 8 (Kristján 3, Ragnar 2, Heimir Örn, Patrekur, Björn).
**Fiskuð víti:** 5 (Björgvin 2, Ragnar, Björn, Ólafur).
**Utan vallar:** 14 mínútur.
**Mörk Fram (skot):** Rúnar Kárason 7 (15), Andri Berg Haraldsson 5/1 (9/1), Stefán Baldvin Stefánsson 4 (5), Einar Ingi Hrafnsson 4 (6), Jón Björgvin Pétursson 3 (5), Jóhann Gunnar Einarsson 3 (10), Haraldur Þorvarðarson 2 (2), Brjánn Guðni Bjarnason 1 (1).
**Varin skot:** Björgvin Páll Gústavss. 24/1 (52/3), 46%, Magnús Gunnar Erlendss. 1/1 (1/2), 50%.
**Hraðaupphlaupsmörk:** 4 (Stefán 2, Jón, Haraldur).
**Fiskuð víti:** 1 (Brjánn).
**Utan vallar:** 6 mínútur.

### *N1-deild kvenna í handbolta*

**Stjarnan-Fram 27-20 (11-8)**

**Mörk Stjörnunnar (skot):** Rakel Dögg Bragadóttir 7 (8), Alina Petrache 5 (12), Sólveig Lára Kjærnested 3 (3), Birgit Engl 3 (9), Arna Gunnarsdóttir 3/3 (3/3), Elísabet Gunnarsdóttir 2 (2), Harpa Sif Eyjólfsdóttir 2 (3), Þorgerður Atladóttir 1 (4), Florentina Stanciu 1 (1).
**Varin skot:** Florentina Stanciu 18/2 (33/4) 55%, Helga Vala Jónsdóttir 3 (8) 38 %.
**Hraðaupphlaup:** 3 (Birgit, Alina, Sólveig).
**Fiskuð víti:** 3 (Elísabet, Birgit, Ásta Björk).
**Utan vallar:** 6 mínútur
**Mörk Fram (skot):** Ásta Birna Gunnarsdóttir 6/2 (8/2), Stella Sigurðardóttir 4 (10/1), Þórey Rósa Stefánsdóttir 3 (6), Anett Köbli 3 (12/1), Pavla Nevarilova 2 (2), Karen Knútsdóttir 1 (2), Sara Sigurðardóttir 1 (5).
**Varin skot:** Kristina Matuzeviciute 11 (34/3) 33 %, Karen Einarsdóttir 1 (5) 20 %.
**Hraðaupphlaup:** 5 (Þórey 2, Ásta 2, Stella).
**Fiskuð víti:** 4 (Þórey 2, Sigurbjörg, Pavla.).
**Utan vallar:** 4 mínútur.

**HK-Valur 27-32**

Natalia Cieplowska 7, Auður Jónsdóttir 7 Rut Jónsdóttir 6 - Dagný Skúladóttir 7, Eva Barna 4, Katrín Andrésdóttir 4, Íris Ásta Pétursdóttir 4, Ágústa Edda Björnsdóttir 4.

**Fylkir-Grótta 17-23**

### *UEFA-bikarinn í fótbolta:*

Atlético-**Bolton** 0-0 (0-1)
Helsingborg-**PSV Eindhoven** 1-2 (1-4)
Ólafur Ingi Skúlason lék allan leikinn.
**Hamburg**-Zürich 0-0 (3-1)
Kristinn Jakobsson dæmdi leikinn og lyfti gula spjaldinu fjórum sinnum.
**Tottenham**-Slavia Prag 1-1 (3-2)
1-0 Jamie O'Hara (7.), 1-1 Matej Krajcik (51.).
**Everton**-Brann 6-1 (8-1)
1-0 Yakubu (35.), 2-0 Andy Johnson (41.), 3-0 Yakubu (54.), 3-1 Petter Moen (60.), 4-1 Mikel Arteta (70.), 5-1 Yakubu (72.), 6-1 Johnson (90.)
Kristján Sigurðsson lék allan leikinn og Ólafur Örn Bjarnason fyrstu 65 mínúturnar.

# Dramatíkin mikil í Mýrinni

**Stjarnan og Fram gerðu 29-29 jafntefli í æsispennandi leik í Mýrinni í gærkvöldi. Jóhann Gunnar Einarsson jafnaði fyrir Fram á lokasekúndunum.**

**HANDBOLTI** Stjarnan og Fram skildu jöfn, 29-29, í N1-deild karla í Mýrinni í gærkvöld.

Það voru gestirnir í Fram sem leiddu framan af fyrri hálfleik. Sóknarleikur liðsins gekk eins og vel smurð vél með stórskyttuna Rúnar Kárason í fínu formi og Björgvin Páll Gústavsson var að sama skapi öflugur í markinu. Fram komst mest í fimm marka mun í fyrri hálfleik í stöðunni 4-9 þegar um stundarfjórðungur var liðinn af leiknum en heimamenn í Stjörnunni náðu sér þá engan veginn á flug og sóknarleikur liðsins var tilviljunarkenndur. Stjarnan var hins vegar ekki á því að gefast upp og náði með mikilli baráttu í vörninni og fínni markvörslu frá Hlyni Morthens að komast aftur inn í leikinn og taka forystu, 14-13, í lok fyrri hálfleiks. Góður varnarleikur Stjörnunnar á þeim kafla leiksins gerði liðinu kleift að keyra hraðaupphlaup og skora þannig auðveldari mörk. Liðin skoruðu svo sitt markið hvort og staðan var 15-14 í hálfleik.

Seinni hálfleikur var jafn og æsispennandi. Stjarnan byrjaði betur, en Fram jafnaði leikinn fljótlega 19-19 og eftir það skiptust liðin á að skora þangað til Stjarnan náði að skora tvö mörk í röð og breyta stöðunni í 27-25. Framarar svöruðu með tveimur mörkum í röð og jöfnuðu leikinn 27-27 og fimm mínútur eftir af leiknum.

Það ætlaði allt um koll að keyra á lokamínútunum. Stjarnan fékk kjörið tækifæri til þess að taka forystu tveimur fleiri eftir að tveir leikmenn Fram höfðu fengið brottvísanir en Björgvin Páll, sem var frábær í markinu, varði úr opnu færi. Næsta mark leiksins kom ekki fyrr en rúm mínúta lifði leiks þegar línumaðurinn Einar Ingi Hrafnsson kom Fram yfir 28-27. Vilhjálmur Halldórsson jafnaði leikinn og Fram missti svo boltann og Ragnar Már Helgason kom Stjörnunni yfir 29-28 með marki úr hraðaupphlaupi. Framarar voru ekki af baki dottnir og Jóhann Gunnar Einarsson skoraði síðasta mark leiksins og jafnaði leikinn að nýju þegar nokkrar sekúndur voru eftir og þar við sat.



**HINGAÐ OG EKKI LENGRA** Stjörnumaðurinn Ólafur Víðir Ólafsson kemst lítið áleiðs gegn vörn Fram. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ferenc Antal Buday, þjálfari Fram, var sæmilega ánægður í leikslok. „Mér fannst Björgvin vera frábær í markinu en mér fannst við ekki ekki vera að spila nógu vel í sókninni í síðari hálfleik. Við komum í leikinn til að vinna hann en gerðum allt of mikið af tæknilegum mistökum til þess að það gæti gengið eftir. Það er þó enn nóg eftir af mótinu og við verðum bara að halda áfram að þróa okkar leik,“ sagði Buday.

Kristján Halldórsson, þjálfari Stjörnunnar, kvað jafntefli ef til vill sanngjörn úrslit. „Við vorum bæði heppnir og óheppnir en við verðum að fara að taka fleiri stig á heimavelli. Það er ekki alltaf hægt að segja að það sé mikið eftir af mótinu þegar við náum ekki að klára þessa leiki,“ sagði Kristján.

omar@frettabladid.is





**TAPAÐ STIG** Rúnar Sigtryggsson, þjálfari Akureyrar. PEDROMYNDIR/ÞÓRIR TRYGGVASON

Óheppnir Akureyringar:

## Haukar stálu stigi í lokin

**HANDBOLTI** Topplið Hauka var heppið að ná 27-27 jafntefli gegn Akureyri í gær. Akureyringar spiluðu frábæra vörn í fyrri hálfleik og með Sveinbjörn í stuði fyrir aftan náðu þeir mest sex marka forystu, 10-4. Þeir leiddu 13-8 í hálfleik.

Akureyringar voru skrefi á undan í sveiflukenndum síðari hálfleik og leiddu með fimm mörkum þegar ellefu mínútur lifðu leiks. Haukar jöfnuðu og komust yfir á rúmum fimm mínútum, en Akureyri leiddi 27-25 þegar tvær mínútur voru eftir. Haukar náðu að jafna og þar við sat. „Ég ætla ekki að fara í leikbann fyrir að tjá mig um dómarana,“ sagði Rúnar Sigtryggsson, þjálfari Akureyrar. „Það er ekki spurning að við áttum skilið að vinna. Strákarnir eiga hrós skilið, með allt á móti þeim. Ef þetta er það sem koma skal hef ég engar áhyggjur.“

Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka, kvaðst sáttur með stigið en hann fann að viðræður hans við HSÍ um landsliðsþjálfarastarfið höfðu áhrif á félagið. „Þess vegna sagði ég nei,“ sagði Aron, en viðræðurnar trufluðu þó ekki undirbúninginn fyrir leikinn.

- hþh

Stjarnan vann gríðarlega mikilvægan sigur á Fram í uppgjöri toppliðanna í N1-deild kvenna:

# Stórleikur Rakelar hélt lífi í Íslandsmótinu

**HANDBOLTI** Fram hefði með sigri á Stjörnunni í gær lagt aðra hendi á Íslandsbikarinn en núverandi meistarar úr Garðabæ ætla ekki að gefa frá sér titilinn baráttulaust. Eftir fjörugan leik vann Stjarnan góðan sjö marka sigur, 27-20, þar sem Rakel Dögg Bragadóttir fór á kostum í liði Stjörnunnar. Þetta var fyrsta tap Framstúlkna í vetur og Stjarnan er nú aðeins tveim stigum á eftir Safamýrarliðinu.

Framstúlkur byrjuðu með krafti í gær, komust í 1-6 og virtust ætla að keyra yfir Stjörnustúlkur. Þá kom Rakel Dögg inn af bekknum og leikur Stjörnuliðsins umturnaðist við innkomu hennar. Þær söxuðu jafnt og þétt á forskot Framara og náðu þriggja marka forskoti fyrir hlé, 11-8.

Stjörnustúlkur létu kné fylgja kviði í síðari hálfleik, voru miklu grimmari og spiluðu fantavörn á meðan ekki stóð steinn yfir steini í leik Framstúlkna. Rakel lék við hvurn sinn fingur og Stanciu varði eins og berserkur í Stjörnumarkinu. Framstúlkur áttu engin svör og við þeim blasir gríðarlega hörð barátta um titilinn.



**TAKK FYRIR RAKEL** Harpa Sif Eyjólfsdóttir fagnar hér Rakel Dögg eftir stórleik þeirrar síðarnefndu í Mýrinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Ef við hefðum klúðrað þessum leik værum við nánast búnar að afhenda þeim bikarinn. Þetta var frábær leikur hjá okkur og við vorum gríðarlega baráttuglaðar. Nú er allt önnur staða uppi,“ sagði Rakel Dögg brosmild í leikslok. „Ég var að finna mig ágætlega og þá sérstaklega í síðari hálfleik. Ég hélt ég væri verri í öxlinni en hún hélt ágætlega í dag.“

Einar Jónsson, þjálfari Fram, var þungstígur í leikslok eftir fyrsta tap síns liðs í deildinni. „Við vorum arfaslakar í dag. Ég veit ekki hvað var að en við gerðum allt vitlaust, sama hvar ber niður. Þetta verður barátta áfram og mótið er langt frá því að vera búið,“ sagði Einar.

- hbg



**ÞJÁLFARAEFNI** Ryan Giggs hyggst leggja fyrir sig þjálfun þegar hann leggur skóna á hilluna. NORDIC PHOTOS/GETTY

Ryan Giggs, Man. Utd:

# Ætlar að þjálfa í framtíðinni

**FÓTBOLTI** Hinn 34 ára gamli Ryan Giggs, leikmaður Manchester United, hefur hug á að fara út í þjálfun eftir knattspyrnuferilinn en það fullyrðir Osian Roberts, tæknilegur ráðgjafi velska knattspyrnusambandsins.

„Ryan hefur komið að máli við okkur og hyggst hann taka UEFA-A leyfi til þjálfunar hjá velska knattspyrnusambandinu næsta sumar. Það eru auðvitað frábærar fréttir fyrir okkur og fótboltaheiminn að leikmaður á borð við hann ætli sér að halda áfram í fótboltanum,“ sagði Roberts.

Giggs virðist hins vegar vera langt frá því að hafa sagt sitt síðasta inni á vellinum; hann er enn mikilvægur hlekkur í liði Englandsmeistara United og lék sinn 100. leik í Meistaradeild Evrópu í fyrrakvöld.

Margir fyrrverandi leikmanna United, undir stjórn Sir Alex Ferguson, hafa sest í stól knattspyrnustjóra; menn á borð við Gordon Strachan, Steve Bruce, Paul Ince, Bryan Robson, Roy Keane og Mark Hughes. - óþ

Gascoigne í vandræðum:

# Var handtekinn vegna óláta

**FÓTBOLTI** Paul Gascoigne, betur þekktur sem Gazza, fyrrverandi atvinnumaður í knattspyrnu, var handtekinn eftir að hafa orðið valdur að ólátum á Hilton Hóteli í Newcastle á Englandi í fyrrakvöld. Gazza var í fyrstu færður í gæsluvarðhald vegna brots á lögum sem falla undir geðræna hegðun og var hann síðar í aðhlynningu á sjúkrahúsi.

„Umræddur gestur sýndi ekki mótspyrnu þegar lögreglan fylgid honum út af hótelinu og við erum í fullri samvinnu við lögregluna í málinu,“ sagði í yfirlýsingu frá viðkomandi hóteli í gær.

Gazza hefur í gegnum tíðina átt í erfiðleikum með áfengisnotkun sína; var árið 2005 lagður inn á sjúkrahús eftir að hafa drukkið ótæpilega og sama var uppi á teningnum á fertugsafmæli kappans. Gazza hafði hins vegar óumdeilda hæfileika og einstakt keppnisskap þegar hann var upp á sitt besta. - óþ

N1
N1 DEILDIN
Föstudagur 22. febrúar
N1 Deild karla
Digranes kl. 19.15
HK - Valur
N1 deild kvenna
KA heimilið kl. 19.00
Akureyri - FH

Aron Kristjánsson hafnaði HSÍ og framkvæmdastjórinn floginn til Þýskalands að ráðfæra sig við Alfreð:

# Alfreð í björgunarleiðangur fyrir HSÍ



**ALFREÐ TIL BJARGAR?** Alfreð Gíslason, fyrrverandi landsliðsþjálfari, mun gegna lykilhlutverki í því að finna hæfan erlendan þjálfara fyrir íslenska handboltalandsliðið. Hann sést hér með Einari Þorvarðarsyni, framkvæmdastjóra HSÍ, sem er farinn út til Kölnar þar sem hann fer yfir stöðuna með Alfreð. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**HANDBOLTI** Aron Kristjánsson hefur hafnað boði HSÍ um að gerast landsliðsþjálfari í handknattleik. Hann er fjórði þjálfarinn sem segir nei við HSÍ en áður höfðu Magnus Andersson, Dagur Sigurðsson og Geir Sveinsson gefið sama svar og Aron.

HSÍ er þar með komið aftur á byrjunarreit í leitinni endalausu að arftaka Alfreðs Gíslasonar. Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, fór utan til Þýskalands í gær til þess að hitta Alfreð Gíslason, meðal annars vegna landsliðsmálanna. Alfreð hefur verið HSÍ innan handar upp á síðkastið og nú hefur verið kallað á hann til að koma af fullum krafti í björgunarleiðangur.

Alfreð þekkir betur til en margir aðrir í handboltaheiminum og er ákaflega vel tengdur. Hann hefur stungið upp á einhverjum nöfnum sem hann telur vert að skoða og mun nú hjálpa Einari í viðræðum við líklega kandídata. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst er enginn ákveðinn þjálfari í sigtinu sem stendur og ætlar HSÍ að heyra hljóðið í nokkrum og vega síðan og meta þá möguleika sem þeir standa frammi fyrir. Annar möguleiki sem einnig hefur ekki verið útilokaður er að ræða við Guðmund Guðmundsson, fyrrverandi landsliðsþjálfara.

Aron segir að það hafi verið mjög erfitt að segja nei við HSÍ en hann hafi hreinlega ekki getað hlaupið á brott frá skuldbindingum sínum við Hauka.

„Ég hafði mikinn áhuga á starfinu. Það lá samt fyrir að ég gat ekki sinnt báðum störfum og get ekki hlaupið frá hálfkláruðu verki hér hjá Haukunum. Ég er vel til í að þjálfa landsliðið en tímasetningin hentar mér því miður engan veginn. Svo á ég líka von á mínu þriðja barni í lok júlí og ef við værum að fara á ólympíuleika þá myndi ég missa af því líka,“ sagði Aron í gær. - hbg



* Fjármögnunarleiga m.v. 60 mán. lán í erlendri myntkörfu (50% chf og 50% jpy) með 20% útborgun, með og án/vsk.

www.renault.is
ATVINNUBÍLAR
FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

www.atvinnubilar.is
RENAULT, LEIÐANDI MERKI Í ATVINNUBÍLUM Í EVRÓPU! Við þróun atvinnubíla hefur Renault að leiðarljósi notagildi, þægindi, sparneytni og öryggi. Notagildi, svo að atvinnubílllinn þinn nýtist við fjölbreytt verkefni dagsins; þægindi vegna þess að atvinnubílllinn er einnig vinnustaðurinn inn stóran hluta úr degi; sparneytni svo að atvinnubílllinn þinn sé hagkvæm rekstrareining og öryggi, vegna þess að þú verður að geta treyst þessu mikilvæga atvinnutæki þínu. Jafnframt getur skipt miklu máli hvaða þjónusta fylgir atvinnubílnum þínum. B&L atvinnubílar eru einn stærsti sölu- og þjónustuaðili atvinnubíla á Íslandi, meðal annars vegna þess að við leggjum metnað okkar í að veita viðskiptavinum okkar trausta þjónustu.
B&L ATVINNUBÍLAR
GRJÓTHÁLSI 1 - SÍMI 575 1200 - RÁÐGJAFASÍMI 575 1224/25 - WWW.BL.IS
RENAULT

## > Robert Downey Jr.

„Mér hefur alltaf liðið eins og ég sé mjög útundan í þessum bransa, ég held að það sé vegna þess að ég er svo geðveikur,“ sagði Robert Downey Jr. í viðtali við bandarískt tímarit. Hann leikur í kvikmyndinni Kiss Kiss Bang Bang sem er sýnd í kvöld kl. 22.30 á Stöð 2.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON ER PLEBBAKÓNGURINN

# *Kenny Rogers er heiðursfélagi númer 1*

Íslenskur aðalsmaður lýsti því yfir að það væri plebbalegt að spila póker. Þegar þessi mæti maður mælir af sínum viskubrunni er hollara að hlusta. Enda fær hann einu sinni í viku rithöfunda og bókmenntaspekinga til að skeggræða um ágæti þess að glugga í bók. Og svo þegar þjóðin hefur hlustað á messuna á sunnudagsmorgnum birtist þessi heiðursmaður á skjánum og kryfur þjóðfélagsumræðuna til mergjar með aðstoða æðstu ráðamanna þjóðarinnar.

Þessi ummæli krullótta mannsins komu eins og köld vatnsgusa framan í húsbóndann í vesturbænum. Sem hefur hingað til hefur talið sig vera víðsfjarri hvers kyns plebbisma og útnárum þess menningarafkima. Í það minnsta reynir hann á hverju miðvikudagskvöldi að horfa á bókmenntaþáttinn og fer síðan á fætur við fyrsta hanagal og rennir í gegnum dagblöðin þannig að hann sé í stakkbúinn til að geta rifist við sjónvarpið um málefni landsbyggðarinnar, REI-málið og stöðu Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn.



**YFIRMAÐUR PLEBBANNA** Kenny Rogers söng um The Gambler og er vafalítið heiðursfélagi plebbafélagsins sem spilar og horfir á póker.

En fyrst hin ljóshærða stjarna hefur úrskurðað að póker sé plebbalegur verður húsbóndinn að horfast í augu við þá grátlegu staðreynd að hann tilheyrir hirð plebbakónga. Því ekki er nóg með að hjartað taki kipp þegar spilin eru stokkuð, spilapeningunum skipt og loks gefið heldur verður hann að viðurkenna að hann horfir á póker í sjónvarpi. Og þykir það í ofanálag ótrúlega skemmtilegt. Enda sönglar hann alltaf lag Kenny Rogers, The Gambler, innra með sér þegar einhver tapar og gengur súr frá borði: „You got to know when to hold'em, know when to fold'em. Know when to walk away and know when to run. You never count your money when you're sittin' at the table. There'll be time enough for countin' when the dealin's done.“

## EKKI MISSA AF



▶ **20.00** The Holiday STÖÐ2BÍÓ



▶ **20.00** Logi í beinni STÖÐ2



▶ **20.00** The Bullrun SKJÁREINN



▶ **20.10** Gettu Betur SJÓNVARPIÐ



▶ **21.15** Hollywood Uncensored SIRKUS

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Spæjarar**
**17.55 Bangsímon, Tumi og ég**
**18.20 Þessir grallaraspóar**
**18.25 07/08 bíó leikhús** e.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**

▶**20.10 Gettu betur** Í þessum þætti keppa lið Menntaskólans í Kópavogi og Borgarholtsskóla í beinni útsendingu úr Vetrargarðinum í Smáralind. Spyrill er Sigmar Guðmundsson, spurningahöfundur og dómari er Páll Ásgeir Ásgeirsson og um dagskrárgerð sér Andrés Indriðason.

**21.15 Polly kemur heim** Bandarísk söngvamynd frá 1990 byggð á sögunni um Pollýönnu. Sagan gerist um 1950 og segir frá munaðarlausri stúlku sem reynir að beita glaðlyndi sínu til að sameina íbúa í litlum Suðurríkjabæ. Leikstjóri er Debbie Allen og meðal leikenda eru Keshia Knight Pulliam, Phylicia Rashad, Dorian Harewood og Barbara Montgomery.

**22.50 Terminator 3: Rise of the Machines** Bandarísk hasarmynd frá 2003. Vélarnar eru að taka völdin og drápsljóskan T-X er send til að ryðja hetjunni John Connor úr vegi. Leikstjóri er Jonathan Mostow og meðal leikenda eru Arnold Schwarzenegger, Nick Stahl, Claire Danes og Kristanna Loken. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**00.35 Sólskinsríkið** e.
**02.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 A Cinderella Story**
**08.00 Lackawanna Blues**
**10.00 Land Before Time XII: Day of the Flyers**
**12.00 The Holiday**
**14.15 A Cinderella Story**
**16.00 Lackawanna Blues**
**18.00 Land Before Time XII: Day of the Flyers**

▶**20.00 The Holiday** Rómantísk og jólaleg gamanmynd.

**22.15 Die Hard with a Vengeance**
**00.20 Psycho**
**02.00 Blind Horizon**
**04.00 Die Hard with a Vengeance** (e)

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Stubbarnir, Tommi og Jenni, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar
**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.05 The Bold and the Beautiful**
**09.25 La Fea Más Bella**
**10.10 Sisters** (e)
**11.00 Joey**
**11.25 Örlagadagurinn** (Einar Lee)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Neighbours**
**13.10 Wings of Love**
**13.55 Wings of Love**
**14.45 Bestu Strákarnir** (e)
**15.15 Man´s Work**
**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Galdrastelpurnar, Batman, Smá skrítnir foreldrar, Sylvester og Tweety Leyfð öllum aldurshópum.
**17.28 The Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours**
**18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.50 Ísland í dag og íþróttir**
**19.35 The Simpsons**

▶**20.00 Logi í beinni** Nýr spjallþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar. Þátturinn verður laufléttur, með frjálsu sniði og það eina sem lagt er upp með er að hann verði skemmtilegur; bjóða uppá skemmtilega viðmælendur, skemmtilega tónlist og skemmtilegar uppákomur. Þátturinn verður sendur út beint, með áhorfendum í sal.

**20.45 Bandið hans Bubba** (4:12) Rokkóngurinn leggur allt undir í leit að sannri rokkstjörnu framtíðarinnar, einhverjum sem syngur á íslensku, fyrir íslenska rokkþjóð.

**22.30 Kiss Kiss Bang Bang** Drepfyndin spennumynd í orðsins fyllstu merkingu, með Robert Downey Jr. og Val Kilmer. Myndin er gerð af eftirsóttasta hasarmyndahandritshöfundi í Hollywood og er kolsvört og léttgeggjuð morðgáta, með hraðri atburðarrás og hárbeittum skotum á glamúrlífið í Hollywood.

**00.10 The Omen**
**02.00 Flightplan**
**03.35 Gladiatress**
**05.00 The Simpsons**
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**
**06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**07.00 UEFA Cup** Everton - Brann Útsending frá leik í Evrópukeppni félagsliða.
**16.55 UEFA Cup** Everton - Brann Útsending frá leik í Evrópukeppni félagsliða.
**18.35 Inside the PGA**
**19.00 Gillette World Sport**
**19.30 Utan vallar** Nýr umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Sýnar skoða hin ýmsu málefni sem efst eru á baugi hverju sinni.
**20.15 Spænski boltinn - Upphitun** Upphitun fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.
**20.40 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**
**21.10 World Supercross GP** Öll flottustu tilþrifin í World Supercross GP og að þessu sinni var keppt á Reliant Stadium í Texas.
**22.00 Heimsmótaröðin í póker**
**22.50 Heimsmótaröðin í póker 2006**
**23.40 World Poker Tour 4**
**01.10 Chicago - Denver NBA körfuboltinn** Beinn útsending frá leikur í NBA-körfuboltanum.

## SÝN2

**17.30 Bolton - Portsmouth** (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Bolton og Portsmouth í ensku úrvalsdeildinni.
**19.10 Arsenal - Blackburn** (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Arsenal og Blackburn í ensku úrvalsdeildinni.
**20.50 Premier League World**
**21.20 Enska úrvalsdeildin - Upphitun** (Leikir helgarinnar) Vikulegur þáttur þar sem hitað er upp fyrir leiki helgarinnar. Viðtöl við leikmenn og þjálfara liðanna sem tekin eru upp samdægurs.
**21.50 PL Classic Matches** (Bestu leikir úrvalsdeildarinnar) Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**22.20 PL Classic Matches**
**22.50 Season Highlights** (Hápunktar leiktíðanna) Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
**23.45 Enska úrvalsdeildin - Upphitun** (Leikir helgarinnar) Vikulegur þáttur þar sem hitað er upp fyrir leiki helgarinnar. Viðtöl við leikmenn og þjálfara liðanna sem tekin eru upp samdægurs.

## SKJÁREINN

**07.30 Game tíví** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**16.25 Vörutorg**
**17.25 Less Than Perfect** (e)
**17.45 Rachael Ray**
**18.30 Game tíví** (e)
**19.00 One Tree Hill** (e)

▶**20.00 The Bullrun** Ný raunveruleikasería þar sem fylgst er með æsispennandi götukappakstri um þver og endilöng Bandaríkin.

**21.00 The Bachelor** Lokaþáttur
**22.35 Law & Order**
**23.25 The Boondocks**
**23.50 Professional Poker Tour** Erfiðasta og skemmtilegasta pókermót í heimi. Á meðal keppenda eru lifandi goðsagnir í pókerheiminum. Keppt er á fimm mótum í flottustu spilavítum heims þar sem allt lagt undir. Í hverju móti er hálf milljón dollara í pottinum.
**01.20 C.S.I. Miami** (e)
**02.10 Da Vinci's Inquest** (e)
**03.00 The Dead Zone** (e)
**03.50 World Cup of Pool 2007** (e)
**04.40 C.S.I. Miami** (e)
**05.25 C.S.I. Miami** (e)
**06.10 Vörutorg**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ2 KL. 20.45

### Bandið hans Bubba



Bubbi Morthens hefur valið tíu keppendur sem honum finnst líklegir til að geta orðið söngvarar í Bandinu hans Bubba. Úrslitakeppnin hefst í kvöld en þá flytur hver keppandi eitt lag fyrir Bubba Morthens og dómarana Björn Jörund og Villa Naglbít. Í hverjum þætti þiggja þeir aðstoð frá einum gestadómara. Þátturinn verður í beinni útsendingu og fellur einn keppandi úr leik hverju sinni, þar til eftir stendur nýr söngvari fyrir Bandið hans Bubba.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### The Bachelor LOKAÞÁTTUR

### Skjár einn kl. 21

Bandarísk raunveruleikasería þar sem myndarlegur piparsveinn leitar að draumadísinni. Þetta er tíunda þáttaröðin og piparsveinninn að þessu sinni er bandarískur hermaður. Hann heitir Andy Baldwin og er mikill sjarmör. Það er komið að stóru stundinni hjá Andy, sem verður að gera upp hug sinn og velja þá stúlku sem hefur heillað hann mest. Hann fer með stúlkurnar til Hawaii þar sem rómantíkin tekur völdin. Hver fær síðustu rósina?



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stjörnukíkir
**15.03** Útvarpssagan: Dauðinn og mörgæsin
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Pollapönk
**20.30** Brot af íslenskri menningarsögu: Komdu og skoðaðu í kistuna mína
**21.10** Flakk
**22.12** Lestur Passíusálma
**22.18** Svörtu sönggyðjurnar
**23.00** Kvöldgestir
**00.00** Fréttir

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**16.00 Hollyoaks** (129:260)
**16.30 Hollyoaks** (130:260)
**17.00 Skífulistinn**
**17.50 Totally Frank**
**18.15 Hollywood Uncensored**
**19.00 Hollyoaks** (129:260) Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester. Serían er ein sú vinsælasta á Englandi þar sem hún hefur verið sýnd óslitið síðan 1995. 2006.
**19.30 Hollyoaks** (130:260)
**20.00 Skífulistinn** Rakel Magnúsdóttir fer yfir vinsælustu lögin á Íslandi í hverri viku.
**20.50 Totally Frank** (21:26) (Hljómsveitarlíf) Totally Frank er spennandi og skemmtileg þáttaröð um fjórar stelpur sem ákveða að setja saman hljómsveit og reyna að slá í gegn. Leiðin á toppinn er ströng og stelpurnar þurfa að standa saman ef þær eiga að standast freistingarnar sem bíða þeirra. 2005.
▶**21.15 Hollywood Uncensored** Hvað gerist á bak við tjöldin í Hollywood?
**22.00 My Name Is Earl**
**22.25 Flight of the Conchords**
**22.55 Numbers**
**23.40 Falcon Beach** Paige, Lane og Erin eru öll í fríi á Falcon Beach. Paige er ung og snobbuð dekurrófa sem vill frekar vera að vinna í fyrirtækinu hjá pabba sínum heldur en að hanga á ströndinni með mömmu sinni en þegar hún hittir Jason, aðaltöffara bæjarins, fara málin að flækjast.
**00.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## ÍNN

**20.00 Mér finnst** Umsjónarkonur eru Ásdís Olsen og Kolfinna Baldvinsdóttir. Katrín Júlíusdóttir og Guðrún Bergmann eru gestir þáttarins ásamt leynigesti.
**21.00 Birkir Jón** Umsjónarmaður er Birkir Jón Jónsson þingmaður Framsóknarflokksins. Hann ræðir um pólitík við gest sinn.
**21.30 Hvernig er heilsan?** Þáttur í umsjá Guðjóns Bergmanns. Guðjón fær til sín gest og spjallar um heilsu og lífsstíl.

## DR 1

**11.00** TV Avisen **11.10** Ærlig talt **11.35** Aftenshowet **12.05** Aftenshowet 2. del **12.30** Grøn glæde **12.50** Rabatten **13.20** Sporløs **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawsons Creek **15.00** Boogie Listen **16.00** Hannah Montana **16.30** Det kongelige spektakel **16.45** Alfons Åberg **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Disney Sjov **19.00** X Factor **20.00** TV Avisen **20.30** X Factor **20.50** Men in Black **22.30** The Mothman - Mørkets budbringer **00.25** Boogie Listen

## NRK 1

**11.00** NRK nyheter **11.10** Saras kjøkken **11.40** Columbo **12.50** Urter: Gingko **13.10** Doc Martin **14.00** Megafon **14.30** Dinosapiens **14.55** Sketsj **15.05** Tom og Jerry **15.15** VM skiflyging 2008 **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Øneredet **17.05** Mamma Mirabelle viser film **17.15** Rorri Racerbil **17.25** Store maskiner **17.30** Miniplanetene **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** Showbiz **19.55** Nytt på nytt **20.25** Grosvold **21.10** Detektimen: Lewis **22.00** Kveldsnytt **22.15** Detektimen: Lewis **23.00** Sju historier om rock **23.50** 30 Rock **00.10** Kulturnytt **00.20** Country jukeboks

## SVT 1

**11.00** Rapport **11.05** Grön glädje **12.05** Min stora dröm **12.35** Melodifestivalen 2008: Deltävling 2 **14.10** Törnfåglarna **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Klass 9A **16.30** Plus **17.00** BoliBompa **17.25** Hårdkokt **17.30** Evas superkoll **17.40** Felix och Fenix **17.50** Djungelpuls **18.00** Bobster **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** På spåret **20.00** Robins **20.30** Alpint: Världscupen **21.30** Vad kvinnor vill ha **23.35** Rapport **23.45** Kulturnyheterna **23.55** Dubbat **00.25** The Cooler




## HVAÐ VAR ÉG AÐ SPÁ?



*„Mér finnst fáránlegt að heyra talað um mislæg gatnamót og sjá stefnulausar stækkanir á gatnakerfinu meðan hagsmunir hjólreiðafólks gleymast algjörlega.“*

Magnús Bergsson, þáverandi formaður Íslenska fjallahjólaklúbbsins, í DV í júní 1994.

„Það hefur bara ekkert breyst. Núna er eins og menn séu byrjaðir að tala um hjólreiðabrautir, en það er í rauninni fullseint, þar sem það er búið að byggja upp svona viðamikið akbrautakerfi. Ég hef ekki ennþá séð neina vitundarvakningu í verki,“ segir Magnús nú.



**LÁRÉTT**
**2.** bátur **6.** frá **8.** dvelja **9.** pili **11.** númer **12.** rusl **14.** veldis **16.** utan **17.** bókstafur **18.** fát **20.** í röð **21.** fullnægja.

**LÓÐRÉTT**
**1.** lengdareining **3.** mun **4.** taka í sinn hóp **5.** samstæða **7.** sviptur veruleikaskyni **10.** mánuður **13.** gerast **15.** skömm **16.** upphrópun **19.** eldsneyti.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** skip, **6.** af, **8.** una, **9.** rím, **11.** nr, **12.** drasl, **14.** ríkis, **16.** út, **17.** emm, **18.** fum, **20.** aá, **21.** fróa.

**LÓÐRÉTT: 1.** yard, **3.** ku, **4.** innlima, **5.** par, **7.** firrtur, **10.** maí, **13.** ske, **15.** smán, **16.** úff, **19.** mó.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Thelma Björk Jónsdóttir.
2. Avram Grant.
3. Hussein.

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# Gael Garcia gerir stuttmynd á Íslandi

Mexíkóski leikarinn Gael Garcia Bernal steig á svið Borgarleikhússins í gær en þá var Kommúnan frumsýnd að viðstöddum fjölda góðra gesta. Eins og kom fram í viðtali við leikarann í Fréttablaðinu sagðist Bernal kunna vel að meta þann nægа tíma sem hann hefði haft hér á landi enda væri enginn að flýta sér í höfuðborginni. Bernal virðist hafa nýtt tímann vel því samkvæmt heimildum Fréttablaðsins undirbýr hann nú gerð stuttmyndar fyrir Sameinuðu þjóðirnar sem á að skarta íslenskum leikurum í aðalhlutverkum.

Stuttmyndin mun að mestu leyti fjalla um menntun og hversu mikilvæg hún sé. Bernal hefur reyndar ekki látið sitt eftir liggja þegar kemur að mannúðarmálum en hann tók meðal annars að sér lestrarkennslu fyrir indíánaættbálk í Mexíkó aðeins fjórtán ára gamall. Bernal ætti jafnframt að hafa nokkuð góð kynni af umbótum og öðru tengdu slíku enda hefur leikarinn tvívegis brugðið sér í líki byltingarforingjans Che Guevera. **- fgg**



**ÖNNUM KAFINN** Bernal hefur ekki bara legið í leti á meðan dvöl hans hér hefur staðið en hann undirbýr gerð stuttmyndar fyrir Sameinuðu þjóðirnar.





**LÍKLEG** Euroband Regínu Óskar og Friðriks Ómars og kraftakarlarnir í Merzedes Club þykja sigurstranglegust.

**ÞORSTEINN ÞORSTEINSSON:** MINNI ÞÁTTTAKA EN BÚIST VAR VIÐ

# Íslendingar eyða milljónum í Eurovisionkosningar

„Þátttakan er mun minni en við bjuggumst við,“ segir Þorsteinn Þorsteinson, markaðsstjóri RÚV. En íslenska þjóðin hefur kosið Eurovision-lög fyrir tæpar átta milljónir íslenskra króna. Þessi upphæð á þó eftir að hækka töluvert þegar Eurovision-framlag Íslendinga verður valið annað kvöld en búist er við um hundrað þúsund atkvæðum. Ekki er hins vegar hægt að kvarta undan áhorfinu því Laugardagslögin mælast með tæplega sextíu prósent áhorf samkvæmt nýlegri könnun Capacent. Fólk virðist því horfa en láta símana í friði.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa um fimm þúsund atkvæði borist að meðaltali í hverri undankeppni fyrir sig en Þorsteinn vildi hins vegar ekki tjá sig um þær tölur. Sextán keppniskvöld hefur þurft til að velja lögin átta sem keppa í Smáralindinni um farseðilinn til Belgrad og ef spár ganga eftir má því fastlega reikna með að þjóðin eyði tæplega tíu milljónum í símakosningunni á laugardaginn. RÚV og Síminn skipta þeirri upphæð jafnt á milli sín; RÚV fær helminginn og Síminn hinn en hvert atkvæði kostar 99 krónur og er enginn kvóti á því hversu margir megi kjósa hverju sinni. Þessar tölur eru mun lægri í samanburði við Idol-keppnir Stöðvar 2 og X-Factor. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins bárust að meðaltali 60-80 þúsund atkvæði í undankeppnunum Idol-keppnanna þriggja en þar var hins vegar yfirleitt kosið um fleiri atriði. Að meðaltali komu síðan 150 þúsund atkvæði þegar krýna átti poppstjörnu Íslands í Smáralindinni.

Að sögn Þórhalls Gunnarssonar, dagskrárstjóra RÚV, verður lokakvöldið allt hið glæsilegasta en hann vildi ekki gefa upp kostnaðinn við það. Hann sagðist ennfremur ekki ætla að tjá sig um kostnaðinn við Laugardagslögin í heild en sagði allt vera samkvæmt kostnaðaráætlun. „Við höfum ekki verið vön að gefa upp kostnað við einstaka þætti og mér ber ekki skylda til þess,“ segir Þórhallur.

Uppselt er á lokakvöldið í Smáralindinni að sögn Þórhalls en talið er að rúmlega fimm hundruð manns hafi greitt 1.800 krónur fyrir sætin, eða sem samsvarar tæpri milljón. Lagahöfundarnir átta fengu allir tíu miða til útdeilingar þannig að tæplega sex hundruð manns verða í Vetrargarðinum þegar framlag Íslendinga til Eurovision verður valið.

**freyrgigja@frettabladid.is**



**LOKAKVÖLD Á KOSTNAÐARÁÆTLUN** Þórhallur Gunnarsson segir að Eurovision-lokakvöldið sé hluti af heildarkostnaði og allt sé á áætlun.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Myndbandið við lag Eurobandsins, This Is My Life, náði 22. sæti yfir vinsælustu myndböndin í Bretlandi á heimasíðunni Youtube. Æstur erlendur aðdáandi lagsins sótti demó-upptöku af myspace-síðu Friðriks Ómars, skeytti saman við hana ljósmyndum af þeim Friðriki og Regínu Ósk og bjó til myndband. Svo vinsælt var það að sjálf Amy Winehouse þurfti að lúta í lægra haldi fyrir Íslendingunum.



Þrátt fyrir að rokkarinn Eiríkur Hauksson taki ekki þátt í Eurovision í ár hefur hann í nógu að snúast því samkvæmt myspace-síðu hans er hann bókaður fram í miðjan ágúst. Í mars spilar hann í nokkrum einkasamkvæmum hér á landi en þegar líða tekur á sumarið bætast við tónlistarhátíðir í Noregi, Svíþjóð og Ungverjalandi. Auk þess kemur hann fram í finnskum sjónvarpsþætti í maí, þannig að eftirspurnin eftir Eiríki hefur vafalítið aldrei verið meiri.



Ekki eru það aðeins unglömbin sem nema ný lönd og standa í útrás. Þannig heyrist nú frá Forlaginu að frábær bók Thors Vilhjálmssonar, Grámosinn glóir, sé komin út á Spáni. Grámosinn glóir heitir nú Arde el musgo gris en hún kemur út í ritröðinni Letras Nórdicas. **- fb/jbg**



# Opna lúxushúðflúrsstofu í Reykjavík

Hjónin Linda Mjöll Þorsteinsdóttir og Össur Hafþórsson opna nýja lúxus-húðflúrsstofu á Frakkastíg á mánudag. Á stofunni, sem heitir Reykjavík Ink, munu eingöngu starfa erlendir listamenn. „Þeir sem hafa komið á tattúráðstefnuna sem við höfum staðið fyrir síðustu tvö ár eru æstir í að koma aftur, og við stefnum á að flytja inn nýja og nýja erlenda flúrara,“ segir Linda, en þriðja tattúhátíðin, undir nafninu Icelandic Tattoo Festival, fer fram í júní í ár. „Við erum bæði mikið áhugafólk um húðflúr og höfum sótt ráðstefnur um allan heim,“ útskýrir Linda, en eins og margan grunar eflaust eru þau bæði skreytt flúrum í bak og fyrir. „Ég er með á bakinu, höndunum, aftan á kálfunum… Maðurinn minn er eiginlega bara blek, þau eru orðin svo mörg að maður er hættur að telja,“ segir hún og hlær við.

Þau Linda og Össur hafa látið flytja inn sérstakan tattústól, þann eina sinnar tegundar á landinu, og leggja áherslu á allan aðbúnað. Á stofunni verður því meðal annars að finna sjónvarp og Playstation-tölvu fyrir viðskiptavini. „Við ætlum að vera svona snobbstofan í tattúinu,“ segir Linda og slær á létta strengi. Það er þó ekki fjarri sannleikanum, því eins og Linda segir eru það ekki lengur bara pönkarar á unglingsaldri sem fá sér húðflúr. „Í dag eru þetta líka konur eins og ég, sem geng um bæinn á hælum með mína Gucci-tösku, og það myndi engan gruna að ég væri með öll þessi húðflúr. Það vantaði svona fínni stofu fyrir þennan markhóp,“ útskýrir hún. Í húsnæðinu verður einnig að finna verslun með föt frá merkinu Ed Hardy, sem Linda flytur inn.

Húðflúrararnir og Íslandsvinirnir Santana og Ms. Deborah opna stofuna á mánudag. Hún er til húsa á Frakkastíg 7. **- sun**



**ÁHUGAFÓLK UM HÚÐFLÚR** Þau Linda og Össur eru mikið áhugafólk um húðflúr og opna nú lúxusstofuna Reykjavík Ink. Með þeim á myndinni er dóttir þeirra, Írena.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Laugardagslögin 2008 eru komin í Hagkaup




**ÖLL 33 LÖGIN**
ÚR LAUGARDAGSLÖGUNUM
Á TVÖFALDRI GEISLAPLÖTU!

**A**

1. Páll Rósinkranz og Gospelkór Reykjavíkur
   Gef mér von
2. Pálmi Gunnarsson og Hrund Ósk Árnadóttir
   Leigubílar
3. Seth Sharp, Berglind Ósk Guðgeirsdóttir og Ína Valgerður Pétursdóttir
   Lullaby To Peace
4. Davíð Þ. Olgeirsson
   In Your Dreams
5. Mercedes Club
   Ho, Ho, Ho, We Say Hey, Hey, Hey
6. Baggalútur
   Hvað var það sem þú sást í honum?
7. Bjartur Guðjónsson
   The Girl In The Golden Dress
8. Eurobandið
   Fullkomið líf
9. Dr. Spock
   Hvar ertu nú?
10. Magni Ásgeirsson og Birgitta Haukdal
    Núna veit ég
11. Ragnheiður Gröndal
    Don't Wake Me Up
12. Haffi Haff
    The Wiggle Wiggle Song

**B**

1. Hafdís Huld Þrastardóttir
   Boys And Perfume
2. **Fabúla og Martin Höybye**
   Game Over
3. Heiða
   Ísinn
4. Edgar Smári
   If I Ever Fall In Love Again
5. Andrea Gylfadóttir
   Vocalise
6. **Tinna Marína Jónsdóttir og Böðvar Rafn Reynisson**
   Á ballið á
7. Áslaug Helga Hálfdánardóttir
   Lífsins leið
8. Þóra Gísladóttir
   The Picture
9. Karl Sigurðsson og Sigríður Thorlacius
   Drepum tímann
10. Seth Sharp
    Johnny
11. Fabúla
    Bigger Shoes
12. **Seth Sharp**
    I Won't Be Home Tonight
13. **Einar Ágúst og Sigurjón Brink**
    Straumurinn
14. **Hafdís Huld Þrastardóttir**
    Á gleymdum stað
15. **Menn ársins**
    If You Were Here
16. **Hara**
    I Wanna Manicure
17. **Ragnheiður Gröndal**
    Skot í myrkri
18. **Andrea Gylfadóttir**
    Flower Of Fire
19. **Þóra Gísladóttir**
    Að eilífu
20. **Ali Mobli, Harold Burr, Hildur Guðný Þórhallsdóttir, Sigurður Þór Óskarsson og Soffía Karlsdóttir**
    Friður á þessari jörð
21. **Hrund Ósk Árnadóttir**
    Í rússíbana

**GOTT VERÐ!**
**KR. 1.999**
**2CD DISKAR**

söngvakeppni sjónvarpsins

VINSÆLUSTU LÖG LANDSINS
Á 2 GEISLAPLÖTUM!

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



visir.is
"...ég sá það á vísi"




**BAKÞANKAR**
Bergsteins Sigurðssonar

## Lömbin þagna

Senn gengur í garð sá árstími þegar fjórtán ára þrautaganga margra foreldra er á enda og börnin ganga í fullorðinna manna tölu. Ungviðinu er smalað í kirkju eins og lömbum til slátrunar, sem er í vissum skilningi viðeigandi líking því úr kirkjunni snúa engin lömb; aðeins spengilegar ær og graðir hrútar. Barndómnum er formlega lokið.

**HINUM** nýfermdu eru aftur á móti veittar höfðinglegar móttökur í samfélag fullorðinna. Strax í kirkjunni er þeim boðið í glas í fyrsta sinn. Þau fá dýrar gjafir á borð við sjónvarp, hljómflutningstæki og einkatölvur, gjafir sem eiga það helst sameiginlegt að ýta undir sjálfstæði hins nýfullorðna og búa hann undir að yfirgefa hreiðrið.

**BESTU** fermingargjafirnar eru þær sem gera ungmennunum kleift að dvelja langdvölum í herbergi sínu án þess að hafa samneyti við annað heimilisfólk. Það sætir í rauninni furðu að næturgögn og örbylgjuofnar séu ekki orðin vinsælar fermingargjafir; ef ekki væri fyrir salernisferðir og matartíma þyrfti hinn fermdi alls ekki að fara út úr herbergi sínu og gæti allt eins verið fluttur að heiman. Nú þarf bara að byrja að rukka hann um leigu og til verður fullveðja og nýtur þjóðfélagsþegn. (Athugið að þetta getur líka haft öfug áhrif; heyrst hefur af sprenglærðum lögfræðingum sem flytja ekki að heiman fyrr en um miðjan fertugsaldur.)

**EN** rétt eins og fæðing hins fullorðna er ljúf og gnægtafull eru dauðateygjur barnsins sárar og auðmýkjandi. Til að minna þá uppkomnu á að það er ekki eftirsóknarvert að vera barn er hinn pínlegi dauðdagi rammaður inn og hengdur upp á stofuvegg. Barndómur minn safnaðist til feðra sinna á sérlega raunalegan hátt. Í dökkbláum buxum, laxableikri skyrtu, dökkgrænum blazer-jakka, með skræpótt bindi, risastór gleraugu, skælt bros og hliðargreiðslu sem gerði hvaða skákmann sem er svalan í samanburði.

**FERMINGIN** getur valdið sálrænum áföllum. Það var til dæmis ekkert gefið að ég kæmist óskaddaður frá minni. Fyrir miskunnsemi og fyrirhyggju foreldra minna á ég hins vegar eldri systur sem fermdist árið 1987 – þegar helför tískunnar var í hámarki – í hvítri buxnadragt með axlapúða og broddaklippt hár. Þeirri mótvægisaðgerð á ég sjálfsagt það að þakka að ég slapp svo til heill. Hver veit hvernig annars hefði getað farið? Kannski sæti ég núna einhvers staðar úti í bæ í grænum blazer-jakka, með skræpótt bindi og hárið stífgreitt til hliðar. Að spila póker og bridds.

**GÓÐAN DAG!**
**Í dag er föstudagurinn 22. febrúar, 53. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.02 | 13.41 | 18.22 |
| Akureyri | 8.53 | 13.26 | 18.01 |

*Heimild: Almanak Háskólans*





JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

**Pension Thaller (Wagrain)**



Pension Thaller stendur rétt hjá skíðalyftu og skíðaskóla. Skíðalyftan liggur upp á skíðasvæðið Sportwelt Amadé með aðgengi að 150 lyftum og 350 km af brekkum og brautum. Aðgangur að sundlaug og heilsulind er á Hotel Alpina.

Verðdæmi: **69.900,-**

**Vikuferð með morgunverði**
Á mann í tvíbýli m.v. brottför 8. mars 2008

**Hotel Aaritz (Selva Val Gardena)**



Hótelið stendur við aðalgötuna í Selva, alveg í miðbænum, gegnt skíðakláfnum Champinoi. Glæsilegt hótel með öllum þægindum. Hótel fyrir fagurkera, sem vilja aðeins það besta.

Verðdæmi: **119.900,-**

**Vikuferð með hálfu fæði**
Á mann í tvíbýli m.v. brottför 8. mars 2008

Austurríki og Ítalía hafa verið vinsælustu áfangastaðir skíðaunnenda undanfarin ár og ekki að ástæðulausu. Madonna di Campiglio er fallegt fjallaþorp á Ítalíu, með þægilegustu brekkurnar og frábæra aðstöðu fyrir snjóbrettafólk. **Selva del Gardena** er einn þekktasti skíðabær Ítalíu og jafnframt eitt besta skíðasvæði í heimi. Salzburger Sportwelt og **Wagrain** í Austurríki eru miðsvæðis á hinu stórkostlega og risastóra skíðasvæði Sportwelt Amadé.

**Innifalið:** Flug, flugvallaskattar, gisting í 7 nætur og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.

**Skemmtu þér á skíðum í vetur!**




ÚRVAL ÚTSÝN ~ LÁGMÚLA 4 ~ 108 REYKJAVÍK ~ SÍMI 585 4000 ~ FAX 585 4065 ~ INFO@UU.IS